# Gjörðabók heilbrigðisnefndar 1905-1928

Aðfnr. 6127


## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Gjörðabók

heilbrigðisnefndar

1905
:
1928

.077.5 - ▾773.075.15

Aðfnr. 6127

Gjörðabók
heilbrigðisnefndarinnar
1. april 1905 – 16. jan. 1928

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjörðabók

Heilbrigðisnefndar

1. apríl 1905 – 16. jan. 1928.

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
6127

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, hinn 31. martsmánaðar kom heilbrigðisnefndin á fund á skrifstofu bæjarfógeta að viðstöddum hinum nýskipaða heilbrigðisfulltrúa hr. A. L. Petersen.

1. Samþykkt að láta gjöra saurkagga til fyrirmyndar samkvæmt 22. gr. samþykktarinnar og sje kagginn 18 þuml. á hæð en 16 þuml. á vídd opið, 14 þuml. við botn, gerður úr hörðum við. Ennfremur annan kagga úr galvaníseruðu járni, 18 þuml. á hæð, 16 þuml. á vídd, jafnvíðan
2. Samþykkt að láta gjöra sorpkistu til fyrirmyndar, samkvæmt 25. gr. samþykktarinnar, stærð hans sje sem hjer segir
: Leyft að láta sorp í sjóinn fyrst um sinn, þar til öðru vísi verður ákveðið.
3. Ákveðið var að saur úr salernum megi ekki láta í safngryfjur á húslóðum og ekki kasta því í sjóinn fyrir kaupstaðarlóðinni, en leyft að flytja það í safngryfjur annarstaðar og ákveðið að fara þess á leit við áburðarfjelagið og eiganda „Bráðræðis" að taka á móti saur úr salernum í gryfjur, frá þeim sem óska þess.
4. Samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að dýralæknir Magnús Einarsson sje skipaður kjötskoðunarmaður.
5. Hjeraðslækni falið að semja uppkast að erindisbrjefi handa heilbrigðisfulltrúa.
6. Jón Þórðarson kaupmaður hafði sótt um undanþágu frá ákvæðum um slátrunarhús samkv. 38. gr. samþykktarinnar. Samþykkt var að veita þessa undanþágu að því er snertir sláturstöð hans á Móakotslóð, en ekki að því er snertir sláturstöð hans við Bankastræti.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Líkri beiðni frá Benidikt kaupmanni Stefánssyni gat nefndin ekki sint.
Fundi slitið.-

Halldór Daníelsson. Magnús Einarsson. G. Björnsson

Ár 1905, 18. dag aprílm. kom heilbrigðisnefndin í fund á skrifstofu bæjarfógeta.

1. Rætt og samþykkt erindisbréf handa heilbrigðisfulltrúa.

2. Samþykkt að gefa út auglýsingu um það, að húseigendur, er ekki búa í húsum sínum, skuli fyrir 20. maí næstkomandi hafa tilkynt heilbrigðisnefndinni, hver koma skuli í þeirra stað sem húsráðandi.

3. Samþykkt að láta gera teikningar af safngryfjum, tveimur stærðum, annari 6×7 fet að ferm., 4 fet á dýpt, hinni 6×5 fet að ferm., 3 fet á dýpt. Heilbrigðisfulltrúanum falið að gera þessar teikningar

4. Jónína Rosinkransdóttir tilkynnir heilbrigðisnefndinni að hún hafi brauð- og mjólkursölu í húsi nr. 54 B. við Laugaveg.

5. Benidikt Stefánsson kaupmaður Laugaveg 12 tilkynnir heilbrigðisnefndinni, að hann ætli að byggja hesthús og safngryfju á lóð sinni. Heilbrigðisfulltrúa falið að líta eftir því að þessi mannvirki verði í samræmi við heilbrigðissamþyktina.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5/7 6. Kaupmaður Ditlef Thomsen sendir Heilbrigðisnefndinni teikningar af slátrunarhúsi, sem hann ætlar að reisa á lóð sinni að norðan verðu við Hafnarstræti. Nefndin finnur ekkert athugavert við þessar teikningar og ákveður að verða herra Thomsen slátrunarleyfi þá er húsið er fullgert.

Fundi slitið. –

Halldór Daníelsson G. Björnsson Magnús Einarsson.

Ár 1915, 23. dag maímánaðar kom heilbrigðisnefnd á fund á skrifstofu bæjarfógeta. Heilbrigðisfulltrúi mætti á fundinum. –

1.) Heilbrigðisfulltrúi skýrir frá því, að Jón kaupm. Eyjólfsson Laugaveg 19 hafi verðað að leggja niður safnagryfju á lóð sinni, sem ekki er gerð samkv. fyrirmælum samþyktarinnar og veldur miklum óþrifnaði, svo að nágrannar hafa kært yfir.

Heilbrigðisnefnd ákvað að skipa Jóni Eyjólfssyni að hreinsa þessa safngryfju sína tafarlaust og fylla hana upp, eða gera hana af nýu samkvæmt fyrir teikningum þeim og fyrirsögnum, sem bæjarstjórn hefir samið. Verkinu skal lokið á 8 dögum frá því að hreinsunina er verður og má ekki nota gryfjuna úr því fyr en hún er bygð upp af nýju.

2.) Skýrt frá, að Pétur Hjaltested Laugaveg 20 C. hafi fjós áfast við íbúð. Honum veitt undanþága samkvæmt 19. gr. samþyktarinnar.

3.) Heilbrigðisfulltrúi skýrir frá því að hann hafi skoðað veganefnd og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skýrt honum frá, hvar nauðsyn væri
í aðgjörðum í stónum og brunnum.

Fundi slitið

Halldór Daníelsson G. Björnsson Magnús Einarsson.

Ár 1905, 14. dag júnímánaðar kom heilbrigðisnefnd á fund heima hjá bæjarfógeta.

1) Lagt fram bréf frá heilbrigðisfulltrúanum, þar sem hann kvartar yfir því, að tilkynningar um húsráðendur hafi sárfáar komið og fer hann fram á að ákvæðum samþyktarinnar þar að lútandi sje breytt í þá átt, að fulltrúinn megi að jafnaði snúa sjer að húseiganda um aðgerðir. Nefndin áleit slíka breytingu óþarfa, þar sem fulltrúinn að sjálfsögðu ávalt getur snúið sjer að húseiganda, ef húsráðandi væri enginn til.

2) Skoðaðar fyrirmyndir að salerniskagga og sorpkistu; Þorsteinn járnsmiður Jónsson tókst á hendur að hafa salerniskaggann til sölu, en Pjetur blikksmiður Jónsson sorpkistuna.

3) Beiðni frá Gunnari kaupmanni Einarssyni um slátrunarleyfi og undanþágu frá ákvæðum samþyktarinnar um slátrunarhús. Heilbrigðisfulltrúa falið að skoða staðinn.

4) Samskonar beiðni frá Jes Zimsen kaupmanni. Heilbrigðisfulltrúa falið að skoða staðinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5) Heilbrigðisfulltrúa falið að rannsaka hvað kosta mundi að gera við bæjarsalernin á stakkstæðunum, og spyrja áburðarfjelagið hvort það vilji taka að sjer hreinsunina og með hvaða kjörum. —

6) Lagt fram tilboð frá áburðarfjelaginu um hreinsun salerna og forja. Nefndin ákvað að leggja til við bæjarstjórn, að hún láti rannsaka hversu margir bæjarbúar muni vilja nota lægsta tilboð fjelagsins, sem er 8 kr. á ári fyrir salernishreinsun (1 sinni á viku) og 3 kr. 50 au. á ári fyrir forjahreinsun (2svar á mánuði).

7) Nefndin leggur til að bæjarstjórn gangi að því tilboði áburðarfjelagsins; þar sem það býðst til að hreinsa bæjarsalernin og sló úr fjörunni frá Fischers-bryggju austur að læk fyrir 50 kr. á ári með því skilyrði að kassar verði lagðir til undir slorið fjelaginu kostnaðarlaust.

Magnús Einarsson ekki á fundi.

Fundi slitið

Halldór Hamelsson G. Björnsson

Ár 1905 19. dag júlímánaðar kom heilbrigðisnefndin á fund heima hjá bæjarfógeta.

1) Lögð fram beiðni frá Kaupm. Siggeir Torfasyni um slátrunarleyfi og undanþágu samkv. 38. gr. samþykktarinnar frá ákvæðum um sláturstaði og kjötsölubúðir um 3 ár frá 1. apríl þ. á. Nefndin sam-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þykkti að veita leyfið, með því að umbúnaður á slátrunarstað beiðandans er vandaðri en tíðkast hefir hjá öðrum og beiðandinn hefir sýnt að undanförnu þrifnað og hreinlæti við rekstur þessarar atvinnu. Þó áskilur nefndin sjer rjett að taka þetta bráðabirgðaleyfi aptur, áður en hinn ákveðni tími er liðinn, ef svo verður raun á, að slátrun á þessum stað valdi óþrifnaði.

Guðmundur Björnsson ekki á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Magnús Einarsson.

Ár 1905, 5 dag septembermánaðar kom heilbrigðisnefndin saman hjá bæjarfógeta.

1/ Lögð fram beiðni frá kaupm. Benedikt Stefánssyni um slátrunarleyfi og undanþágu frá ákvæðum heilbrigðissamþykktarinnar um sláturstaði og kjötsölubúðir, samkv. 38. gr. þ samþykktarinnar, um 3ja ára tíma frá 1. apríl þ. á. — Nefndin samþykkti að veita leyfið, af því að allur umbúnaður virðist ekki lakari hjá honum en Siggeiri kaupm. Torfasyni, sem veitt hefir verið undanþága á fundi 14. júlí þ. á. Þó áskilur nefndin sjer rjett til að taka þetta bráðabirgðaleyfi aptur, áður en hinn ákveðni tími er liðinn, ef svo verður raun á, að slátrunin á þessum stað valdi óþrifnaði.

2/ Lögð fram samskonar beiðni frá kaupm. Ámunda Árnasyni. Undanþágu vildi nefndin veita með því skilyrði að umbúnaður á sláturstað hans yrði ekki lakari en hjá kaupmönnunum Siggeiri Torfasyni og Ben. Stefánssyni og auk þess áskildi nefndin sjer sama rjett til þess að taka leyfið aptur, ef óþrifnaður stafaði af slátruninni.

3/ Gunnar kaupm. Einarsson hefir sent heilbrigðisnefndinni uppdrætti af slátrunarhúsi með kjötsölubúð, sem hann ætlar að reisa á lóð sinni við Norðurstíg. Með því að uppdrættir þessir fullnægja ákvæðum heilbrigðissamþykktarinnar um slátrunarhús og kjötbúðir, Byggja [illegible]

stjórnin veiti honum leyfið.

4/ Heilbrigðisfulltrúinn skýrir nefndinni frá, að menn sjeu mjög víða í vandræðum með afrennsli frá húsum sínum og margir hafi gjört fyrirspurn til sín um, hvernig þeir eigi að koma frá sjer skolpi, en hann geti að jafnaði eigi veitt þeim neina úrlausn, með því að rennur vanti allvíðast með götum og hafi hann orðið að láta sjer nægja að vísa hlutaðeigendum til veganefndar, sem á að sjá um rennugjörð í bænum og sem fulltrúinn hefur skrifað ~~og~~ um þetta mál. Einnig hafi hann skrifað nefndinni um hreinsun á rennum og lagfæring á vatnsbólum, sem nú sjeu mjög í ólagi, en ekki hafi neitt verið gjört enn til umbóta á þessu. Út af þessu lætur heilbrigðisnefndin þess getið, að fyrirmælum samþyktarinnar um afrennsli frá húsum, þrifnað á lóðum og hreinlæti við vatnsból verði ekki fullnægt, nema gjörðar verði gagngjörðar umbætur á rennum og vatnsbólum bæjarins.

Guðmundur Björnsson ekki á fundi

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Magnús Einarsson.

Ár 1905, 11. október kom heilbrigðisnefndin saman hjá bæjarfógeta.

1/ Íshúsfjelaginu veitt undanþága frá ákvæðum heilbrigðissamþyktarinnar um sláturstaði og kjötsölubúðir samkv. 38 gr. samþyktarinnar, um 3ja ára tíma frá 1. apríl þ. á. Leyfi þetta á aðeins við þann stað, ~~þar~~ sem fjelagið slátrar nú, á lóð Konsúl Zimsens við Hafnarstræti 23.

2/ ~~Út af~~ Fyrirspurn frá Guðm. kaupm. Olsen um hvar hann mætti setja safngryfju í erfðafestuland sitt, Hlíðarhúsablett № 2, svaraði nefndin svo, að eigi mætti setja gryfjuna nær neinu íbúðarhúsi við túnið eða á því, heldur en að minnsta kosti í 20 álna fjarlægð.

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundi

Fundi slitið

Halldór Daníelsson. Steingrímur Matthíasson. Magnús Einarsson.

Ár 1906 þ. 20. marz kom heilbrigðisnefndin saman á skrifstofu bæjarfógeta og gjörðist á fundinum sem hjer segir:

1, Formanni var falið að skrifa veganefndinni og krefjast þess, að hún láti tafarlaust ausa upp og hreinsa brunninn hjá Litla-Seli, gjöra við hann sem þarf og sjerstaklega gjöra yfir hann og setja dælu í hann, þannig að fólk geti ekki tekið vatn úr brunninum nema með dælunni. - Ennfremur samþykkt að banna skyldi brunn þennan sem vatnsból þar til aðgerð þessari er lokið. -

2, Var formanni falið að skora á veganefndina að láta þegar aðgæta önnur vatnsból bæjarins og gjöra við þau, þar sem þess þarf með. -

Fundi slitið.

Páll Einarsson
settur. -

Magnús Einarsson. G. Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1906 þ. 7. apríl kom heilbrigðisnefndin saman á skrifstofu bæjarfógeta. Allir nefndarmennirnir mættir og að auki heilbrigðisfulltrúinn. – Tilefnið til fundarins var það, að kært hafði verið yfir því, að allur umbúnaður ~~um~~ frárennslu frá "Hotel Reykjavík" væri ófullnægjandi og í því efni væri ekki fullnægt ~~að~~ fyrirmælum heilbrigðisreglugjörðarinnar. Hafði formaður nefndarinnar tilkynnt heilbrigðisfulltrúanum þetta og beðið hann að rannsaka þetta og gefa skýrslu um hvað ábótavant væri í þessu efni. – Hefur heilbrigðisfulltrúinn gjört þetta og var framlagt brjef hans 4. þ. m., svohljóðandi: # #. –

Eptir að hafa athugað skýrslu þessa ákvað heilbrigðisnefndin sem fylgir:

1° Að veitingamaður Einar Zoëga skuli bera skolp frá húsinu úti í rennuna norðan vert við húsið, – ef það ekki er látið út í sjó – þangað til búið er að gjöra rennu í Vallarstræti með fram húsinu. –

2° að hann skuli tafarlaust rífa niður "pissoir" það, sem nú er, og vilji hann byggja nýtt pissoir skuli hann fá til þess samþykki byggingarnefndar og gjöra það eptir fyrirmælum hennar og heilbrigðisnefndar. En, þangað til hið nýja "pissoir" ~~verður hann~~ er fullgjört verða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann að sjá um, að allt þvag komi í vatnsheld ílát, er sjeu tæmd jafnóðum og daglega og flutt burt niður í sjó.—

3o Að hann skuli tafarlaust flytja salernin og endurbæta þau, svo að þau fullnægi fyrirmælum heilbrigðissamþyktarinnar.—

4o að hann skuli tafarlaust láta gjöra aðra sorpkistu úr málmi, er fullnægi kröfum heilbrigðissamþyktarinnar.—

Hin nýju salerni skulu vera fullgjör innan tveggja mánaða frá þessum degi og málmkistan innan þriggja vikna.—

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið

Páll Einarsson
settur.—

G. Björnsson Magnús Einarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1906 þ. 4. júlí að afliðnu hádegi kom heilbrigðisnefndin saman á skrifstofu bæjarfógeta. Á fundinum var auk formannsins mættur Magnús Einarsson dýralæknir, en Guðmundur Björnsson var ekki mættur og hafði honum þó verið boðaður fundurinn. Heilbrigðisfulltrúinn Knud Zimsen var mættur og

1° leggur hann fram til umsagnar beiðni dags. 26. f. m. frá Vilhjálmi bónda Bjarnarsyni á Rauðará um að mega byggja safngryfju á ofanverðu erfðafestulandi sínu "Högastykki" sunnanvert, gegnt Mýrhúsklúsinum, 40 álnir frá veginum.—

Tilkynnt beiðanda 4/7 K.Z.

Heilbrigðisnefndin er því samþykk, að leyfið verði veitt, en það skilyrði jafnframt sett, að gryfjan verði gjörð samkvæmt reglum heilbrigðissamþykktarinnar um safngryfjur og safngryfjan ekki tekin til notkunar fyr en heilbrigðisfulltrúinn hefur gefið vottorð um, að forsvaranlega sje gengið frá verkinu. Ennfremur að umsækjanda sje skylt að taka safngryfjuna burt ef það sýnir sig, að hún veldur óþef eða óþrifnaði.—

2° Árni Þorleifsson sækir um leyfi til þess að mega taka til íbúðar kjallara á húsi sínu № 43 við Skólavörðustíg.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Heilbrigðisnefndin hefir ekkert við það að athuga, að leyfi þetta verði veitt.

3° Samþykkt að veita mætti heilbrigðisfulltrúa Knud Zimsen leyfi til að búa í steinhúsi hans við Lækjargötu.

Sén.

4° Heilbrigðisnefndin skorar á veganefndina að láta fylla tvær gryfjur í Skólavörðuholti fyrir ofan Njálsgötu. –

5° Heilbrigðisnefndin krefst þess, að eigandi hússins № 5 við Skólavörðustíg (Sigurður Laugavöður) láti þegar í stað hreinsa óþverra þann, er frá húsinu hefur borizt á lóð hússins nr. 8 á Laugavegi, og að hann innan 6 vikna hafi látið gjöra steinlímt lokræsi frá húsinu (Nr. 5 á Skólavörðustíg) niður í rennuna milli № 8 og 10 á Laugavegi. –

6° Heilbrigðisnefndin leyfir sjer að skjóta því til ~~eigan~~ bæjarstjórnarinnar, að eigendum Bárubúðar verði því að eins leyft að setja upp og nota steinolíumotor, að hann ekki valdi óþef og andrúmsspilli í næstu húsum, og götunni. Sjerstaklega óskar nefndin, að það skilyrði verði sett að einpípa motorsins verði svo há, að hún sé[?] ... upp fyrir mæni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bárubúðar. –

~~Fleira var ekki tekið~~

7° Nefndin skorar á veganefndina að láta hreinsa slý og óþverra úr Tjörninni. – Sitk.

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið

Magnús Einarsson. Páll Einarsson
settur

Ár 1906 þ. 7. júlí átti heilbrigðisnefndin fund með sjer. Allir á fundi og einnig heilbrigðis-fulltrúinn. –

Var lögð fram beiðni dags. 3. þ. m. frá Bergi Einarssyni fyrir hönd sútunar-hlutafjelags- um að mega byggja sútunarhús í útnorðurhorni Helgustaðalóðar, en erindi þessu hefur bæjarstjórnin vísað til umsagnar heilbrigðisnefndarinnar. – Heilbrigðis-fulltrúinn hafði skoðað stað þann, þar sem fyrirhugað er að reisa húsið. –

Heilbrigðisnefndin sjer ekkert því til fyrirstöðu að leyfið verði veitt með því skilyrði, að byggt verði lokræsi (kloak) alla leið til sjávar, sem heilbrigðisnefndin telur gilt, og stofnunin byggð undir eptirliti heilbrigðisnefndar og ekki tekin til notkunar fyr en hún gefur leyfi til. –

Fleira gjörðist ekki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki. –

Fundi slitið

Páll Einarsson

G. Björnsson Magnús Einarsson.

Ár 1906, 9. dag októbermánaðar átti heilbrigðisnefndin fund með sjer heima hjá bæjarfógeta. Viðstaddur var heilbrigðisfulltrúinn.

1. Lögð fram beiðni frá Boga Kaupm. Þórðarsyni um undanþágu frá ákvæðum heilbrigðissamþyktarinnar um slátursstaði og kjötsölubúðir samkv. 38. gr. ~~samþyktarinnar~~. Fer hann fram á að mega slátra sauðfje á Traðarkotslóð niður við sjó og hafa kjötsölu í úthúsi á lóðinni Nr 24 við Laugaveg. Nefndin samþykti að veita honum bráðabirgðaleyfi til að slátra sauðfje á steinlögðu svæði á sjávarbakkanum fyrir neðan geymsluhúsin á Traðarkotslóð með því skilyrði, að svæðið sje girt nægilega traustri girðingu, svo þess sje gætt að hundar komist ekki inn á slátursvæðið. Sömuleiðis veitir nefndin honum bráðabirgðaleyfi til að selja sauðakjöt í fyrgreindu úthúsi á lóðinni 24 við Laugaveg ef hann gjörir þær umbætur og lagfæringar á kjötsölubúðinni, sem heilbrigðisfulltrúi álítur nauðsynlegar.

2. Samskonar beiðni frá Tómasi Gunnarssyni gat nefndin ekki sint.

3. Beiðni frá Eggert Briem skrifstofustjóra fyrir hönd lóðareigenda vestan við Tjörnina um að mega grafa brunn undir Tjarnarbrekkunni norðanvert við hús landritara Kl. Jónssonar samþykti nefndin með þeim fyrirvara, að brunnurinn skuli fullnægja öllum kröfum nefndarinnar, ef hvenær sem vatn í honum reynist óheilnæmt til neyzlu, og hvernig sem á stendur sje hann fylltur, þegar grafið verður í Kirkjugarðinum 100 álnir frá honum eða nær

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundi slitið

Halldór Daníelsson  Steingrímur Matthíasson  Magnús Einarsson.

Ár 1906, 17. dag októbermánaðar átti heilbrigðisnefndin fund með sjer á skrifstofu bæjarfógeta. Allir á fundi.
Lögð fram leiðni frá ráðherra Hannesi Hafstein um leyfi til að byggja og brúka rotþró (septic tanc) fyrir norðan hús sitt á Melkotstúni, og leiða vatnið úr henni út í Tjörnina gegnum neðanjarðar pípuræsi, og láta ~~renna~~ safnast í þróna afrennsli frá vatns-salerni (Water closet) í húsi hans. Nefndin vill veita þetta leyfi til reynslu fyrst um sinn eitt ár, ~~og~~ en áskilur sjer ~~[illegible]~~ heimild til að láta fylla þróna og taka fyrir afrennslið í Tjörnina, ef fyrirkomulag þetta reynist óbyggt og veldur ~~óhreinindum og~~ óþrifnaði og óþægindum. Ennfremur áskilur nefndin, að bæði salerni og þró verði útbúið með eftirliti heilbrigðisfulltrúa og tekur verði til greina allar bendingar hans um frágang á verkinu.

Fundi slitið

Halldór Daníelsson  Magnús Einarsson  Steingrímur Matthíasson.

Ár 1906, 26. dag nóvember átti heilbrigðisnefndin fund með sjer heima hjá formanni. Allir á fundi, og heilbrigðisfulltrúinn viðstaddur.

1. Hjeraðslæknirinn skýrði frá að taugaveiki brögð væru að taugaveiki lægi í bænum um þessar mundir, ~~sjer~~ sjerstaklega í Skuggahverfi og Vesturbænum, og kvaðst sig sannfærðan um, að orsakir hennar væru einkum og aðallega illur frágangur, ógirð hreinsun ~~á salernum~~ og vöntun á salernum og áleit hann óumflýjanlegt, að gjörðar væru umbætur á þessu hið bráðasta. Heilbrigðisnefndin er sömu skoðunar og læknirinn um þetta mál og álítur að því verði ekki komið í viðunanlegt horf með öðru móti en bæjarstjórnin taki að sjer hreinsun á salernum bæjarins eins og gjört er [illegible] fyrir [illegible] heilbrigðis-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

samþykktarinnar. Nefndin samþykkti því að leggja þessa tillögu til bæjarstjórnarinnar, að hreinsun á salernum verði svo fljótt sem því verður viðkomið framkvæmd á kostnað bæjarsjóðs gegn endurgjaldi frá húseigendum og geymir nefndin sjer að koma fram með nánari tillögur um tilhögun á hreinsuninni.

2. Samþykkt að leyfa Otta Guðmundssyni skipasmið að setja bakaraofn í kjallara undir íbúðarhúsi hans hinu nýja í Vesturgötu 47 með því skilyrði, að frágangur á ofninum og brandgjörðarhúsinu fullnægi kröfum 40. greinar samþykktarinnar, þriðja málsgrein.

3. Beiðni frá Sigríði Ólafsdóttur um leyfi til að hafa íbúð í kjallara undir húsi hennar nr 58 B við Hverfisgötu gat nefndin ekki samþykkt, með því að veggхæð kjallarans er aðeins 3 álnir og 15 þumlungar.

Fundi slitið.

Steingrímur Matthíasson Magnús Einarsson Halldór Daníelsson

Ár 1906, 18. dag desembermánaðar átti heilbrigðisnefndin fund með sjer heima hjá bæjarfógeta. Allir á fundi.

Hjeraðslæknirinn skýrir frá, að nú gjöri mjög mikil brögð að taugaveiki í bænum, sjerstaklega og því nær eingöngu í Skuggahverfi og hafi hún farið út nú síðustu dagana. Telur hann því nauðsynlegt, að nú þegar verði gjörðar ráðstafanir til að stemma stigu fyrir veikinni með því að ráða bót á óþrifnaði þeim, er veikinni veldur en það telur hann sem fyr ónógar og óreglulegar salernishreinsanir. Heilbrigðisnefndin lítur svo á, að ekki verði komist hjá að leita nú þegar ráða til að bæta að einhverju leyti úr vandkvæðum þessum og hyggur að það geti ekki orðið á annan veg, en að bæjarstjórnin taki málið að sjer og láti salernishreinsanir á hinu tiltekna svæði fara fram með opinberu eftirliti. Nefndin leggur því til, að bæjarstjórnin gjöri hið bráðasta gangskör að því, að láta hreinsa salerni á svæðinu frá Klapparstíg og Lindargötu og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólavörðustígs austur úr svo langt sem komin eru hús og frá Njálsgötu niður að sjó og fela það til framkvæmda á hendur Áburðarfjelagi Reykjavíkur eða öðrum sem treysta má að leysi verkið trygglega af hendi.

Nefndin fól bæjarfógetanum á hendur að ~~auglýsa~~ aðvara almenning með uppfestum auglýsingum um að drekka ósoðið vatn meðan veikin gengur í bænum og brýna fyrir mönnum að vanda sem mest umgengni og hreinlæti á salernum.

Nefndin leggur það ennfremur til við bæjarstjórnina að láta svo fljótt sem unnt er setja pósta í öll þau vatnsból bæjarins, sem nýtileg eru og ekki eru enn komnir póstar í.

Nefndin skorar á heilbrigðisfulltrúann að rannsaka kúahald og mjólkursölu á hinu sýkta svæði og ~~gjöra ráðstafanir~~ láta tafarlaust ráða bót á því, er hann finnur ábótavant í því efni.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Steingrímur Matthíasson Magnús Einarsson

Ár 1907, 4. dag janúarmánaðar átti heilbrigðisnefndin fund með sjer á skrifstofu bæjarfógeta. Allir á fundi.

1. Heilbrigðisfulltrúinn lagði fram skrá yfir salerni á svæðinu frá Vegamótum Laugavegs og Skólavörðustígs austur ~~so svo langt~~ að Rauðarárlæk ~~sem komin eru~~ og frá Njálsgötu niður að sjó. Samkvæmt skýrslunni eru á þessu svæði 540 salerni og við 23 hús vantar salerni algjörlega. Nefndin leggur fyrir eigendur þeirra húsa að koma þegar upp salernum við þau og ekki síðar en á viku til hálfs mánaðar fresti. Jafnframt skyldi lagt fyrir eigendur húsa, þar sem gryfjur eru undir salernum, að leggja gólf í þau og setja í þau saur-kagga. Heilbrigðisfulltrúanum var falið fyrir hönd nefndarinnar, að semja við Áburðarfjelag Reykjavíkur um að það taki að sjer salernahreinsun á greindu svæði svo fljótt sem fjelagið fær því viðkomið gegn allt að 25 aura borgun fyrir hverja hreinsun, og að fjelagið

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hreinsun fram fara einu sinni á viku fyrst um sinn í hverju salerni. Ennfremur ákvað nefndin að láta sótthreinsa salerni við þau hús, er taugaveiki hefur komið eða kemur upp í, í hvert skipti sem salernin eru hreinsuð og var heilbrigðisfulltrúanum einnig falin á hendur framkvæmd í því efni, og skal þessi ráðstöfun einnig ná til húsa annarsstaðar í bænum, þar sem sýkin kemur eða hefur komið upp.

2. Hjeraðslæknirinn skýrði frá að hann hefði látið hætta brauðsölu í húsinu nr. 40 í Vesturgötu, og teldi rjett að stöðva einnig mjólkursölu í húsinu nr. 33 í Vesturgötu með því að taugaveiki hefur komið upp í þessum húsum og sjúklingarnir liggja heima. Nefndin samþykkti þessar ráðstafanir.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Magnús Einarsson.

Steingrímur Matthíasson.

Ár 1907, 10. dag janúarmánaðar átti heilbrigðisnefndin fund með sjer á skrifstofu bæjarfógeta. Allir á fundi.

1. Heilbrigðisfulltrúinn skýrði frá að Alexanderfjelag Reykjavíkur hefði tekið að sjer salernahreinsun í austurhluta bæjarins gegn 20 aura borgun fyrir hverja einstaka hreinsun og að öðru leyti samkvæmt því, sem ~~rætt~~ talað var um á síðasta fundi nefndarinnar. Hann lagði fram samning við fjelagið, sem nefndin yfirfór, samþykkti og undirskrifaði.

2. Í byrjun dags í dag skýrir heilbrigðisfulltrúinn frá, að tekinn hafi verið til íbúðar í byrjun aktóbermánaðar í haust kjallari í íbúðarhúsinu № 2 við Stýrimannastíg, sem er svo gjörður, að vatn kemur í hann frá jarðveginum og hafi 2 1/2 þuml. vatn verið á gólfinu í dag. Auk þess sjeu íbúðarherbergin í kjallaranum, sem eru tvö, eigi hærri en 3 1/2 al. undir lopt. Eigandi húss þessa er Jón Árnason skipstjóri, en leigjandi í kjallaranum Eggert ... verkamaður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með því að kjallarinn verður að teljast óhæfur til íbúðar og fullnægir ekki ákvæðum 23. gr. byggingarsamþykktarinnar um lofthæð íbúðarherbergja, ákvað nefndin að banna íbúð í kjallaraherberginu og gjöra ráðstafanir til að leigjandi flytji þegar úr þeim svo og láta eigandann, sem eigi hefur fengið leyfi nefndarinnar til að leigja íbúð í herberginu, sæta álögum fyrir brot á heilbrigðissamþykktinni.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson   Magnús Einarsson.   Steingrímur Matthíasson

9. September 1907 hjelt nefndin fund. Rætt var:
1. Erindi frá Dr. J. Jónassen um að fá leyfi til að nota W. C. í hinu nýja húsi hans við Pósthússtræti með afrennsli í skólpræsi bæjarins. Nefndin sjer sjer eigi fært að veita leyfi þetta meðan skólpræsin hafa eigi aðra framrás en pípurnar í Hafnarbryggjunni.

Fundi slitið

Halldór Daníelsson   Guðm. Hannesson.

Ár 1907, 7. dag desembermánaðar hjelt heilbrigðisnefndin fund. Allir á fundi.

1. Tekið var til umræðu frumvarp um mjólkursölu og samþykkt þannig orðuð breyting á 39. gr. heilbrigðissamþykktarinnar

Um mjólkursölu.

39. gr.

Öll mjólkursala skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar. Enginn má selja mjólk í stærri eða smærri stíl, nema hann hafi áður tilkynnt það skriflega heilbrigðisnefndinni.

Í nýmjólk skal fita vera minnst 3%, en í undanrennu minnst ½ %.

Bannað getur heilbrigðisnefnd mjólkursölu, ef óþrifalega er farið með mjólkina eða hreinlæti í fjósunum og hirðing kúnna er í svo lökum standi,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að erfitt sje að forðast að mjólkin óhreinkist.

Bannað er að selja mjólk,

1/ sem er óeðlileg á lit, ~~bitur~~ beisk eða söl á bragð, slæm á lykt, slímkend, blóðblandin, strimluð eða yst.

2/ sem er úr veikum kúm, svo að ástæða sje til að ætla, að hún sje óholl neytendunum.

3/ sem blönduð er vatni, ís eða öðrum efnum, hvort heldur þau efni kunna að vera sett í mjólkina til þess hún haldi sjer betur, eða í öðrum tilgangi.

4/ sem er óhrein; óhrein er mjólkin, þegar sýnilegt grugg sest undir hana á tveim klukkustundum

Ekki má flytja, geyma eða selja mjólk í ílátum úr eir, messing eða zinki, nema tinuð sjeu, nje ryðguðum ílátum, nje yfir höfuð þeim ílátum, er áhrif geta haft á mjólkina. Ílátin skulu vera svo opin, að komast megi með hendi ofan í þau til þess að þvo þau innan. Á mjólkurmálum skal vera handfang svo eigi þurfi að snerta mjólkina með höndunum, þegar hún er mæld út. Mjólkurílát má ~~ekki~~ aldrei hafa undir annað en mjólk, og úr mjólkurmálum má aldrei drekka.

Herbergjum þeim, sem mjólk er geymd eða seld í, skal haldið vel hreinum. Þau skulu vera loftgóð og björt. Í mjólkurbúðum má ekki án leyfis heilbrigðisnefndar hafa aðra vöru en brauð, kökur, mjöl, grjón, smjör, smjörlíki og egg. Eigi má hafa þar íbúð eða sofa að nóttunni.

Heilbrigðisnefnd getur bannað mjólkursölu á eða frá heimili, ef næmur sjúkdómur gengur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á heimilinu. Hún getur og bannað, að menn, sem hafa einhvern þann kvilla, er hætta eða viðbjóður stafar af, fari með sölumjólk.

2. Samþykkt var að breyta 14. grein heilbrigðissamþykktarinnar þannig:

14. gr.

Ef skolpræsi er lagt í götu á almennings kostnað, skulu lóðareigendur við götuna skyldir til að gjöra skolpræsi frá húsum sínum út í göturæsið, er eigi sje lakara en það.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson  Guðm. Hannesson.  Magnús Einarsson.

Ár 1908, 14 febrúar átti heilbrigðisnefndin fund með sjer.

Lagt fram brjef stjórnarráðsins dags. 27. f. m. og landlæknisins, dags 14. þ. m. um fyrirmæli bæjarstjórnarinnar um breyting á 14. gr. og viðauka við 39. gr. heilbrigðis~~samþ~~samþykktarinnar. Brjefum þessum hefur bæjarstjórnin vísað til heilbrigðisnefndarinnar til álita. — Nefndin fellst á athugasemdir landlæknis um 14. gr. samþykktarinnar og álítur rjett að greinin sje látin standa óbreytt, en bætt aftan við hana svolátandi málsgrein:

„Sje holræsi lagt í götu, skulu, skulu lóðareigendur beggja megin beggja megin leggja samskonar ræsi frá húsum sínum út í göturæsið, er eigi sje lakara en það."

Að því er snertir ~~39~~ viðauka við 39. grein samþykktarinnar, getur heilbrigðisnefndin ekki álitið, að breyting eða viðauki í þá átt sem landlæknir bendir á í niðurlagi brjefs síns, mundi verða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til báta, sakir erfiðleika, er á því myndu verða í framkvæmdinni; að hafa nægilegt eptirlit með fjármos utanhúss. –

Fundi slitið

Halldór Daníelsson Guðm. Hannesson

Bríet Bjarnhéðinsdóttir

Ár 1908 þ. 24. júlí átti heilbrigðisnefndin fund með sjer. Á fundinum voru: Borgarstjóri Páll Einarsson, hjeraðslæknir Guðmundur Hannesson og heilbrigðisfulltrúi Ólafur Ólafsson. Á fundinum gjörðist það, er hjer segir:

1º var lagt fram erindi frá St. Jósepssystrum dags. 22. þ. m., þar sem þær fara þess á leit, að heilbrigðisnefndin veiti samþykki sitt til, að þær setji vatnssalerni í sjúkrahús þeirra, (samkvæmt) með því fyrirkomulagi, sem verkfræðingur K. Zimsen hefur gjört áætlun um, er fylgdi nefndu erindi systranna. Nefndin veitti samþykki sitt til þessa. –

2º út af framkomnu erindi frá Jóni Siikkam Sveinssyni dags. 18. þ. m. fól nefndin heilbrigðisfulltrúanum að rannsaka nákvæmlega, hvort brauðgerðarhús það, sem hann er að byggja fullnægi fyrirmælum heilbrigðissamþykktarinnar, og sendi heilbrigðisfulltrúinn síðan skýrslu sína um þetta. –

Fleira gjörðist

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki á fundinum. –

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Guðm. Hannesson.
Ólafur Ólafsson

Ár 1908 þ. 18. ágúst átti heilbrigðisnefndin fund með sjer, en mættir voru aðeins borgarstjóri Páll Einarsson og hjeraðslæknir Guðm. Hannesson.
Fór þá fram sem hjer segir:

1° var lögð fram skýrsla heilbrigðisfulltrúans um hið nýbyggða brauðgerðarhús Jóns Sveinssonar, og er það álit fulltrúans að það fullnægi ákvæðum heilbrigðisreglugjörðarinnar að öllu. Nefndin leyfði að brauðgjörð mætti byrja í húsinu.

2° var lagt fram erindi Ámunda Árnasonar dags. 31. f. m., þar sem hann sækir um leyfi til að mega halda áfram að slátra fje til sölu sem undanfarin ár, en erindi þessu hefir bæjarstjórnin vísað til umsagnar heilbrigðisnefndarinnar. –

Nefndin athugar, að hús það, er Ámundi Árnason ætlar að nota til slátrunarinnar fullnægir ekki kröfum þeim, er heilbrigðissamþykktin gjörir til útbúnaðar [illegible] slátrunar og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

(og) er því samkvæmt 38. gr. reglugjörðarinnar ekki heimild til að veita hið umbeðna slátrunarleyfi.-

Uppl. samþ.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Guðm. Hannesson

Ár 1908 þ. 17. nóv. átti heilbrigðisnefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra og gjörðist þar sem hjer segir:

1) Nefndin fer þess á leit, að bæjarstjórnin láti nú þegar gjöra ákveðna áætlun yfir lokræsi í öllum bænum, er sje gjörð með tilliti til þess, að vatnsræsin megi hvervetna nota þar sem holræsi er í götu og væntir þess, að áætlun þessi verði lögð undir álit heilbrigðisnefndar áður en fullgjörð sje.

2) Nefndin telur óhjákvæmilegt, að bærinn annist hreinsun salerna og sorpíláta allstaðar í bænum, því annars verði ekki unnt að koma lagi á þrifnað í bænum hvað þetta snertir, enda mundi það ekki auka útgjöld, og vill nefndin, að nú þegar á næsta ári sje gjörður undirbúningur til þess að koma þessu í framkvæmd.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3) Nefndin fer þess á leit, að auðið sje fje til bæjarhreinsunar í bænum, sem nú er öldungis ófullnægjandi:

4) Sveini Sveinssyni leyft samkvæmt beiðni hans að byggja safngryfju á lóð sinni við Bankastræti 14, með því skilyrði að hann að öllu leyti fullnægi ákvæðum heilbrigðissamþyktarinnar um safngryfjur.

Fundi slitið

Páll Einarsson

[illegible] Hansen

Bríet Bjarnhéðinsd

18. Janúar hjelt nefndin fund. Allir við.

<u>Erindi frá borgarstjóra</u> dags. 12. Jan. þar sem beiðst er umsagnar heilbr.n. um umsóknir um heilbrigðisfulltrúastarfið, sem og um það hvort veiting ætti að vera bundin nokkrum sjerstökum skilyrðum að því er starf fulltrúans snertir, umfram það sem ákveðið er í sjálfri heilbrigðissamþyktinni.

Viðvíkjandi umsóknunum um heilbrigðisfulltrúastarfið leggur nefndin til að einhverjum þessara 4 manna verði veitt starfinu.

Júlíusi Halldórssyni lækni
Jóni Rósenkranz lækni
Ólafi Pjeturssyni í Ánanaustum
Sigurði Björnssyni kaupmanni.

Nefndin telur lækna þessa fyrst sökum þess að hún telur þá fróðari um allt er að starfi þessu lýtur en hina umsækjendurna. Þó gengur hún að því vísu að Jóni Rósenkranz sje því aðeins veitt starfið, ~~að sjerstakl~~ borgarstjórnin hafi vissu ~~sje~~ fyrir því að hann sje fær til þess fyrir heilsusakir. Næst læknunum ~~kefur~~ telur nefndin hina 2 líklegasta.

Hvað sjerstök skilyrði snertir umfram það sem heilbrigðislöggjöfin ákveður þá sjer nefndin ekki að þeirra sje þörf. Fulltrúinn á að sjálfsögðu að <u>hafa á hendi eptirlit með [illegible]</u>

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hreinsun sje haldið og önnur lagafyrirmæli er að heilbrigði lúta undir yfirumsjón heilbrigðisnefndar. ~~Hann~~ ~~Þessi~~ atriði ~~yrðu þessi~~ vill nefndin sjerstakl. telja:

1. Fulltrúi athugar árlega salerni, sorpkassa, ábúðargryfjur, umgang á lóð, frárenslu skolps o. fl. í hverju húsi og ritar einfalda skrá yfir þetta eftir fyrirmynd sem heilbr.nefndin ákveður. Hann skrásetur og ef þess er krafist hversu húsakynnum er farið í húsi hverju.

2. Hann endurskoðar eftir hæfilegan ákveðinn tíma öll þau hús þau sem salernum eða öðru er sjerstaklega ábótavant svo sjeð verði hvort aðfinslur hafa verið teknar til greina.

3. Hann athugar allar götur, vegi og auð pláss að minnsta kosti 2var á ári, en hefur annars stöðugt gát á slíku er hann gengur um þeim.

4. Á vorum gætir hann þess að for sje ekki borin á tún við almannaveg.

5. Hann gætir þess að sorp sje aðeins flutt á þá staði er nefndin tekur til.

6. Hann hefur eftirlit með því að í brauðgjörðarhúsum, slátrunarhúsum, mjólkursölubúðum, búðum kaupmanna, skólum, steinkornistöðum og vinnustofum sje gætt ákvæða heilbrigðissamþyktarinnar.

Fundi slitið

Jón Magnússon  Guðm. Hannesson  Bríet Bjarnhj.

9. febrúar hjelt nefndin fund.
Rætt var um bókfærslu heilbr. fulltrúa. Frestað.
Fyrirspurnir frá heilbrigðisfulltrúa:
a) Er skýrsla til um húsráðendur?
b) – – – – mjólkursölustaði?
c) Hvað skal gjöra við hús, er ekkert göturæsi hafa? Hvað við skólp er ýmislegt affall fylgir? Má skylda menn til að leggja húsræsi út í lokræsi í götunni? Má skylda ...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ráðendur til að hafa sorpkistur?
d) Hvað skal gjöra ef rosi eru ekki hreinsuð þegar heilbr. fulltrúi krefst þess?
e) Hvejar kröfur má gjöra viðvíkjandi opnum haugum, sem nú eru víðsvegar?
f) Hve nærri íbúðarhúsum mega hesthús og fjárhús standa?
g) Hvar er saurkaggafyrirmynd?
h) Hvert skal bera for og áburð?
i) Hver skal tæma sorpkistur?
k) Er skyrsla til um súrara?
l.) Loftrúm í vinnustofum. Hve mikið? Slátrunarrjettir?
m) Hvernig er flutningur á mjólk til bæjarins tryggður?
n) Hvejar reglur eru um slátrunarhús?
o) Er skýrsla um barnaskóla? (NB. kráka dallahreinsun).
p) Hver borgar burðargjald heilbrigðisfulltrúa?

Ad. a) Nefndin felur heilbrigðisfulltrúa að semja slíka skýrslu.
– b.) Nei.
– c) Við frárennslulaus hús verður heilbr.-fulltrúi að krefjast niðurrennslis samkvæmt heilbrigðissamþyktinni: Stólpi með affalli má ekki hellast í rennur. Húsrosi skulu gjörð jafngöt og göturosið. Allir skyldir til að hafa lögmætar sorpkistur.
– d) Snúa sjer eptir atvikum til veganefndar og borgarstjóra.
– e) Lreyfast aðeins á stærri erfðafestutúnblettum.
– f) Ákvæði vanta.
– g) Heilbr. fulltrúi varðveiti slíkan grip.
– h.) Frestað til næsta fundar. Óuppl hilleg...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frá heilbrigðisfulltrúa.
Ad. i) Ábyrgð á þessu ber húsráðandi.
– k) Nei.
– l.) Frestað til næsta fundar.
– m.) Sjerstök samþykt fyrir hvert.
– n) Trygging á slíku ófraumkvæmanleg að svo stöddu.
– o) Nei. Heilbrigðisfulltrúi semur hana.
– p) Vísað til bæjarstjórnar.

Fundi slitið.

Jón Magnússon  Guðm. Hannesson.  Bríet Bjarnhéðinsdóttir
J. Halldórsson.

26. Febr. hjelt nefndin fund. Rætt var:
1) Um bókfærslu heilbrigðisfulltrúa.
Hjeraðslæknir lagði fram einfalt form fyrir slíkri bókfærslu sem heilbr. fulltrúi taldi hagkvæmt. Samþykt að nota það fyrst um sinn og láta prenta eitt af formunum ef fje fæst.

2). Renovation bæjarins. Nefndin telur ræsting bæjarins (salerna og sorpkassa) aldrei muni komast í viðunandi horf fyr en bærinn tekur hana að sjer. Til þess telur hún óhjákvæmilegt að:

a) Verkfræðingur bæjarins gjöri nákvæma áætlun um fyrirkomulag og kostnað á salernahreinsun og sorpflutningi. Að þessu þarf að vinda bráðan bug nú þegar bæði sökum þess að þetta hefur alt of lengi dregist ~~og síðkuið að áb~~ svo að í óefni er komið og auk þess óvíst hvort áburðarfjelagið heldur hreinsun áfram.

b) Að greitt verði ~~af~~ svo sem frekast má fyrir því að vatnssalerni sjeu lögð þar sem (lokað götu-hol-ræsi eru nú komin. Að svo miklu leyti sem gjörð þeirra bannar það, að þá sje athugað rækilega af verkfræðing bæjarins hvernig úr því megi bæta, því án þess að not verði afrennum til vatnssalerna, ná þau ekki tilgangi sínum.

c) Að holræsi sem gjörð eru hjer á eftir sjeu öll miðuð við það að vatnssalerni sjeu notuð.

Frekara frestað til næsta fundar.  Fundi slitið.

Jón Magnússon  Guðm. Hannesson  Bríet Bjarnhéðinsdóttir
J. Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 2. Marz 1909:

Hreinsun óbygðra svæða og götunesa: Hjeraðslæknir gat þess að víða væri hent úr sorpkistum á óbygðum svæðum nærri götum og jafnvel úr kömrum t.d. að austan við Kaplaskjólsveg. Afráðið að krefjast hreinsunar og [illegible] á þessum stöðum þegar frost er úr jörðu.

Tæmingarstaðir fyrir sorp. Heilbr. fulltrúi taldi þessa staði besta:

1.) Fyrir vesturbæinn Bráðræðismýri
2. – miðbæinn – Vatnsmýrin sunnan við Thomsenstún
3. – Austurbæinn – Mýrin austan af Skólavörðu í námd við áburðargryfju áburðarfjel.

Nefndin fjellst á að staðir þessir væru vel til þessa fallnir. Óbyggilegt á þeim öllum og æskilegt að jarðvegur hentaði ~~í fór~~ á hvern þeirra. Þótti bera nauðsyn til að staðurinn væri afmarkaður með hnausagarði er myndaði 1–2 álna djúpt hólf fyrir óhroðann.

Fundi slitið

Jón Magnússon Guðm. Hannesson Bríet Bjarnhjeðinsdóttir
Þ. J. Halldórsson

Fundur 9. Marz: Rætt:

Erindi frá Pálma Pálssyni um leyfi til þess að byggja fjós og for fast við íbúðarhús á Meistaravelli. Nefndin vill ekki synja þessa, en kysi þó heldur að forin lægi ekki fast að íbúðarhúsinu. Virðist henni eptir uppdrætti að dæma sem kostnaðarlaust væri að leggja fjósið næst íbúðarhúsinu en forina ~~að~~ hinumegin við það. Ef veggurinn er bygður úr grásteini ~~myndi hálegra að~~ skal þó sljetta hann að utan með sterkri steinlímsblöndu vegna þess hve steinninn sýgur góðfúslega í sig vatn. Sje forin bygð áföst við húsið krefst nefndin þess að veggurinn sje gjörður úr sterkri cementsteypu.

Mjólkursala. Eftirlit. Heilbr. f. óskaði þess að keypt væri: Fesers laktoskop og lactodensimeter til þess að hann geti lauslega athugað mjólk á sölustöðunum. Nefndin vill mæla með þessu.

Fundi slitið

Jón Magnússon Guðm. Hannesson Þ. J. Halldórsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 11. maí 1909.

Rætt um sótthreinsun og launakjör við núverandi sótthreinsunarkonu. Vísað til hjeraðslæknis.

Nefndin vill skora á veganefnd að krefjast þess að húseigendur við Bókhlöðustíg leggi hið bráðasta holræsi frá húsum sínum í götuholræsið. – Ennfremur að holræsið frá Landakotsspítala sem nú er á þurru verði lengt út í sjó svo langt sem vinna má við háfjöru.

Heilbrigðisfulltrúi skýrir frá því að stakur óþrifnaður sje kring um Móakotslind, og láð Ástráðs Hannessonar og óþrifalegt vesi fyrir neðan Nýlendugötu. Þykir nauðsyn að ráða bót á þessu. ~~Ástráður Hannesson~~ Nefndin vill mæla hið besta með því að holræsi sje lagt frá enda Brunnstígs beint niður í sjó og að vesið fyrir neðan Nýlendugötu sje fyllt upp.

Fundi slitið

Jón Magnússon
Guðm. Hannesson
Bríet Bjarnhjeðinsdóttir
G. J. Halldórsson

29. júní hjelt nefndin fund. Rætt var:

1) Erindi frá Siggeir kaupm. Torfasyni um að fá slátrunarleyfi 3ja mánaða tíma í haust.

Nefndin vill eindregið ~~leyfa þetta~~ leggja til, að honum sje veitt slíkt leyfi, sökum þess að umbúnaður umsækjanda er ~~allgóður~~ að mörgu leyti mjög góður. Sölubúð og geymsluhús skal þó hvítkalka og leggja linoleum á borðin.

2) Kvartað var yfir for hjá Ólafi Ólafssyni. Heilbrigðisfulltrúa falið að athuga þetta.

3). Hjeraðslæknir gat þess að nauðsyn bæri til að skipta um sótthreinsunarmann og að það kæmist væntanl. í framkvæmd í haust.

4) Heilbrigðisfulltrúi kvartar sáran undan því að síð komi engin frá bæjarstjórn viðvíkjandi erindum frá heilbrigðisnefnd, sjerstaklega að enn sje óákveðið hvar hreinsa megi rusl sorp o þvl. Ennfremur að ~~[illegible]~~ göturæsafor og fleira slíkt sje ekið í fjöruna fyrir miðbænum jafnvel af mönnum sem starfa fyrir veganefndina.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Heilbrigðisfulltrúi ~~þykir~~ kvartar undan því að aska og hverskonar óþverra sje ekið í Tjörnina til uppfyllingar á Fríkirkjuveginum. Þykir bera nauðsyn til að steinsett sje fyrir framan slíka uppfyllingu svo ekki skolist hún út í Tjörn.

Heilbrigðisnefnd vill setja stýflu í lækinn upp við Tjörn svo ekki skolist forin inn lækinn upp í Tjörn með flóðinu. Er þetta svo ódýrt að kostnaði verður ekki borið við.

Fundi slitið.

Jón Magnússon  Guðm. Hannesson
Bríet Bjarnhjeðinsdóttir  G. Halldórsson.

Fundur 20. júlí 1909.

1. Brjef frá bæjarstjórn er skýrir frá að bæjarstjórn sjái sjer ekki fært að veita Siggeir Torfasyni slátrunarleyfi í haust nema að hann hafi fullkomið slátrunarhús er samsvari kröfum heilbrigðissamþyktarinnar.

2. Umsókn frá Siggeir Torfasyni um að heilbr. samþ. sje breytt svo að orðalaginu vegna megi veita slátrunarleyfi um styttri tíma ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

Nefndin sendir erindi þetta bæjarstjórn en sjer sjer ekki fært að mæla með þeirri breytingu á heilbrigðissamþ.

3. – Erindi frá frakkneska konsúlnum. Umkvörtun yfir því að byggt hafi verið slátrunarhús rjett hjá sjúkrahúsinu. Telur hann taugaveikishættu stafa af þessu og að flugur beri Eberths bacillur á kjöt.

Heilbrigðisnefnd er sammála um það atriði að mjög hafi það verið misráðið og ótilhlýðilegt að reisa slátrunarhús svo nærri sjúkrahúsinu en sjer eigi hvernig úr því megi bæta úr því sem komið er. Hitt telur hún fremur kenningu en verulega hættu að sóttnæmi berist þannig og sjer tæplega ástæðu til að hindra á nokkurn hátt hið nytsama starf sjúkrahússins fyrir þá sök.

Í gjörðabók heilbrigðisnefndar finnum vjer eigi að mál þetta hafi verið borið undir nefndina er slátrunarhúsið var reist þó fyrirhugað sje

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4) Annað erindi frá frakkneska konsúlnum er kvartan um opnar rennur og mikinn óþrifnað kring um frakkneska spítalann og er ráðherra beðinn að gjöra ~~það~~ nauðsynlegar ráðstafanir til þess að heilbrigðisnefnd taki „dugnað byggingarnefndarinnar til eptirdæmis."

Heilbrigðisnefnd er fullkunnugt um að fyr var ~~alltaf þrifnaður~~ óþrifnaður umhverfis spítalann blátt áfram hneyxli. Úr þessu hefur verið svo á þessu ári bætt sem heilbrigðisnefnd hefur frekast ~~get~~ verið unnt með þeim umbúnaði á frárennsli og fleiru sem þar er, og hefur þrifnaður á þessu svæði batnað stórum. Er þetta fyllilega viðurkennt af lækni spítalans sem er þessu nákunnur. En því miður er allt sem að frárennsli lýtur ~~og þrifnaði~~ umhverfis spítalann og ~~[illegible]~~ bæjarstjórn en ekki heilbrigðisnefnd getur bætt úr, svo ófullkomið að nefndin vill alvarlega skora á bæjarstjórn að lokræsa og lagfæra á þessu svæði sem allra fyrst. Er þetta eini vegurinn til þess að bæta að nokkru úr sláturmarkaðsbyggingunni á þessum stað.

5) Tjörnin og lækur. Nefndin vill enn á ný vekja athygli bæjarstjórnar á því að þang og óhroði fyllir nýhreinsaðan lækinn og berst jafnvel upp í tjörn. Vill endurtaka tillögu sína um að stífla sje sett í tjarnarósinn og grind í ytri lækjaropið sem stöðvi þangburðinn upp í lækinn.

Fundi slitið

Jón Magnússon    Guðm. Hannesson
Bríet Bjarnhéðinsdóttir    Þ. J. Halldórsson

Fundur 24. júlí 1909

1° Brjef frá herra bankastjóra Hann. Hafstein um leyfi að mega byggja rotþró með sama fyrirkomulagi og er í ráðherrahúsinu, og hafa vatnssalerni ~~með~~ [illegible] ofan í rotþróna. Nefndin vill veita þetta leyfi fyrir sitt leyti, ~~en~~ áskilur sjer

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heimild til að láta fylla þróna og taka fyrir afrennslið í Tjörnina, ef henni þykir ástæða til þess. Ennfremur áskilur nefndin, að bæði salerni og rotþró verði útbúið með eptirliti heilbrigðisfulltrúa, og teknar verði til greina allar bendingar hans um ~~útbúning~~ frágang á verkinu. Fundi slitið.

Jón Magnússon  Sigr. Magnússon

Bríet Bjarnhjeðinsdóttir

J. Halldórsson.

Fundur 3. d. ágústm. 1909.

1° Brjef frá bæjarstjórninni með erindi frú Guðrúnar Björnsdóttur um breytingu á mjólkursölureglunum. Mætti frú Guðrún sjálf á fundinum og skýrði fyrir heilbrigðisnefndinni hvers hún æskti í þessu tilliti. Heilbrigðisnefndin fól hjeraðslækni og heilbrigðisfulltrúa að íhuga málið og leggja uppástungur sínar í þessu efni fyrir heilbrigðisnefndina svo fljótt sem unnt væri.

2° Lögð fram Eptirrit af fundargjörðum veganefndar 28/6 og 12/7 þ.á.

3° ~~Uppástunga~~ frá heilbrigðisfulltrúa, að heilbrigðisnefndin vildi mæla með erindi frá kaupm. Sigurði Torfasyni um undanþágu frá slátrunarhúsreglunum, ef þarf með breytingu á heilbrigðissamþykktinni.

Heilbrigðisnefndin lætur um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á ný þess getið, að hún er því mjög meðmælt, að herra kaupm. Siggeiri Torfasyni yrði veitt slíkt leyfi fyrir yfirstandandi sumar og haust á einhvern hátt, en álítur að það liggi algjörlega fyrir utan verkahring heilbrigðisnefndar, að gjöra tillögur um breytingar á heilbrigðissamþykktinni (sbr. 1. gr. laga um heilbrigðissamþykktir bæjar- og sveitarfjelaga 10. novbr. 1905)

Fundi slitið.

Jón Magnússon  Sig. Magnússon cont.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1910.

## 1. fundur 11. Janúar.

1.) Bæjarfógeti skýrði frá að borgarstjóri hefði tilkynnt sjer með brjefi 7. sept. f.á. að Siggeir Torfasyni hefði verið veitt hið umbeðna slátrunarleyfi, og jafnframt tilkynnt að 38 gr. heilbrigðis-reglugjörðar hefði verið breytt.–

2.) Heilbrigðisfulltrúi skýrir frá því að í suðausturhorni vöru-flatarins við hafnarbryggjuna sje að safnast mikill óþverri sem heppilegast verði bætt úr með því að reisa þar einfalt pissirí. Er þessa mikil nauðsyn ekki síst vegna hinna mörgu verkmanna sem vinna þar við vöruflutning.

3.) Tillögur um breytingu á 39 gr. heilbr.samþ. og reglugjörð um mjólkursölu í Rvk. Heilbr.fulltr. og hjeraðslæknir höfðu samið tillögur um þetta, sem gengið höfðu milli hinna heilbr.nefndarmanna. Þær voru ræddar og samþyktar með þessum breytingum:

Í 39. gr. heilbr. reglugj. komi í lok greinarinnar „er bæjarstjórn hefur samið og stjórnarráð samþykt" í stað orðanna „er bæjarstjórn hefur samþykt.

1. grein reglugjörðar. „Sölumann" falli burt. „Sje mjólkin seld á fleirum stöðum skal tilkynna þá alla" „svo og flutning sölustaða." falli burtu. Í stað þess komi. „Tilkynna skal flutning sölustaðar jafnharðan."

3 gr. Niðurlagið breytist þannig: „Nýbærumjólk skal ekki blanda saman við aðra mjólk fyrstu 5 dagana eptir burð og selja sem nýbærumjólk.

4 Gr. Við allan flutning mjólkur og mjólkuríláta skal gæta ítrusta hreinlætis.

Fundi slitið.

Jón Magnússon

Guðm. Hannesson

Bríet Bjarnhéðinsdóttir
með þeim fyrirvara að gera breytingartillögur við fitumagn mjólkur og rjóma.

J. Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. fundur 7. Maí.

1. – Heilbrigðisfulltrúi vakti athygli á því að bæjarstjórn myndi ekki hafa fengið tillögu síðasta fundar um pissoir á vinnufletinum við Hafnarbryggjuna. Formaður kvaðst skyldu senda hana bæjarstjórn.

2. – Reglugjörð um hreinsun hunda af bandormum. Heilbrigðisfulltrúi lagði fram frumvarp til slíkrar reglugjörðar sem var samþykt með nokkrum breytingum.

3. – Heilbrigðisfulltrúi vakti athygli á að vatn safnaðist fyrir á Brunnhúsagörðunum við Tjörnina. Hjeraðslæknir taldi nauðsynlegt að fylla upp í görðum þessum nefndu eða rasa fram í Tjörnina.

4 – Heilbrigðisfulltrúi skýrði frá því að saltpækill rynni út á gangstjettina norðanvið Verslunarhús H. P. Duus. Nefndin vill að þetta sje hindrað svo ekki skaði gangstjettina og álítur brýna þörf á holræsi frá götu-rennunni meðfram húsinu norðanverðu.

Fundi slitið

Jón Magnússon Guðm. Hannesson G. Halldórsson

3. fundur 22. Okt. 1910. hjelt heilbrigðisnefndin fund. Rætt var:

1.) Erindi 2/10 frá bæjarstjórn um íbúðarleyfi í sútunarhúsi er Bergur Einarsson hefur fengið leyfi að byggja.

Nefndin fól heilbrigðisfulltrúa að athuga vandlega allt fyrirkomulag sútunarhússins, frárenslu o. fl. einnig hvort tiltækilegt sýndist að leyfa íbúð í húsinu.

Fundi slitið

Jón Magnússon Guðm. Hannesson Þ. J. Thoroddsen
G. Halldórsson.

4. fundur 7. nóvbr. 1910.

5. Fundur

1. Byggingarmál Bergs Einarssonar sútara. Heilbrigðisfulltrúi gaf skýrslu um húsið og sýndi uppdrætti af því. Hann taldi það ekki athugavert að leyfa íbúð í húsinu ef frárenslisveiti væri í lagi og fengist hann að eins við álúnssútun.

Nefndin fjellst á tillögu heilbrigðisfulltrúans, að veita

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

krefjast þess að fráræsla sje komin í fullt lag áður en sútun byrjar og aðeins sje fengist við álúnssútun, ella falli ~~byggingar~~ íbúðar leyfið burtu.

Jafnframt vill heilbrigðisnefndin taka það fram, að ~~bæjarstjórn~~ henni ~~við~~ virðist sem hafa í þessu sinn veitt leyfi til sútunarhússbyggingar þvert ofan í skýlaus fyrirmæli heilbrigðissamþyktarinnar.

2. Hverfisgötuvatnið. Fullt ár hefur nú vatn gengið upp í Hverfisgötu, ~~og~~ rennur þar eptir miðri götunni nedantil síðan sem á ~~land~~ Arnarhólstúnið nedanvert og myndar þar óþrifatjörn. Nefndin telur þetta óhæfandi og leggur það til að bæjarstjórn kippi þessu í lag, svo gatan sje þur og tjörnin þurkuð.

3. – Fráræsli frá sápuhúsinu. Heilbrigðisnefnd vil enn á ný vekja athygli bæjarstjórnar á því að enn er sápuhúsið fráræslislaust og skorar á bæjarstjórn að hlutast til um að úr þessu sje bætt hið bráðasta.

4. Holræsi í Hverfisgötu. Nefndin telur ~~[illegible]~~ sjálfsagt að holræsi sje lagt eptir Hverfisgötu nedanverðri jafnframt og í sambandi við fráræsli sápuhússins.

5. Nitunnuðan № 44 á Grettisgötu er afrennsli í mjög illu lagi. Bráðnauðsynlegt að leggja rennusteinum með holræsi ~~þaðan~~ og út í Frakkastíg.

6. – Nefndin vill enn á ný minna á pissoir við hafnarbryggjuna.

Fundi slitið

Jón Magnússon   Gudm. Hannesson   Þ. J. Thoroddsen

J. Halldórsson.

5. Fundur. Þ. 13. December hjelt nefndin fund. Þetta var:

1. Erindi frá borgarstjóra um mjólkur~~sölu~~reglugjörð Reykjavíkur. Fylgdu því 2 skjöl með breytingartillögum annað frá Guðrúnu Björnsdóttur, hitt frá Þ. Thoroddsen og M. Blöndal. Borgarstjóri hafði óskað rökstuddrar umsagnar heilbrigðisnefndar um breytingartillögur þessar. Formaður fól hjeraðslækni og heilbrigðisfulltrúa að semja álitið og lögðu þeir [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nefndin taldi tillögunnar og samþykti þær.

Fundi slitið.

Jón Magnússon Guðm. Hannesson. Þ. J. Thoroddsen
Þ. Halldórsson.

23 marz 1911 hjelt nefndin fund. Rætt var:

4 brjef frá P. J. Thorsteinson, Jes Ziemsen, Olaf Arenæs og E. Mortens, sem öll fara fram á að leyft sje ceitt til að brenna medalalýsi í porskalifur.

Nefndin vill fyrir sitt leyti leyfa þetta, en þó með því skilyrði, að svo sje vandlega um búið, ~~og um gengið~~ að ekki stafi af ólykt eða óþrifnaður, á áliti heilbrigðisfulltrúa.

Fundi slitið

Jón Magnússon Guðm. Hannesson.
Ámi Einarsson

10. maí 1911 hjelt heilbrigðisnefndin fund. Rætt var:

Brjef frá Guðmundi Egilssyni um leyfi til að hafa vatnssalerni í íbúðarhúsi, sem hann ætlar að byggja á lóð sinni Nr. 42 við Laugaveg. — Nefndin vill fyrir sitt leyti að hið umbeðna leyfi sje veitt ef umbúnaðurinn allur er gjörður að áliti heilbrigðisfulltrúa.

Fundi slitið.

Jón Magnússon Guðm. Hannesson Þ. J. Thoroddsen
Ámi Einarsson

13. Júní hjelt nefndin fund. Rætt var:

1. Matth. Einarsson læknir ritar erindi um að endurbæta frárensli frá húsi hans við Hverfisgötu 10 A. Vísast til bæjarstjórnar.

Fundi slitið

Jón Magnússon Guðm. Hannesson Þ. J. Thoroddsen
Ámi Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

24. Júlí hjelt nefndin fund. Rætt var:

1. Brjef frá borgarstjóra viðvíkjandi óþrifnaði við bólverkið framundan Norðurstíg. Sorpi sje þar kastað fram af grjótgarðinum, sem safnist fyrir og sjór nái ekki að taka út. Er þess óskað að komið sje í veg fyrir að óhreinindum sje kastað þar, og ábyrgð komið fram gegn þeim sem kynnu að gjöra þetta.

Heilbrigðisnefndin hefur fyr kvartað undan þessu og farið framá að úr yrði bætt, án þess að bæjarstjórn hafi tekið það til greina. Tillaga nefndarinnar þá var sú að gjöra bryggju eða byggja stöpul, sem gjörði mönnum auðvelt að koma sorpinu í sjóinn, eða svo framarlega að út taki. Sjer nefndin ekki að greitt verði fram úr þessu á annan veg betur, því það mun ekki framkvæmanlegt að banna mönnum að losa sig sorp á þessum stað.–

2. Beiðni um steinbræðslu á lýsi frá kaupm. Jes Zimsen, á svonefndum Laugarnesbletti. Nefndinni þótti rjettara að fá álit holdsveikislæknisins áður ákvörðun væri tekin og fól heilbrigðisfulltrúa að tala um þetta við hann

Fundi slitið

Jón Magnússon  Guðm. Hannesson
Þ. J. Thoroddsen
Ásm. Einarsson

1. Ágúst hjelt nefndin fund. Rætt var:

1.– Lýsisbræðsla Jes Zimsens. Lagt var fram brjef frá holdsveikislækni Sæmundi Bjarnhjeðinssyni þess efnis að skora á heilbrigðisnefnd að neita um bræðsluleyfið. Segir hann bræðsluna á þessum stað með öllu óþolandi vegna spítalans og þess að vegurinn inneftir sje með fjölförnustu skemmtivegum.

Nefndin vildi kynna sjer betur hve mikið kvæði að ólykt frá slíkri bræðslu og frestar málinu.

2.– Beiðni um slátrunarleyfi frá Ámunda Árnasyni kaupmanni. Í brjefi hans er ekki nákvæmlega skýrt frá húsum og umbúnaði. Ef umsækjandi sjer sjer fært að uppfylla kröfur heilbrigðissamþyktarinnar er leyfið sjálfgefið. Þó umbúnaði kynni að verða að einhverju áfátt í haust [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en tilskilin þó ~~með því skilyrði~~, að umbúnaður allur sje í engu lakari en hjá Siggeiri Torfasyni, og að heilbrigðisfulltrúi áliti hann tryggilegan.

p. Thor. Ekki á fundi. Fundi slitið

Jón Magnússon Guðm. Hannesson.
Ásm. Einarsson(?)

4. Ágúst 1911 hjelt nefndin fund. Rætt var:

1.) <u>Lýsisbræðsluleyfi Jes Zimsens</u>. Samkvæmt umtali á síðasta fundi höfðu hjeraðslæknir og heilbrigðisfulltrúi skoðað lýsisbræðslustaðina hjer í bænum og leitað upplýsinga um lykt frá þeim í nærliggjandi húsum. Öllum ~~bæn~~ talað var við, að einni konu frá ~~skilorði~~ kom saman um að megna lykt legði utaðan inndi frá bræðslustöðunum, auk þess er öllum kunnugt að lýsisbræðslan í Örfirisey er næsta hvimleið Vesturbænum. Þeir töldu því engan vafa á því að ódaun frá lýsisbræðslu á Laugarnesblettinum yrði mjög tilfinnanlegur fyrir holdsveikisspítalann.

Nefndin sá sjer ekki fært að mæla með lýsisbræðsluleyfi á þessum stað.

Við þetta tækifæri vill nefndin jafnframt minna á að lýsisbræðsla hjer innanbæjar hlýtur áður langt um líður að hverfa úr sögunni. Væri því full nauðsyn að ákveðinn væri hentugur staður til þess að reka þessa atvinnu og hlutaðeigendum vísað á hann.

2.) Brjef frá bæjarstjórn dags. 2 Ág 1911 sem óskar álits heilbrigðisnefndarinnar um það hvort nokkuð sje því til fyrirstöðu að vatnssalerni verði sett í samband við holræsi bæjarins.

Þó nefndin telji það mikilsverða framför að vatnssalerni komist sem víðast á, þá telur hún það óhjákvæmilegt, að jafnframt og vatnssalerni eru sett í samband við holræsin, þá sje svo um opin búið, sem út í höfnina ganga, að þau komi ekki upp úr sjó við stórstraumsfjöru. Meðan höfnin er opin eins og nú er mun þetta nægilegt, en miklu síður þegar lokuð höfn er bygð, sem gjöra má ráð fyrir að verði innan skamms.

Heilbrigðisnefndin telur það illa farið að bæjarstjórn hefur að engu sinnt tilmælum nefndarinnar á fundi 17 Nóv. 1908. Ef ~~það hefði~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~verið gjört~~ plan bæjarstjórnar yfir holræsi bæjarins hefði verið athugað af heilbrigðisnefnd í tíma, þá ~~hefndi taka vatnsæðarnar málið~~ hefði hún komið fram með ákveðnar tillögur áður en byrjað var á verkinu.

Fundi slitið

Sigurjón Markússon
settur

Guðm. Hannesson
Ásm. Einarsson

17 oktober 1911 hjelt nefndin fund. Rætt var:

1. Erindi frá Brydes Verslun um slátrun sent nefndinni af borgarstjóra með bréfi dags. 9. okt 1911.
Nefndin álítur ekki ástæðu til þess að neita versluninni slátrun á fje til útflutnings, þar sem hún noti slátrunarhús, sem að öllu leyti er fullgilt, en athugar að verzlun þessi muni ekki hafa skriflegt slátrunarleyfi frá bæjarstjórn eins og heilbrigðissamþykkt krefur. Leggur nefndin það til að Brydesverslun fái leyfi til þess að slátra sauðfje til útflutnings í haust, en skýtur því jafnframt til bæjarstjórnar hvort ástæða sje til að kæra verslunina til sekta, fyrir það að fara að slátra áður en leyfið væri fengið.

2 Erindi frá Jóni Hinrikssyni um leyfi til þess að taka til íbúðar hluta af kjallararúmi í húsinu № 44 við Grettisgötu
Heilbrigðisfulltrúi skýrir frá því að hann og þáverandi hjeraðslæknir hefði athugað íbúð þessa, og heimilað húseiganda að leigja kjallarann til íbúðar um stundarsakir. Heilbrigðisnefndin lætur við svo búið standa um 2ja mánaðartíma, en leggur jafnframt fyrir heilbrigðisfulltrúa að rannsaka í [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þessi er forsvaranleg, og gjöra nauðsynlegar ráðstafanir, ef þær reynist ekki.

Fundi slitið.

Jón Magnússon  Jón Hj. Sigurðsson.
Árni Einarsson

31. október '11 var fundur haldinn í heilbrigðisnefndinni.
Rætt var:
1. Bréf frá E. Morthens dags. 23/10 1911, þar sem hann beiðist leyfis til lýsisbræðslu á Móakots lóð, eins og undanfarið.
Eins og ~~undanfarið~~ sjest af ályktun nefndarinnar 4. ágúst 1911 hefur hún talið það efasamt að leyfa lýsisbræðslu innan bæjar, en með því að nefndin á hinn bóginn telur atvinnugrein þessa allþýðingarmikla, álítur hún rjettast að vísa málinu til bæjarstjórnar til úrslita.
Fundi slitið

Jón Magnússon  Jón Hj. Sigurðsson.
Árni Einarsson

7. nóvember 1911 var fundur haldinn í heilbrigðisnefndinni.
Rætt var:
1. Leyfi til lýsisbræðslu, sem hr. E. Morthens sækir um að fá, á Móakotslóð.
Nefndin ályktar að fresta málinu, til þess að afla sjer upplýsinga um málið og sjálf að sjá og mynda sjer skoðun um lýsisbræðsluaðferð þessa.
2. Heilbrigðisnefnd samþykkir að fá ...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nokkra daga til þess að aðstoða heilbrigðisfulltrúa við fyrstaka athugun sabna og hreinlætis utan og innan vegna taugaveikinnar, er nú gengur og hættu á útbreiðslu hennar. Nefndin ályktaði og að láta útbýta prentuðum varúðarreglum gegn taugaveiki, þeim er hjeraðslæknir semur.

Fleira var ekki gert á fundinum
Fundi slitið.

Jón Magnússon
Jón Þ. Sigurðsson.
Kristján Þorgrímsson
Árni Einarsson

Heilbrigðisnefndin hjelt fund 28. novemb. 1911

Rætt var:

1. Borgarstjóri sendir umsókn hr. Jes Zimsens um lýsisbræðslu á Laugarnesbletti. Nefndin ályktar að fresta að taka ályktun á málinu, til þess að afla sjer upplýsinga, og gáð að kynna sjer aðferðir þessar sem notaðar eru við lýsisbræðslu.

Fundi slitið.

Jón Magnússon
Jón Þ. Sigurðsson.
Kristján Þorgrímsson
Árni Einarsson

Heilbrigðisnefndin hjelt fund 23 december 1911

Rætt var:

1 Erindi frá Jes Zimsen um leyfi til lýsisbræðslu á „Laugarnesbletti".
2. Beiðni frá E. Morthens [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lóð
3 Beiðni frá Dr. Dubois um lýsisbræðslu við Lindargötu.

Nefndin vill leyfa, um 1 ár, gufubræðslu á lýsi á stöðum þeim, sem nefndir eru, með því skilyrði að hreinlæti á bræðslustöðunum skuli háð eftirliti heilbrigðisfulltrúa og gætt sé fyrirskipana heilbrigðisnefndarinnar um hreinlæti.
4. Beiðni frá Einari kaupmanni Árnasyni um að gjöra hesthús norðanvert á lóðinni No. 16. við Vesturgötu.

Nefndin vill leyfa, að hafa hesthús á þessum stað, að svo miklu leyti, sem það ekki kemur í bága við ákvæði heilbrigðissamþyktar um fjarlægð frá íbúðarhúsum.

Fleiri mál komu ekki til umræðu

Fundi slitið.

Jón Magnússon

Jón Þ. Sigurðsson.
Kristján Þorgrímsson
Árni Einarsson

Heilbrigðisnefndin hélt fund 3. jan. 1912

Rætt var:
1. Reglugjörð fyrir mjólkursölu í Reykjavík.
Nefndin hefur enga athugasemd að gjöra við reglugjörð þessa og leggur til að hún verði samþykt með breytingartillögum þeim, sem prentaðar eru í nefndarálitinu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2 Viðv. reglur um barnamjólk í Reykjavík hefur nefndin ekkert að athuga, en álítur að erfitt verði – án talsverðs aukakostnaðar, að hafa fullnægjandi eftirlit með barnamjólkinni; [~~og telur sjálfsagt að nokkur seljandi vilji hlýta svo ströngum reglum~~].

Jón Magnússon

Jón Hj. Sigurðsson. Kristján Þorgrímsson
Árni Einarsson

Heilbrigðisnefndin hjelt fund 30. mars 1912
Rætt var:

1 Rætt var um kvartanir bæjarbúa um óþægindi og ólykt af lýsisbræðslu.

Eftir því sem heilbrigðisnefndin hefur fengið upplýsingar um (sumpart frá Jes Zimsen kaupmanni) stafar ólykt þessi að minnsta kosti aðallega frá steinbræðslu Jes Zimsen á Kalkletti milli Laugarness og Klepps. og kemur af því að ~~bæja~~ Jes Zimsen hefur ekki haldið skilyrði það sem bæjarstjórnin setti fyrir lýsisbræðsluleyfi sínu, að bræða ekki í austanátt.

Nefndin felur heilbrigðisfulltrúanum að gæta þess að þessu skilyrði sje framfylgt svo vel sem auðið er.

Kæra hefur komið frá nokkrum búendum í Skuggahverfinu að ekki sje hreinlega umgengið hjá Dr. Dubois við lýsisbræðslu hans í Lindargötu.

Heilbrigðisfulltrúi hefur þegar gjört ráðstafanir til þess að bætt yrði úr því sem helzt er ábótavant er við hreinlætið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Rætt um framkvæmd mjólkursölu-samþyktar Reykjavíkur bæjar.

Heilbrigðisnefndin lagði fyrir heilbrigðisfulltrúa að banna allstaðar sölu á vindlum í mjólkurbúðum.

Nefndin álítur, að meðþví hinum er svo skotið frá því samþyktin var samþykt verði öll skilyrði til að veita leyfi til mjólkursölu í bænum ekki tilbúin fyr en í lok apríl-maí og reglugjörðin komi því fyrst í framkvæmd.

Fleira kom ekki fyrir
Fundi slitið.

Jón Magnússon
Jón H. Sigurðsson.
Guðm. Björnsson
Árni Einarsson

Heilbrigðisnefndin hélt fund 3. maí 1912

Rætt var
Um framkvæmd mjólkursölureglugjörð bæjarins.

Meiri hluti heilbrigðisnefndarinnar skoðaði 1. maí 1912 mjólkursölustaði þá í bænum sem sótt hafa um mjólkursöluleyfi.
Þessir hafa sótt um leyfi:

×1 Guðmundur Bjarnason Laugaveg 8
×2 Guðbjörg Brynjólfsdóttir Laufásveg 4
3 Jóhanna Ingimundardóttir Vesturg. 17
×4 Lilja Ólafsdóttir Laugaveg 25
×5 Pétur Þórðarson Vesturg. 50
×6 Sigurður Björnsson Grettisg. 38A

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

× 7 Sigurður Hallsson Grettisg. ~~56~~ 46.
× 8 Þórður Þórðarson Bankastræti 7.
× 9 ~~Ólafur Pjetursson~~ Kapitán Ólafsd. Vesturg. 54
× 10 Ingibjörg Guðmundsd. Lindarg. 5
× 11 Jóhanna Zoega Laugav. 52
× 12 Sveinn Kjartarson Vesturg.
13 Gunnlaugur Pjetursson Háaleiti
× 14. Sigríður Þórðardóttir Laugav. 56.
× 15. (Björn Símonarson) Kristín Björnsd. Vallarstr. 4
× 16. Guðrún Jónsdóttir Tjarnarg. 4
× 17. Sigríður Sigurðard. Aðalstræti 18
× 18. P. Th. Thorsteinsson & Co Pósthússtræti
× 19. Ragnheiður Jónsd. Vesturg. 26.
× 20. Björn Jónsson bakari Frakkastíg 12

Heilbrigðisnefndin sjer ekkert athugavert að veita eptirfylgjandi beiðendum, sem taldir eru undir Nr. 4, 5, 9, 10 12, 15–20. mjólkursölu; ennfremur taldi nefndin rjett að veita leyfi Nr. 7 og Nr. 11
Nr 1. veitist leyfi til ágústmánaðarloka þ. á.
Nr 2. — " — — " — með því skilyrði að dúkar sjeu settir á gólf, veggir málaðir og lopt gjört ryðhelt.
Nr. 6 leyft með því skilyrði að sölubúðin þarsem mjólkin er geymd og afhent fullnægi skilyrðum mjólkurreglugjörðarinnar.
Nr 8 og 14 leyft með sömu skilyrðum.

Nr 3 og Nr. 13 leggur heilbrigðisnefndin til að sje neitað um mjólkursöluleyfi.

Fleira kom ekki fyrir
Fundi slitið.

Jón Magnússon Sveinn Björnsson Jón Kristjánsson
Jón Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Heilbrigðisnefndin hjelt fund 1. júní 1912.

Rætt var 1. Umsóknir um leyfi til mjólkursölu.

1 frá Eiríki Filippussyni Njálsg. 21 B.
2 " Bjarna Sigurðssyni Laugaveg 11

Heilbrigðisnefndin leggur til að þessum mönnum verði veitt hið umbeðna leyfi með þeim skilyrðum að kröfum mjólkursamþyktar bæjarins um útbúnað mjólkurbúðanna sje uppfylt, en það hafði ekki verið gjört er heilbrigðisnefndin skoðaði nefnda staði 30. maí 1912.

Fleira ekki tekið fyrir

[illegible] Sigurðsson
[illegible] Björnsson

Sigfús Einarsson
settur
Árni Einarsson

Heilbrigðisnefndin hjelt fund með sjer 17. júní 1912. Þessi mál voru fyrir tekin.

1o. Formaður nefndarinnar skýrði frá því að eftirtaldir menn og konur hefðu nú mjólkursöluleyfi hjer í bænum og seldu mjólk á þeim stöðum, er taldir eru við nöfn þeirra:

1. Bergsteinn Magnússon, Hverfisgötu 34,
2. Bjarni Sigurðsson, Laugavegi 11,
3. Björn Jónsson, Frakkastíg 12,
4. Eiríkur Filippusson, Njálsgötu 21, B.
5. Guðbjörg Brynjólfsdóttir, Laugavegi 4,
6. Guðmundur Bjarnason, Laugavegi 8,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Guðrún Jónsdóttir, Tjarnargötu 4.
8. Hall, Kristján, Laugavegi 42.
9. Hansen, H. J., Laugavegi 61,
10. Hansína K. Hansdóttir, Laugavegi 57,
11. Ingibjörg Guðmundsdóttir, Lindargötu 5,
12. Jón Einar Jónsson, Bergstaðastræti 24
13. Karitas Ólafsdóttir, Vesturgötu 54,
14. Katrín Sveinsdóttir, Hverfisgötu 4.
15. Kristín Björnsdóttir, Vallarstræti 4,
16. Kristján Kristjánsson, Hverfisgötu 52,
17. Lilja Ólafsdóttir, Laugavegi 28
18. Pjetur Guðmundsson og fjelaga, Laugavegi 12
19. Pjetur Þórðarson, Vesturgötu 50,
20. Ragnheiður Jónsdóttir, Vesturgötu 26.
21. Rannveig Gísladóttir, Laufásvegi 37,
22. Sigríður Sigurðardóttir, Aðalstræti 18,
23. Sigríður Þórðardóttir, Laugavegi 56.
24. Sigurður Björnsson, Grettisgötu 38 A.
25. Sigurður Hallsson, Grettisgötu 46.
26. Sveinn Hjartarson, ~~[illegible]~~ [illegible] 1,
27. Thorsteinsson & Co, P. J. 1 Pósthússtræti 1
28. Zoëga, Jóhanna, Laugavegi 52
29. Þórður Þórðarson, Bankastræti 7.

Þá lýsti formaður nefndarinnar þess getið, að þessir bæjarbúar hefðu tilkynnt, að þeir framleiddu mjólk til sölu, og sent vottorð dýralæknis um heilbrigði kúa sinna.

1. Bjarni Magnússon, Laugavegi 18
2. Guðmundur Jafetsson, Háteig.
3. Halldór Þorsteinsson Nýlendugötu 18,
4. Jón og Jóhannes Magnússynir, Skuld
5. Jónassen, Þórunn, Lækjargötu 8
6. Kristín Árnadóttir, Laufásvegi 31
7. Matthías Matthíasson, Holti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Olsen. Guðmundur Garðastræti 4,
9. Páll Halldórsson, Stýrimannaskólahúsinu,
11. Þorsteinsson, Jón Grímsstöðum
10. Þórhallur Bjarnarson, Laufási,
12. Þorlákur Vilhjálmsson Rauðará,
13. Þorsteinn Jónsson, Vesturgötu 31
Ennfremur:
14. Guðmundur Helgason, Laugaveg 119
15 Jóhanna J. Jóhannesdóttir Félagsgarði
16 Jón Einarsson Haga
~~17. Zoëga, Jóh. Vesturgötu 7.~~

Heilbrigðisnefndin hefur brýnt fyrir heilbrigðisfulltrúanum að mjólkursölustaðirnir sem útbúnir sem mjólkursölureglugjörðin tilskilur og yfirhöfuð gæta þess nákvæmlega að fyrirmælum reglugjörðar þessarar sé fylgt í hvívetna.

2. Lagt var fram umsókn frá Ámunda Árnasyni kaupmanns um slátrunarleyfi.

Heilbrigðisnefndin, er eptir ástæðum, ekki mótfallin því, að umsækjandinn fái, einsog kaupm. Siggeir Torfason, leyfi til að slátra í haust á líkan hátt og undanfarið, en byggir á því, með tilvísun til auglýsingar 11 águst 1909 um breyting á 38 gr. heilbrigðissamþyktarinnar 30 jan. 1905, að slík undanþága sé ekki veitt nema þetta árið og að beiðendunum sé tilkynnt nú þegar, að framvegis verði því, að uppfylla skilyrði heilbrigðissamþyktarinnar ef þeir slátri.

Fleira ekki tekið fyrir

Jón Magnússon Sveinn Björnsson Jón Hj. Sigurðsson
Árni Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Heilbrigðisnefndin hjelt fund með sjer 14. jan 1913

1. Kom fram munnleg kæra frá fátækranefndinni til heilbrigðisnefndarinnar um óforsvaranlega íbúð Lýðs Bjarnasonar trjesmiðs í húsinu Bergstaðastræti 21.
Hjeraðslæknir og heilbrigðisfulltrúi hafa skoðað íbúðina. Húsið er bakhús við N. 21 í Bergstaðastræti. Íbúðin er 2 herbergi, allrúmgóð og hátt undir loft, gluggar sæmilega stórir, standa nokkuð langt frá gólfi. Íbúðin er köld, og slagi allmikill, gólfið er [illegible] á blettunum af slaga. Í íbúðinni er ofn og eldavjel.

Þegar þess er gætt, að heilbrigðisnefndin getur ekki, með því að banna íbúð, komið því til leiðar, að flutt verði úr húsinu fyr en um miðjan maímán. og hinsvegar að íbúðin verður að teljast allsæmileg vor- og sumaríbúð, þá þykir nefndinni varhugavert að fyrirskipa burtflutning nú þegar, einkum þar sem ~~að~~ vitanlegt er húsnæðisleysi er mjög mikið hjer í bænum.
Heilbrigðisnefndin felur heilbrigðisfulltrúa að hafa eftirlit með því að hús þetta verði ekki notað til íbúðar aftur, frá næsta hausti, nema fullkomin aðgjörð fari fram á húsinu.

Fundi slitið

Jón Magnússon  Sveinn Björnsson  Jón Hj. Sigurðsson
Árni Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Heilbrigðisnefndin hjelt fund 25 jan. 1913

Formaður lagði fram brjef dagsett 21. þ.m. frá 3ja manna nefnd, er bæjarstjórnin hafði kosið til að íhuga og láta uppi álit sitt um erindi frá hjerumbil 400 bæjarmönnum til bæjarstjórnar, um það, að hún láti niðurfalla hina nýupptekinu nauðungarhreinsun salerna. 1.
Í brjefi þessu er spurt um, hvort heilbrigðisnefndin telji forsvaranlegt að sleppa hreinsuninni aftur við bæjarmenn, og ef svo sje er nefndin beðin um að láta getið hvort þörf sje þá á tryggingarráðstöfunum af hendi bæjarstjórnar og hverra, telji nefndin þeirra þörf.

Heilbrigðisnefndin er þeirrar skoðunar, að heilbrigði manna og hollustu vegna sje ákjósanlegast, að vatnssalerni sjeu sett í sem allraflest hús og telur heppilegast, að bæjarstjórnin hlynni að þeim, með hverjum móti hún sjer sjer fært; en á öðrum salernum telur heilbrigðisnefndin tryggilegast, að nauðungarhreinsun fari fram á líkum, eða enn tryggilegri, hátt, en bæjarstjórnin hefur ákveðið á síðastliðnu ári, og getur þessvegna ekki mælt með, að horfið sje frá því fyrirkomulagi, sem nú er 2.
á salernahreinsuninni.

Fleiri mál ekki tekin fyrir.

Fundi slitið

Jón Magnússon  Jón Hj. Sigurðsson.  Árni Einarsson
[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Heilbrigðisnefndin hjelt fund 16. dag marsmán 1913

1. Formaður lagði fram brjef dags. 8. mars m. þ. á. frá Jóni Jóhannssyni Laugaveg 69 þar sem hann biður heilbrigðisnefndina veita sjer leyfi til að byggja safngryfju á lóð sinni Laugaveg 69.

~~[Heilbrigðisnefnd hefur ekkert að athuga við, að fyrnefnd safngryfja verði byggð, ef byggingarnefnd og bæjarstjórn leyfir það, en þó með þeim skilyrðum að fyrirmælum heilbrigðissamþyktarinnar um safngryfjur verði fylgt.]~~

Með því að heilbrigðisnefndin álítur, að það falli undir byggingarnefnd og bæjarstjórn að ákveða hvort safngryfja megi byggja á þeim stað, sem um er beðið, þá álítur hún að þetta erindi taki ekki til sín að svo stöddu, en telji það æskilegt ef byggingar gryfjunnar verður leift, að fá þegar tilkynningu um það frá bæjarstjórn, svo að nefndin geti haft gætur á því, að haldin sjeu fyrirmæli heilbrigðissamþyktar bæjarins. (sbr. 20 gr. ~~heilbrigðis~~samþyktarinnar)

2. Skýrt frá brjefi hjeraðslæknis og heilbrigðisfulltrúa dags. 3 mars m. 1913 til Þórðar Þorsteinssonar og Sæmundar Skaftasonar viðvíkjandi afrennsli af svæði á Skólavörðuholti, sem menn þeirra hafa hugsað sjer að nota til fiskverkunar, og var það álit hjeraðslæknis og heilbrigðisfulltrúa að nauðsynlegt væri að gjöra skolpræsi frá fiskverkunarsvæðinu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

niður í skolpræsi, sem lagður er í Barónsstíg.

Heilbrigðisnefndin samþykkti það.

Jón Magnússon  Jón Kr. Sigurðsson  Sveinn Björnsson
Árni Einarsson

Heilbrigðisnefndin hélt fund 7. júní 1913

Rætt var:

1 Hvernig skyldi skerpa eftirlit með framkvæmdum á gömlum ákvæðum í reglugjörð fyrir mjólkursölu í Reykjavík 2 mars 1912

Nefndin ~~[illegible]~~ fellst á þá tillögu heilbrigðisfulltrúa, að gæta sjerstaklega að aðflutningi mjólkur til bæjarins. Heilbrigðisfulltrúi skýrði frá því, að merkingunni á brúsum væri mjög ábótavant, gjörði ráð fyrir, að aðvara (~~utanbæjar~~) mjólkurframleiðendur um þetta atriði, og gefa þeim ef til vill einhvern frest til að koma þessu í lag, en beita síðan ákvæðum reglugjörðarinnar stranglega.

Þá enn var skýrt frá því að heilbrigðisfulltrúi hefði farið fram á það, að fá aðstoð hjá lögregluþjónum bæjarins.
Formaður nefndarinnar lýsti því yfir að hann hefði lofað heilbrigðisfulltrúa að útvega lögregluþjóna til þess að athuga, á þeim tíma, er heilbrigðisfulltrúi tiltekur fyrirfram, þ. e. mjólkurvagnana og ílát þeirra, sem koma til bæjarins.

Nefndin taldi þessar ráðstafanir og fyrirætlanir heilbrigðisfulltrúa mjög heppilegar.

Jón Magnússon  Jón Kr. Sigurðsson  Sveinn Björnsson  Árni Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Heilbrigðisnefndin hjelt fund 23 september 1913.

Rætt var:

1. Umsókn um mjólkursölu frá Davíði Olafssyni í Fischersundi 3.

Heilbrigðisnefndin áleit ekki að staðurinn væri til þess fallinn.

2 Rætt var um mjólkursölustaðinn í kjallaranum Aðalstræti 18.

Nefndin telur staðinn óhafan til mjólkursölu einsog hann nú er, og felur heilbrigðisfulltrúa að banna mjólkursölu á þessum stað eftir 1. oktober, ~~nema~~ þar til eftirfarandi breytingar á staðnum hafa verið gjörðar.

a) Dyr settar í gangi þann sem gengur gegnum kjallarann. Dyr þessar skulu settar rjett fyrir innan ~~inngöngu~~ dyrnar í mjólkursölustofuna

b) Gluggar þjettir fullkomlega og teknir burtu ventilar þeir sem nú eru á gluggunum, og sett þar í stað önnur loftrás utanað, sem heilbrigðisnefnd tekur gilda.

c) Nýr vaxdúkur á borðið.

Fundi slitið.

Jón Magnússon Jón Hj. Sigurðsson. Sveinn Björnsson
Ámi Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nefndin hjelt fund 4. dag nóvember 1913

Rætt var um, að eftir rannsóknum Jóns Þorfasonar og heilbrigðisfulltrúa, ~~væri~~ allmikið af nýmjólk þeirri, sem nú er seld í bænum, langt fyrir neðan lágmark það, sem mjólkursamþykt bæjarins heimtar.

Nefndin fól bæjarfulltrúa Sveini Björnssyni að hreyfa málinu og ræða um það við bæjarstjórnina.

Fundi slitið.

Jón Magnússon
Sveinn Björnsson

Jón Hj. Sigurðsson
Ásm. Einarsson

Nefndin hjelt fund 7. dag nóvembermán. 1913.

Sveinn Björnsson skýrði frá undirtektum bæjarstjórnarinnar um mjólkursölumálið, sem um var rætt á síðasta fundi heilbrigðisnefndarinnar.

Nefndin fól heilbrigðisfulltrúa að halda áfram mjólkurrannsóknum bæði hjer í bænum og umhverfis — þegar þörf krefur — utanbæjar á heimilum framleiðanda.

Fundi slitið.

Jón Magnússon
Jón Hj. Sigurðsson
Sveinn Björnsson

Heilbrigðisnefndin hjelt fund 18. maí m. 1914

Rætt var um (~~umsóknir Jónasar Þorsteins~~), ~~að~~ að biðja heilbrigðisfulltrúa að gæta þess, að nýjir mjólkursölustaðir uppfylli kröfur mjólkursölu reglugjörðarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og nefndin lýsir því yfir að hún er sammála heilbrigðisfulltrúa í kröfum hans um þvottahús í nýjum hafnarbyggingum.

Jón Magnússon          Jón Kj. Sigurðsson
Arni Einarsson

Heilbrigðisnefndin hjelt fund 8. decemb. 1914

Nefndin fól formanninum að endurnýja samning um hreinsun hunda í bænum við hr. Þorstein Þorsteinsson fyrir næstu 3 ár.

Hr. Sveinn Björnsson var forfallaður að mæta.

Fundi slitið.
Jón Magnússon          Jón Kj. Sigurðsson
Arni Einarsson

18. maí 1915 hjelt heilbrigðisnefndin fund

Rætt var um ástand kjallaraíbúða hjer í bænum og fundarins fól heilbrigðisfulltrúa að gjöra tillögur um hvernig þetta mál mætti bezt rannsaka.

Fundi slitið
Jón Magnússon   Sveinn Björnsson   Jón Kj. Sigurðsson
Arni Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28. sept. 1915 var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

Rætt var um

1) Bréf frá verkmannafjelaginu „Dagsbrún" dagsett 16. ágúst þ. á., sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur sent heilbrigðisnefndinni til umsagnar með brjefi d. 27. ágúst þ. á.

Viðvíkjandi fyrsta lið brjefs þessa, um mjólkursölu í bænum, fól nefndin heilbrigðisfulltrúanum, að semja skýrslu um framkvæmdir sínar og umsjón með mjólk, sem seld er hjer í bæ.

Um annan lið, (brauðsölu) hafa aldrei komið kvartanir til heilbrigðisnefndar fyrr en þetta og nefndin tekur að sjálfsögðu (vafalaust) til greina og rannsóknar ef kvartanir koma fram um einstök tilfelli.

Um þriðja lið brjefsins (fisksöluna) vill nefndin taka fram:
Heilbrigðisnefndin telur það mjög nauðsynlegt, að reglur sjeu settar, um frágang á fiski, sem seldur er hjer í bæ og um alla fisksölu og helst þannig, að salan fari fram í þar til gjörðum húsum, þar sem unnt sje, að krefjast fullkomins þrifnaðar.

Hvað snertir kjarnatriðið sjálft er heilbrigðisnefndinni það kunnugt, að ekki hafa verið þau brögð að óþrifnaði þeim og óheilnæmi við fisksöluna sem segir í brjefinu að minnsta kosti ekki síðasta árið.

Um lið 4, (sölu eggja og fæddins kjöts, hafa engar kvartanir komið til heilbrigðisfulltrúa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eða heilbrigðisnefndar. Rökstuddar kærur um þessi atriði mundi heilbrigðisnefndin taka til rannsóknar.

Um 5. lið, salernahreinsunina hefur hvorki engin kæra komið til heilbrigðisnefndar og heilbrigðisfulltrúa, enda er þessi starfsemi undir sjerstöku eftirliti skipaðs af bæjarstjórn.

Um 6. lið, eftirlit með vínsölu kaupmanna, finnur heilbrigðisnefndin ekki ástæðu til þess, að taka neitt sjerstakt fram.

Fleira ekki gjört.

Jón Magnússon

Guðm. Björnsson

Jón Þ. Sigurðsson.

Ólafur Einarsson(?)

2. nóvember 1915 hjelt heilbrigðisnefndin fund.

1. Komið fram erindi frá Benni kaupm. Guðmundssyni (á vegna ~~vegnum~~) Þorsteins Jónssonar Seyðisfirði um leyfi til grútarbræðslu á lýsi í Austurkoti og
2. erindi frá frú Mörthu Strand um leyfi til meðalalýsisbræðslu á erfðafestulandi hennar í nánd við Sundlaugarnar.

Ennfremur var lagt fram erindi frá Páli Erlingssyni sundkennara og frá holdsveikraspítalalækninum: mótmæli gegn leyfisveitingu þessari.

Heilbrigðisnefndin álítur ...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~Þó~~ ~~að~~ lýsisbræðsla fari ekki fram nema á einum stað í nánd við bæinn og liggur, að (heppilegasti) hentugasti staðurinn væri Fossvogur og með heilbrigðisnefndin ekki veita ný lýsisbræðsluleyfi af neinu tagi annarsstaðar. Þar af leiðandi verða hin umbeðnu leyfi ekki veitt. Upplesið.

Jón Magnússon   Sveinn Björnsson   Jón Hj. Sigurðsson.
Árni Einarsson

28. desember 1915 hjelt heilbrigðisnefndin fund.

Lagt fram brjef yfirdómslögmanns Lárusar Fjeldsteds fyrir hönd Þorsteins kaupm. Jónssonar á Seyðisfirði viðvíkjandi lifrargufubræðslu í Austurkoti í Kaplaskjóli.

Engin ákvörðun tekin um málaleitun þessa.

Heilbrigðisnefndin fól Sveini Björnssyni og Jóni Hj. Sigurðssyni að eiga viðtal við bæjarstjóra um stað fyrir lýsisbræðslu á landi bæjarins.

Fundi slitið.

Jón Magnússon   Sveinn Björnsson   Jón Hj. Sigurðsson
Árni Einarsson

22. februarm. 1916 hjelt heilbrigðisnefndin fund.

1 Lagt var fram brjef frá kaupmanni Th. Thorsteinsen þar sem hann biður um leyfi til lýsisbræðslu á strandlengjunni milli Laugarness og Klepps fyrir hönd „Lýsisbræðslufélags Reykjavíkur“

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Byggt á dagsett 21. febrúar 1916.
Eins og ráð var fyrir gjört á síðasta fundi heilbrigðisnefndar áttu þeir Sveinn Björnsson og Jón Hj. Sigurðsson samtal við borgarstjóra um stað fyrir lýsisbræðslu í landareign bæjarins, fóru þeir ásamt með hr. Sveinbirni Sveinbjarnarsyni á staði þá, sem hyggilegastir þóttu til þessarar atvinnu. Kom þeim saman um að rjettast væri í bráð að leyfa lýsisbræðslu takmarkaðan tíma (4-5 ár) á Klöppunum milli Laugarness og Klepps, þó aðeins 4-5 mönnum eða fjelögum, og með því skilyrði að alls ekki væri brætt þegar vindur stendur á holdsveikrasjúkrahúsið í Laugarnesi.

Heilbrigðisnefndin leyfir fyrir sitt leyti lýsisbræðslu á þessum stað í 4 ár frá 1. mars þ. á. með eftirgreindum skilyrðum:
1) að hreinlæti á bræðslustöðunum sje háð eftirliti heilbrigðisfulltrúa og gætt sje fyrirskipana heilbrigðisnefndar um hreinlæti.
2) að ekki sje brætt í austanátt, eða þegar vindurinn stendur af bræðslustaðnum á Laugarnesspítala.
Sje þessum skilyrðum ekki haldið áskilur heilbrigðisnefnd sjer rjett til að fella lýsisbræðsluleyfi þetta úr gildi fyrirvaralaust.

2. Lagt var fram erindi frá rannsóknarstofunni dag. 14. þ. m. þar sem hún býðst til að taka að sjer eftirlit með mjólk, sem seld er hjer í bænum og rannsókn á henni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Heilbrigðisnefndin telur það bót, að rannsóknarstofan taki að sjer mjólkurrannsóknir þessar þar sem eptirlit heilbrigðisfulltrúa þar með yrði mun ljettara og aðallega falið í eptirliti með hreinlæti á útsölustöðunum, rannsóknir á mjólkinni tíðari og nákvæmari en ella gæti orðið. Ennfremur losnaði heilbrigðisfulltrúinn að mestu við mjólkureftirlitið og fengi því meiri tíma til, þess að sinna öðrum störfum, sem nú hljóta að sitja á hakanum.

Fundi slitið.

Jón Magnússon Jón Kr. Sigurðsson

Ágúst Jósefsson Árni Einarsson

18. apríl m. 1916 hjelt heilbrigðisnefndin fund.

Lagt fram brjef Þorsteins Jónssonar dagsett 4. apríl 1916 þar sem hann endurtekur beiðni sína um leyfi til lýsisbræðslu í Austurkoti í Kaplaskjóli.

Heilbrigðisnefndin getur ekki að svo stöddu leyft lýsisbræðslu á hinum umbeðna stað, en vill fyrir sitt leyti veita umsækjanda leyfi til lýsisbræðslu á Klöppunum milli Laugarness og Klepps með sömu skilyrðum og sett hafa verið lýsisbræðslufjelaginu „Baldur“ og Emil Strand. Fundi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

slitið.

Jón Magnússon — Jón Hj. Sigurðsson

Ágúst Jósefsson — Árni Einarsson

Heilbrigðisnefndin hjelt fund 28. nóvember 1916.

Lögð fram skýrsla um mjólkurrannsókn í októbermán. Heilbrigðisfulltrúi getur þess að hann hafi mált mjólk frá þokkrum bæjum í Mosfellssveit undanfarna daga og mjólkin ekki reynst nógu fitumikil, og þessvegna hefir hann sent mjólkina aftur. Í sambandi við þetta hefir hann talað við forstöðumann rannsóknarstofunnar og hafi til tals milli þeirra að gott væri að láta almenning vita af að grunur væri um að mjólkin væri ekki eins og hún ætti að vera frá sjer, og gefa mönnum heimild að fara með hana á rannsóknarstofuna og láta rannsaka hana ókeypis.

Nefndin telur það heppilega ráðstöfun, að þetta sje auglýst.

Nefndin væntir þess að heilbrigðisfulltrúi haldi áfram að hafa gætur á fitumagni mjólkurinnar, eins og hann hefir gjört.

Fundi slitið.

Jón Magnússon — Jón Hj. Sigurðsson

Ágúst Jósefsson — Árni Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Heilbrigðisnefndin hjelt fund 20. desemb. 1916.

Lögð var fram skýrsla um mjólkurrannsókn Rannsóknarstofunnar frá 30/11–18/12 1916, ásamt brjefi frá Gísla Guðmundssyni dagsettu 18. desember þ. á., þar sem vakin athygli á því, að margir mjólkurframleiðendur geti ekki fullnægt ákvæðum mjólkurreglugjörðarinnar um fitumagn (3.25%) hátt á annan mánuð eftir burð kúnna, jafnvel þótt um skír kvalti sje að ræða. Lætur hann það álit sitt uppi, að brýna nauðsyn beri til að lækka fitumarkið svo að meiri hlutinn af ósviknni mjólk, sem kemur til sölu, geti fullnægt þar um settum reglum, enda sje fitumarkið hjer hærra en víðast hvar erlendis t. d. í Þýskalandi sje lágmarkið 3%.

Með því að það hefir áður komið í ljós við mjólkurrannsóknirnar, að fitumagn mikils hluta ósviknar nýmjólkur, sem hingað flytst til bæjarins fyrri hluta vetrar, einkum eftir óþurkasumur, ekki nær því marki, sem mjólkurreglugjörðin ákveður nú (3.25%) og ógjörningur virðist að senda heim til framleiðenda alla þá mjólk, sem reynist fitulítil, verður heilbrigðisnefnd að bera fram tillögu fyrir bæjarstjórn: að fitumark nýmjólkur verði lækkað úr 3.25% niður í 3%.

Beiðni Gísla Guðmundssonar um að sett væri ákvæði um það hvað ... mjólkur...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vera gömul er hún kemur á útsölustað, einkum vegna þess að hún er í sjálfu sjer tjón, en nefndin byggir, að þessskonar ákvæði myndi verða mjög erfitt í framkvæmd og gjörir því enga tillögu um þetta atriði.

Fundi slitið

Jón Magnússon — Jón Hj. Sigurðsson

Ásgeir Jósefsson — Ámi Einarsson

Heilbrigðisnefndin hjelt fund með sjer (skjól) fund miðvikudaginn 28 maí 1916. Var þá tekið fyrir:

1. Lagt var fram brjef borgarstjóra dags. 23 desemb. síðastl. viðvíkjandi hvert skyldi vera lágmark fitu í nýmjólk, og er beðið ýmsra upplýsinga í málinu. Formaður heilbrigðisnefndar ~~hafði~~ áður hafði aflað Gísla Guðmundssyni gerlafræðing brjef borgarstjóra og beðið hann að útvega um betra skýrslur, og er nú framlögð ~~brjef~~ skýrsla Gísla Guðmundssonar viðvíkjandi þessu efni ásamt brjefi hans dags. 2 maí 1917, þar sem um betra ~~skýringar~~ skýrslur má fá síðar. Samþykkt var tillaga Gísla Guðmundssonar og ákveðið að halda fast við að fitumark verði ákveðið 3%. Hinsvegar leggur heilbrigðisnefndin áherslu á að strangar gætur verði hafðar á því að þetta skilyrði verði fullnægt.

2. Lagt fram brjef s. s. dags. 23 f. m. með 6. fylgiskj., sem send (eru) til umsagnar nefndarinnar um fyrirhugað kirkjugarðsstæði. Var í því máli samþykkt svohljóðandi tillaga:

Heilbrigðisnefndin lítur svo á að eftir þeim rannsóknum, sem fyrirliggja á hinu fyrirhugaða kirkjugarðsvæði verði ekki ákveðið með vissu hvort greint svæði er nothæft, og leggur því til að þessari rannsókn sje fram haldið, og jafnframt sje athugað hvort ekki sje völ á betra kirkjugarðsstæði annarstaðar í landi bæjarins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fleiri ekki fyrir tekið

Fundi slitið

Sig. Eggerz

Jón Þ. Sigurðsson.

Ágúst Jósefsson ritar

Th. Arna Einarssonar

Gísli Guðmundsson

Ár 1917 þriðjudaginn 23 apríl var heilbrigðisnefndin fund með sjer á skrifstofu bæjarfógeta.
Skýrði hjeraðslæknir frá að taugaveiki væri að útbreiðast í bænum, og 25 tilfelli hefðu komið fyrir síðan 6. febr.
Samþykti heilbrigðisnefndin:
1. að nauðsynlegt væri að fá leyfi til að einangra sjúklingana í. ~~Var ey~~ Var ákveðið að fá franska spítalann ef hægt væri og var Matthíasi Einarssyni lækni þegar á fundinum falið að útvega heimild til að spítalinn væri lánaður.
Ákveðið var jafnframt ef að fengist að halda að ráða ~~spítala~~ hjúkrunarkonur og matreiðslukonu til að standa fyrir matartilbúningi og gera allar þær ráðstafanir, sem hjeraðslæknir teldi nauðsynlegar fyrir spít. Er borgarstjóri og bæjarfógeta hefðu í ráði um um allar ráðstafanir, sem gerðar yrðu.
2. Var ákveðið að heilbrigðisfulltrúi liti eftir vatnsbrunnum, þrifnaði og þrifnaði á [illegible] þeim, sem veikin ~~er upp~~ er í.
b. að senda væri læknum fyrirskipun um ~~að~~ upp í hvert tilfelli til þess að athuga hvort taugaveiki mundi hafa verið á heimili þeim, sem mjólkursalinn á ~~[illegible]~~ seldi frá, sem veikin er í, hafa fengið mjólk sína frá.
c. að mælast til þess við alla lækna í bænum að skýra hjeraðsl. samstundis frá því ef ~~[illegible]~~ taugaveikitilfelli kemur fyrir, eða grunur leikur á þeirri veiki.

3. Í sambandi við atriði 1. var ákveðið að leyfa borgarstjóra að ráða 1. hjúkrunarkonu og 1. vökukonu, en þær svo [illegible] kemur fyrir sem [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en á sjúklinum, annari meðhöndlun, en á öðrum kosti verði enginn á móti meðhöndluninni —

Fleiri ekki fyrirtekið
Fundi slitið

Júl. Sigurðsson    Sig. Eggerz
sign.

Ágúst Jósefsson
Ámundi Árnason

24. október 1917 hjelt heilbrigðisnefndin fund.

1° Lagt fram erindi borgarstjóra, ásamt brjefi stjórnarráðsins dags. 19 október um stækkun Kirkjugarðs Reykjavíkur + + +

Heilbrigðisnefndin hafði í þessu máli á fundi 28. marz síðastl. samþykkt þá tillögu að áður en hún gæti látið uppi álit sitt um það hvort svæði það sem um ræðir í bréfinu þyrfti frekari rannsókn á því að fara fram. Þar sem ekki sjest að nein slík rannsókn hafi farið fram, verður heilbrigðisnefndin að halda við fyrra álit sitt um að eigi verði með vissu um notkun svæðisins sagt, fyr en frekari rannsókn hefur farið fram um grunnvatn þar. Jarðvegsdýptina mætti auðvitað auka með nokkurri uppfyllingu, með því að víst mun, að á nokkrum hluta svæðisins er hún ekki nægileg

2° Lögð var fram beiðni Mjólkurfjelags Reykjavíkur um leyfi fyrir mjólkursölustað á Hverfisgötu 56. B. [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917 miðvikudaginn 11. júlí átti heilbrigðisnefndin fund [illegible] á skrifstofu bæjarfógeta.

1. Kæra hafði verið yfir margarine sölu hjá Elíasi Lyngdal kaupmanni Njálsgötu. Lagt var fram 1. stykki af margarine, er keypt hafði verið hjá greindum kaupmanni. Leit nefndin svo á að greint margarine væri skemd vara, og var ákveðið að láta skoða margarine hjá greindum kaupmanni, og banna sölu á því, nema nýlagað verði tekið í búð, ef margarine hyrfti hann reynast eins og greint stykki.
2. Lögð fram mjólkurskýrsla dags. 3. júní, og þótti ekki við hana að athuga.

Fleira ekki fyrir tekið

2.

Fundi slitið

Sig. Eggerz
[illegible]

Júl. Sigurðsson
Ágúst Jósefsson
Árni Einarsson

að fresta að taka nokkra ákvörðun um mál þetta, með því að von er á nýjum lögum um mjólkursölu í Reykjavík og þá líklegt að þurfi allmikla breytingu á mjólkursölunni í bænum og þykir eigi taka því að veita ný leyfi fyrir svo stuttan tíma.—

Fleira var ekki tekið fyrir

Fundi slitið

Eggert Einarsson

Júl. Sigurðsson Ágúst Jósefsson
Árni Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, mánudag 12. nóv. hjelt heilbrigðisnefndin fund í heimili bæjarfógetans í Thorvaldsensstræti nr. 4. og voru allir nefndarmenn á fundi.

Verðlagsnefndin, matvælanefnd Reykjavíkur og heilbrigðisnefnd höfðu fyrir nokkru átt fund með sjer sameiginlega meðal annars útaf því, hvernig því yrði við komið að sjá um að eigi væru seld svikin matvæli og að eigi væru seld matvæli á hærra verði en ákveðið er með þeim hámarksverðsákvæðum sem gilda. Var heilbrigðisnefnd ~~[illegible]~~ falið því að gjöra sitt til að sjá um að ákvæði þessi yrðu haldin með því að reyna að rannsaka matvæli þau, sem seld væru hjer eins og þörf gjörðist að áliti hennar og gjöra tillögur um eptirlit með hámarksverðsákvæðunum.—

Nú hefir formanni heilbrigðisnefndar borist brjef frá stjórnarráðinu, þar sem gjörð eru ýms ákvæði um verð á hangikjöti og kæfu. Enn fremur hafði áður verið ákveðið hámarksverð á slátri, en þareð sláturtíð er nú að mestu úti mun eigi mikið frekara þurfa að gjöra í því efni.

Nefndin ræddi um eptirlit með matvælum yfirleitt og sjerstaklega með tilliti til nefndra hámarksverðsákvæða um hangikjöt og kæfu. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að eins og sakir standa væri eptirlit algjörlega óframkvæmanlegt og yrði til þess að setja upp einhverja eptirlitsmiðstöð þar sem skoðuð yrðu yfirleitt öll matvæli, sem flyttust utan af landinu til sölu hjer í bænum og yrðu merkt á einhvern hátt, þannig að eigi væri hægt að fara í kring um hámarksverðsákvæði. Sjerstaklega taldi nefndin það óhjákvæmilegt, að einhver sjerstök eptirlitsstofnun yrði sett upp [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að sjá um að hámarksverði á hangikjöti og kæfu yrði fylgt, þareð það af verðlagsnefnd er gjört svo margbrotið að þörfu gegnir og eptirlit eins og þyrfti til að geta slíkra áhvæða virðist mundu verða afar margbrotið og dýrt og ómögulegt án slíkrar stofnunar. Ef til vill mætti með aðstoð rannsóknarstofunnar framkvæma eptirlit þetta nokkurn vegin sæmilega, en þar sem nefndin hefur ekkert fje til umráða, og henni er óljóst, hver bera á útgjöldin af slíkri rannsókn, sem hjer mundi þörf á, telur hún sig eigi geta gjört neitt til eptirlits með hámarksverði þessu, fyr en úr því sje skorið, hver greiða eigi þann mikla kostnað, sem af eptirlitinu mundi leiða, ef gagn ætti að vera að.

Ef verðflokkunin væri einfaldari, t. d. miðuð við það hvort hangikjötið væri úr nýsölkuðu eða gamalpækluðu kjöti, teldi nefndin ekki ókleyft að hafa eitthvert eptirlit með hámarksverðinu og vörugæðum, sem gæti komið að nokkru gagni, með því að taka sýnishorn hjá seljendum við og við og láta rannsaka.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið

Jón Hj. Sigurðsson.

Vigfús Einarsson
— ritari —

Ágúst ~~Pálsson~~

Árni Einarsson

Ár 1918, föstudag 4. janúar ~~hjelt~~ heilbrigðisnefndin fund með sjer ~~og~~ í skrifstofu bæjarfógeta og voru allir nefndarmenn á fundi.

Lagt var fram brjef borgarstjóra 12. f. m. og brjef mjólkurfjelags Reykjavíkur ...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vottorðum hjeraðslæknis um heilbrigði seljenda mjólkur í bænum. ÷ ÷ ÷

Heilbrigðisnefndin ákvað, að hún skyldi skoða mjólkursölustaði bæjarins, þá sem leyfi hafa verið með nefndu brjefi borgarstjóra til þess að komast að raun um, hvort þeir fullnægi kröfum reglugjörðar 10. nóv. f. á. og skyldu þeir vera í fullu lagi innan mánaðar frá skoðunardegi og þá lokað nema viðgerð hefði farið fram, svo að staðirnir yrðu forsvaranlegir. Lögreglustjóra var falið, að láta þegar loka þeim mjólkursölustöðum sem eigi hafa mjólkursöluleyfi. –

Formaður lagði fram brjef borgarstjóra, dags. 20. f. m. um útvegun farsóttarsjúkrahúss. ÷ ÷

Rætt var um erindi þetta og kom heilbrigðisnefndinni saman um það, að bráðnauðsynlegt sje að útvegað sje sjúkraskýli fyrir sjúklinga með næma sjúkdóma og sjer eigi annað ráð hentugra, en ef mögulegt væri að fá frakkneska spítalann til þess, þó ekki væri nema að einhverju leyti. Ákvað nefndin, að fela hjeraðslækni, að hlutast til um að máli þessu yrði sem allra fyrst komið í framkvæmd, ásamt borgarstjóra, sem bæjarstjórn hefur falið að sjá um málið. –

Fleira var ekki tekið fyrir
Fundi slitið. –

Sigfús Einarsson
– settur –

Jón Þorkj. Sigurðsson

Ágúst Jónsson
Ásm. Lárusson

Ár 1918 mánudaginn hinn 6. maí hjelt heilbrigðisnefndin fund með sjer á skrifstofu lögreglustjóra. Nefndarmaður Benedikt Sveinsson var ekki á fundi; hafði boðað forföll.

1. Lagt fram erindi frá borgarstjóra til bæjarfógeta, dags. 27. febr. þ. á., þar sem beiðst er umsagnar heilbrigðisnefndar um erindi dr. phil. Ólafs Daníelssonar, dags. 20. s. m., um að fá leyfi til að breyta kjallaraíbúð í húsi sínu nr. 18 við Skólavörðustíg í geymslurúm. Brjefi borgarstjóra fylgdi úrskurður húsaleigunefndar um þetta mál, dags. 20. s. m., og hefur heilbrigðisnefndin ekkert við hann að athuga.

2. Lagt fram erindi frá Jóni Eiríkssyni, ódagsett, þar sem hann beiðist úrskurðar heilbrigðisnefndar um, hvort íbúð hans í kjallara í húsinu nr. 85 við Hverfisgötu sje leigufær. Eptir að hafa athugað húsnæði þetta, telur heilbrigðisnefnd það með öllu ónothæft til íbúðar.

3. Fyrirspurn, sem komið hafði til heilbrigðisfulltrúa frá formanni Mjólkurfjelagsins, um það hvort ákvæðum reglugjörðar 10. nóv. 1917 yrði stranglega framfylgt, að því er útbúnað mjólkurbúða snertir, þótti einhlýtt að svara þannig, að að sjálfsögðu yrði þeim ákvæðum framfylgt gagnvart mjólkurbúðunum strax og sá frestur er útrunninn, sem bæjarstjórnin hefur sett til þess að koma þeim í löglegt stand.

Heilbrigðisfulltrúa var falið að sama-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sóka vagna þá og ílát, sem mjólk er flutt í til bæjarins.

Heilbrigðisfulltrúa afhent til frekari meðferðar skýrsla frá Rannsóknarstofunni um niðurstöður mjólkurrannsókna.

4. Útaf kvörtunum, sem borist höfðu nefndarmönnum um erfiðleika á sorpflutningi úr austurbænum niður í Skothúsveg, ~~þar~~ var lögreglustjóra falið að fara fram á það við borgarstjóra að ákveða einhvern stað austur við bæinn, þar sem láta megi sorp úr austurbænum, að öðrum kosti ~~tolát~~ hætta á, að menn láti ~~sorp~~ sorpið á óleyfilega staði.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið

~~Jón Hermannsson~~

Guðm. Sigurðsson

Árni Einarsson

Ár 1918 þriðjudaginn hinn 4. júní hjelt heilbrigðisnefndin fund með sjer á skrifstofu lögreglustjóra.

1. Lagt fram bjef frá Guðjóni Helgasyni í Laxnesi, dags. 11. f. m., og bjef frá bæjarverkfræðingum, dags. í dag, viðvíkjandi húsakynnum í Melkoti við Reykjavík (Suðurgötu). Hafði hjeraðslæknir áður skoðað bæ þenna. Var það einhuga álit nefndarmanna, að bær þessi sje nú í því ástandi, að hann sje með öllu ókæfur til íbúðar.

2. Heilbrigðisfulltrúa var falið að fara um mjólkurbúðirnar þegar mjólkin kemur þangað og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

rannsaka mjólkina og banna að selja alla mjólk, sem reynist súr eða óhrein. Samþykkt að fela formanni og heilbrigðisfulltrúa að gjöra þær ráðstafanir, sem þörf þykir, til þess að menn fullnægi skilyrðum mjólkurreglugjörðarinnar um mjólkurbúða og mjólkurflutningsvagna, og beita sektum ef þörf þykir.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fund. slitið

Jón Hermannsson
Jón Hj. Sigurðsson
Árni Einarsson Benedikt Sveinsson.

Ár 1918 laugardaginn hinn 2. nóvember hjelt heilbrigðisnefndin fund með sjer á skrifstofu lögreglustjóra. Heilbrigðisfulltrúinn var veikur og því ekki á fundi.

1. Samþykkt var að skora á bæjarstjórnina, vegna influenzu þeirrar, er gengur nú í bænum, að gjöra þegar ráðstafanir til þess að hafa til reiðu nægilegt sjúkrahúsrúm handa þeim influenzu-sjúklingum í bænum, sem ekki eiga ~~eigi~~ nokkurn kost á að fá hjúkrun þar sem þeir búa, að dómi læknis, og sjerstaklega fyrir þá af ~~þeim~~ nefndum sjúklingum, sem fá lungnabólgu upp úr veikinni eða með henni.

2. Samþykkt að hjeraðslæknir heimti skýrslu af læknum bæjarins tvisvar á viku meðan influenzan gengur hjer, um öll influenzutilfelli í bænum, sem þeir verða varir við, og að fela hjeraðslækni allar framkvæmdir hjer að lútandi.

Fleira ekki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tekið fyrir.

Fundi slitið

Th. Hermannsson

Jón Hj. Sigurðsson  Benedikt Sveinsson.

Ár 1918, miðvikudaginn 20. nóvember hjelt heilbrigðisnefndin fund með sjer í skrifstofu bæjarfógeta. Allir nefndarmenn voru mættir.
Fyrir nefndinni lá bréf Stjórnarráðsins um umsögn hennar um símskeyti frá skrifstofu þess í Kaupmannahöfn þar sem spurzt er fyrir um það, hvort vænt þætti að fá stjórnarráðið danska til að senda hingað upp skip með hjálp.
Heilbrigðisnefndin er þeirrar skoðunar að veikin sje nú mjög í rjenun hjer í bænum og að slík hjálp, sem hjer er um að ræða, þá mundi koma of seint til að verða að verulegu liði, einkum og sjer í lagi þar sem nægileg meðul kvað koma nú með Botníu.
Heilbrigðisnefndin vill beina þeirri ósk til blaðanna að þau vari fólk við hættu þeirri, sem stafar af ofkælingu við jarðarfarir.

Fleira eigi tekið fyrir.
Fundi slitið

Th. Hermannsson
settur lögreglustjóri.

Jón Hj. Sigurðsson.

Ágúst Jósefsson  Benedikt Sveinsson.

Ár 1919 miðvikudaginn hinn 29. janúar hjelt heilbrigðisnefndin fund með sjer á skrifstofu lögreglustjóra.

Samþykkt var að auglýsa í dagblöðunum hjer varúðarreglur og leiðbeiningar til almennings um hverrar meðferðar skuli gætt til þess að forðast smittun af taugaveiki, sem nú hefur stungið sjer niður hjer og hvar í bænum, og um meðferð á sjúkdómstilfellum, sem geta bent til þess, að um taugaveiki kynni að ræða.

Hjeraðslækni var falið að semja leiðbeiningarnar.

Heilbrigðisfulltrúa var falið að líta eptir því, að því leyti sem kostur er á, hvort menn gæti þessara reglna og leiðbeininga utanhúss.

Fundi slitið

Jón Hermannsson

Ðórð. Sigurðsson. Ágúst Jósefsson. Benedikt Sveinsson.

Ár 1919 þriðjudaginn hinn 11. marz hjelt sóttvarnarnefnd Reykjavíkur fund með sjer á skrifstofu lögreglustjóra.

Skýrt var frá því, að stjórnarráðið hefði ákveðið að setja s/s. Borg, sem kom hingað frá Leith í dag, í sóttkví þangað til 7 sólarhringir væru liðnir frá því skipið hafði skipti síðast við land í Skotlandi, en hefði gefið það í vald sóttvarnarnefndarinnar, hvernig farið skuli með póstinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í skipinu. Sóttvarnarnefndin ákvað að fara eptir reglunum í 2. lið auglýsingar 20. jan. þ. á. um póstinn, úr því skipið hefði verið sett í sóttkví.

Fundi slitið

Jón Hermannsson  Jón Hj. Sigurðsson
Benedikt Sveinsson.

Ár 1919 miðvikudaginn hinn 3. apríl hjelt heilbrigðisnefndin fund með sjer á skrifstofu ~~bæjarstjóra~~ lögreglustjóra.

Lagðar fram umsóknir til bæjarstjórnar frá bakaranum Theodór J. Siggeir um mjólkurbúð á Frakkastíg 14 og frá Mjólkurfjelagi Reykjavíkur um mjólkurbúð á Laugaveg 7. Ennfremur lagt fram brjef frá heilbrigðisfulltrúa til borgarstjóra, dags. 29. f. m., um þetta mál.

Heilbrigðisnefndin ~~lagði~~ samþykkti að leggja til, að bæjarstjórn veiti ekki Mjólkurfjelaginu leyfi til að hafa mjólkurbúð á Laugavegi 7 ~~með~~ fyrr en fjelagið hefur sannað með vottorði heilbrigðisfulltrúa, ~~að það~~ ~~því skilyrði~~, að ~~fjelagið~~ það hafi bætt ~~innan hálfs mánaðar frá leyfisveitingu~~ úr þeim ágöllum, sem nú eru á búðinni og getur í framannefndu brjefi heilbrigðisfulltrúans, dags. 29. f. m., Enda hafi fjelagið gjört það innan ½ mán. frá því það fjekk ~~tilkynning~~ svar bæjarstjórnar, að öðrum kosti sje búðinni þá lokað. ~~Hinsvegar~~ Hinsvegar þykir nefndinni varhugavert að innleiða það, að veita bakarabúðum mjólkursöluleyfi og vill því ekki mæla með, að leyfi til mjólkursölu verði veitt þeim Theodor J. Siggeir.

Fundi slitið

Jón Hermannsson  Jón Hj. Sigurðsson
Benedikt Sveinsson.
Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919 þriðjudaginn hinn 29. apríl hjelt heilbrigðisnefndin fund með sjer á skrifstofu lögreglustjórans.

1. Lagt fram brjef frá borgarstjóra, dags. 10. þ. m., þar sem hann beiðist umsagnar heilbrigðisnefndar um erindi frá hæstarjettardómara Kristjáni Jónssyni um skaðabætur til dánarbús Jóns prófessors Kristjánssonar fyrir mjólk frá Kálfakoti, sem bannað hafði verið að selja hjer í bænum um tímabilið frá 1. til 15. janúar þ. á. Þareð formaður og heilbrigðisnefndin vísar til álits, dags. í dag, sem hjeraðslæknir hefur ritað nefndinni um þetta mál, lætur nefndin í ljósi, að ekki geti verið um neinar skaðabætur að ræða, þótt bannað sje að selja mjólk hjer í bænum samkvæmt ákvæðum 4. gr. reglugjörðar 10. nóv. 1917, um mjólkursölu í Reykjavík.

2. Lagt fram brjef frá heilbrigðisfulltrúanum, dags. 22. þ. m., um löggilding mjólkurbúðar Sveins M. Hjartarsonar á Bræðraborgarstíg 1. Heilbrigðisnefndin leggur til, að mjólkurbúð þessi sje löggilt með því skilyrði, að skólpleiðsla sje sett í búð þessa.

Fundi slitið

Jón Hermannsson    Jón H. Sigurðsson

Benedikt Sveinsson.    Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919 föstudaginn hinn 11. júlí átti sóttvarnarnefndin í Reykjavík fund með sjer á skrifstofu lögreglustjóra.

1. Samþykkt var að greiða hjúkrunarkonu Elínu Tómasdóttur og ráðskonu Ingibjörgu Hjartardóttur 3 kr. á dag hvorri til þess að vera til taks hjer í bænum til þess að gjöra þjónustu á sóttvarnarhúsinu hjer ef á þarf að halda. Gildir þetta um tímabilið frá því þær komu í þjónustu sóttvarnarhússins og fyrst um sinn til ágústloka þ.á. Þegar þær starfa í sóttvarnarhúsinu fái þær 7 kr. dagkaup einungis.
2. Lögð fram bréf frá sóttvarnarlækninum og prófessor Guðm. Hannessyni formanni landsóttvarnarnefndarinnar um nauðsynlegar aðgerðir og umbætur á sóttvarnarhúsinu hjer. Samþykkt að láta framkvæma þær aðgerðir á húsinu utanhúss, sem með þarf til að varna því frá skemmdum, þar með talið að veita vatni frá því með lokræsi svo vatn gangi ekki í kjallarann.

Fundi slitið

Jón Hermannsson  Jón Hj. Sigurðsson

Benedikt Sveinsson.

Ár 1919 föstudaginn hinn 11. júlí átti heilbrigðisnefnd Reykjavíkur fund með sjer á skrifstofu lögreglustjóra. Heilbrigðisfulltrúi var ekki á fundi.

1. Heilbrigðisnefndin ályktar að skora á bæjarstjórn Reykjavíkur að gjöra nú þegar gangskör að því og ráðstafanir til þess, að hæfilegt sjúkrahússpláss verði hjer til taks handa sjúklingum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

úr bænum með næma sjúkdóma á næsta hausti.

Fundi slitið

Th. Hermannsson.  Jón Hj. Sigurðsson

Benedikt Sveinsson.

Ár 1919 miðvikudaginn 1. október átti sóttvarnarnefndin í Reykjavík fund með sjer á skrifstofu lögreglustjóra.

Lagt fram brjef frá borgarstjóranum í Reykjavík, dags. í gær, þar sem hann beiðist þess, að bæjarstjórnin fái fyrst um sinn til afnota 3 herbergi í sóttvarnarhúsinu hjer fyrir taugaveikis og skarlatssóttar sjúklinga.

Sóttvarnarnefndin sjer sjer ekki fært upp á sitt eindæmi að lána sóttvarnarhúsið til hins umbeðna, þar sem hún hefur húsið til umráða aðeins ~~fyrir aðkomnar sóttir frá útlöndum~~ til þess að taka þar við sjúkum mönnum frá aðkomuskipum, ef þörf gjörist að sóttkvía þá.

Hinsvegar vill sóttvarnarnefndin skjóta því til stjórnarráðsins, hvort það sjái sjer ekki fært að lána bæjarstjórninni húsið til umræddar notkunar til bráðabirgða og telur sóttvarnarnefndin að fyrir húslánunu ætti að setja þessi skilyrði:

1. Að bærinn noti sín eigin áhöld, rúm, rúmföt, önnur húsgögn, eldhúsáhöld o. s. frv. handa sjúklingunum.
2. Að bæjarstjórnin, með[...]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nýmálað, skili herbergjum þeim og göngum, forstofu o. s. frv., sem hún hefur látið nota í húsinu eða umgangur hefur verið hafður um, sóttheinsuðum ~~og~~ nýmáluðum með olíufarfa, og skemmdir að öðru leyti bættar.

3. Að bæjarstjórnin láti sóttvarnarnefndinni í tje hæfilegt og nægt húsnæði handa sjúkum mönnum frá aðkomuskipum, tafarlaust ef þörf gerist að sóttkvía þá. Láti til þess hæfileg herbergi í barnaskólahúsi bæjarins, ef hún getur ekki látið annað fullnægjandi húsnæði. Að þetta umrædda húsnæði sje lánað leigulaust og án skyldu til að setja það í stand að afnotunum loknum.

4. Að bæjarstjórnin hafi vikið úr sóttvarnarhúsinu í síðasta lagi svo tímanlega, að hún skili ~~húsinu~~ sóttvarnarnefndinni húsinu, í fullu standi eptir 2. atriði hjer á undan, í miðjum janúarmánuði næstkomandi.

Fleira ekki tekið fyrir á fundinum.

Fundi slitið

Jón Hermannsson Jón Hj. Sigurðsson
Benedikt Sveinsson.

Ár 1919 miðvikudaginn 29. október átti heilbrigðisnefnd ~~H~~ Reykjavíkur fund með sjer á skrifstofu lögreglustjóra.

1. Lögð fram umsókn formanns Mjólkurfjelags Reykjavíkur, dags. 13. þ. m., um löggildingu mjólkurbúðar á Laugavegi 68. Heilbrigðisnefndin leggur til, að umrætt húsrúm sje löggilt sem mjó[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

farandi skilyrðum:

a/. Að búðarloptið sje pappaklætt og hvítmálað.

b/. Að gólfið fyrir innan búðarborðið sje pakið línoleumsdúk.

c/. Að afgreiðsla mjólkurinnar fari ekki fram gegnum verslunarbúðina, sem er áföst hinni fyrirhuguðu mjólkurbúð, heldur aflæst á milli.

Það athugast, að í sama erindi Mjólkurfjelagsins, er sókt um löggilding á mjólkursölubúð á Laugavegi 46, en sú búð er áður löggilt og hefur ekki verið breytt síðan, og er ný löggilding því óþörf.

2. Lögð fram umsókn frá Mjólkurfjelagi Reykjavíkur, (dags. 1. þ. m.) um löggildingu mjólkursölubúðar á Laugavegi 10. Heilbrigðisnefndin leggur til, að leyft verði eptir atvikum að hafa mjólkursölubúð á umræddum stað til 30. júní 1920 með eptirfarandi skilyrðum:

a). Að loptið í mjólkurgeymsluherberginu sje pappalagt og hvítmálað.

b). Að gólfið fyrir utan afgreiðsluborðið sje klætt með línóleumsdúk.

Fleira ekki fyrir tekið. Benedikt Sveinsson var ekki á fundi.

Fundi slitið

Th. Hermannsson  Guðm. Sigurðsson.
Ágúst Jósefsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920 föstudaginn hinn 13. febrúar átti heilbrigðisnefnd Reykjavíkur fund með sjer á skrifstofu lögreglustjóra.

I. Lagt fram brjef borgarstjóra, dags. 9. ~~febr.~~ þ. m., þar sem hann beiðist tillagna heilbrigðisnefndarinnar útaf brjefi stjórnarráðsins til hans, dags. s. d., um að bæjarstjórnin hafi viðbúnað til þess að taka á móti influenzunni, ef hún skyldi berast hingað.

Útaf þessu samþykkti heilbrigðisnefndin að leggja það til, að bæjarstjórnin gjöri nú þegar ráðstafanir til:

1. að til taks sje hæfilegt húsnæði til þess að leggja inn í influenzusjúklinga, og virtist nefndinni, eftir atvikum, ekki geta verið um annað húsnæði að ræða í því efni en barnaskólahúsið,
2. að útvega og hafa til taks 100 uppbúin rúm handa sjúklingunum,
3. að sömuleiðis sje við hæfilega marga menn og konur til að vera til taks til þess að hjúkra, matreiða ~~og flytja~~ fyrir sjúklingana og flytja þá frá heimilunum á hjúkrunarstaðinn.

II. Hjeraðslækni var falið að rannsaka hvort lyfjabúðirnar væru birgar af sóttvarnarmeðulum og gjöra nauðsynlegar ráðstafanir í því efni. Fundi slitið.

Jón Hermannsson. Jón Þ. Sigurðsson.
Benedikt Sveinsson.
Sigurð Jósefsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920 þriðjudaginn hinn 17. febrúar átti heilbrigðisnefndin fund með sjer á skrifstofu lögreglustjóra.

Vegna þess að grunur leikur á um, að influensufarsótt geti hafa borist hingað bæjarins, samþykkti heilbrigðisnefndin,
að öllum skólum bæjarins skuli lokað þegar í stað, að banna allar almenna mannfundi, ~~þar með taldar guðsþjónustur~~ allar opinberar skemmtisamkomur og aðrar samkomur (dansleiki, brúðkaupsveislur o. þ. h.), þar sem margir koma saman í húsi; einnig banna messur og líkfylgdir. Matsöluhús og kaffihús mega veita föstum kostgöngurum og aðkomumönnum til kl. 8 að kveldi en þá skal þeim loka til kl. 8 að morgni.

Fundi slitið

Jón Hermannsson    Jón Hj. Sigurðsson

Ágúst Jósefsson.

Ár 1920 fimmtudaginn hinn 19. febrúar átti sóttvarnanefndin fund með sjer á skrifstofu lögreglustjóra. Samþykkt var að halda þeim heimilum, sem hafa verið í sóttkví, áfram í henni þangað til 7 dagar eru liðnir frá hún var sett.

Fundi slitið

Jón Hermannsson    Jón Hj. Sigurðsson

Benedikt Sveinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920 laugardaginn 21. febrúar áttu sóttvarnarnefnd og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur fund með sjer á skrifstofu lögreglustjóra.

1. Lagt fram brjef ~~heilbrigð~~ próf. Guðm. Hannessonar formanns sóttvarnarnefndar landsins, dags. í dag, og var samkvæmt því ákveðið, að steinolíuskipið „Sélleborg" mætti afferma á innri höfninni, en ekki leggjast að hafnargarði, þannig að skipsmenn framkvæmi alla vinnu um borð og menn úr landi megi ekki hafa önnur mök við skipið en að taka við steinolíutunnunum við skipshlið.

2. Samþykkt að afnema samgöngubannið frá 17. þ.m. mánudagskvöld 23. þ.m. þegar hin sóttkvíuðu heimili eru leyst úr ~~sóttkví~~.

Fundi slitið

Jón Hermannsson. Sigurjón Sigurðsson

Ágúst Jósefsson. Ólafur Friðriksson

Gunnl. Claessen

Ár 1920 sunnudaginn hinn 7. marz áttu sóttvarnarnefnd og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur, ásamt hinni sjerstöku sóttvarnanefnd Reykjavíkur, fund með sjer á skrifstofu lögreglustjóra.

Útaf því að grunur leikur á um, að influenza sje komin upp ~~í~~ í bænum, var ákveðið að setja nú þegar sama samkomubann og ákveðið var á fundi dags. 17. f. m. Ennfremur var ákveðið að leggja þá sjúklinga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafi influenza, til bráðabirgða inn á sóttvarnarhúsið við Framnesveg, svo framarlega sem þeir, geta ekki fengið hjúkrun í heimahúsum; ennfremur var ákveðið fyrst um sinn að einangra þau ~~hús~~ heimili, þar sem sjúkir menn eru, að svo miklu leyti sem við verður komið.

Fundi slitið

~~Jón Hermannsson~~
Ólafur Friðriksson
Gunnlaugur Claessen
Guðm. Ásbjörnsson
Þ. J. Thoroddsen

Ár 1920 laugardaginn hinn 13. marz áttu sóttvarnarnefnd og heilbrigðisnefnd svo og influenzunefnd bæjarstjórnar fund með sjer á lögregluvarðstofunni í Barnaskálanum.

Hjeraðslæknir gaf skýrslu um útbreiðslu veikinnar og hvernig hún hagi sjer. Þar eð 1) útlit er fyrir að ekki verði hægt að stöðva veikina, 2) veikin eptir þeirri reynslu, sem fengin er, reynist langtum vægari en í fyrra, 3) reynslan sýnir að ekki veikjast einn maður á hverju heimili í sinn ~~senn~~ einn og í fyrra, 4) verðar ómögulegt að fá nógu marga verði, og 5) er stórkostlegt atvinnutjón að halda svo mörgum heilbrigðum mönnum frá vinnu, sem hlýtir, að stafa af framhaldandi sóttkvíum sjúkra og grunaðra heimila — þá telur nefndin ekki fært að halda lengur áfram

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sóttkvíunni þeirri á heimilunum, sem haldið hefur verið uppi síðan síðastliðinn sunnudag.

Ennfremur var ákveðið að líma upp seðla á hús þau, sem influenza er í, um að influenza sje í húsinu.

Fundi slitið

Jón Hermannsson [illegible] Sigurðsson
Ólafur Friðriksson Ágúst Jósefsson
Gunnl. Claessen. Guðm. Ásbjörnsson

Ár 1920 mánudaginn 15. marz áttu sóttvarnarnefnd og heilbrigðisnefnd ásamt influenzanefnd bæjarstjórnar fund með sjer á lögregluvarðstofunni í Barnaskólanum.

Lagt fram brjef frá rektor háskólans, dagsett í dag, þar sem farið er fram á svofellda undanþágu frá samkomubanninu vegna influenzunnar, að háskólanum leyfist að taka upp aptur kennslu, að undanteknum opinberum fyrirlestrum. Útaf þessu ákvað nefndin að svara rektor, að hún sjái sjer eptir atvikum ekki fært að veita umbeðna undanþágu að svo stöddu, en muni taka málið aptur fyrir næsta laugardag, ef ástandið hefur ekki þá breytst neitt verulega frá nú og útlit er nú fyrir.

Fundi slitið

Jón Hermannsson [illegible] Sigurðsson
Ólafur Friðriksson Ágúst Jósefsson
Gunnl. Claessen. Guðm. Ásbjörnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920 föstudaginn hinn 19. marz átti sóttvarnarnefnd Reykjavíkur, heilbrigðisnefnd ásamt influenzunefnd bæjarstjórnar fund með sjer á lögregluvarðstofunni í barnaskólahúsinu.

Lagt fram brjef skólastjóra stýrimannaskólans, dags. 14. þ.m. meðtekið 16. s.m.

Samþykkt var að heimila háskólanum að taka upp aptur kenslu, að undanteknum opinberum fyrirlestrum. Ennfremur var stýrimannaskólanum og yfirsetukvennaskólanum leyft að taka aptur upp kenslu; svo skyldi öðrum skólum og heimilað að taka upp aptur kenslu, ef ~~þar~~ forráðamenn þeirra sækja um það, enda kynni hjeraðslæknir og heilbrigðisfulltrúi sjer áður ástand þeirra og setji forráðamönnum þær reglur um skólahaldið, sem þeim kynni að þykja ástæða til eptir málavöxtum.

Fundi slitið

Jón Hermannsson
Ásgeir Ásgeirsson
Gunnl. Claessen
Þórður Sigurðsson
Ólafur Friðriksson
Guðm. Ásbjörnsson

Ár 1920 fimtudaginn hinn 25. marz átti sóttvarnarnefnd Reykjavíkur, heilbrigðisnefnd ásamt influenzunefnd bæjarstjórnar fund með sjer á lögregluvarðstofunni í barnaskólahúsinu.

Samþykkt var að fella samkomubannið frá 7. þ.m. frá föstudegi 26. þ.m. kl. 12 að kveldi að öðru leyti en því, að kvikmyndaleikhúsin hafi fyrst um sinn ekki nema eina sýningu á virkum dögum og tvær sýningar á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

helgum dögum með að minnsta kosti 1 klukkustundar hljei milli sýninganna,

Fundi slitið

Jón Hermannsson
Ólafur Friðriksson
Gunnlaugur Claessen.

Jón Hj. Sigurðsson.
Ágúst Jósefsson
Gudm. Ásbjörnsson

Ár 1919 föstudaginn hinn 9. apríl átti sóttvarnarnefnd og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur fund með sjer á skrifstofu lögreglustjóra.

Lagt fram brjef frá skipstjóranum á e/s. Ísland, dags. í dag, og álit hjeraðslæknisins, dags. ídag, um sótt þá, sem borist hefir hingað með tjeðu skipi.

Samþykkt var að skoða „Ísland" sem sóttkvíað skip og haga afgreiðslu þess eptir því, og að farþegar þeir, sem voru á skipinu, verði að vera 7 daga í sóttkví frá ~~því þeir höfðu slík mök, er sótthætta gæti af stafað við sjúka menn á tjeðu skipi þar frá~~ þeim tíma er þeir fóru frá skipinu, enda hafi enginn veikst í sóttkvínni á þeim sjö dögum.

Útaf fyrirspurn sóttvarnarlæknis um hvenær þeir sjúklingar, sem liggja nú í sóttvarnarhúsinu, megi fara heim til sín eptir að þeir eru orðnir frískir, var ályktað, að þeir mættu fara þegar 7 dagar eru liðnir frá því að sótthitinn hvarf í þeim.

Fundi slitið

Jón Hermannsson
Ólafur Friðriksson
Gudm. Ásbjörnsson

Jón Hj. Sigurðsson
Gunnl. Claessen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920 sunnudaginn 11. apríl átti sóttvarnanefnd Reykjavíkur fund með sjer á skrifstofu lögreglustjóra. Á fundinum var einnig heilbrigðisnefnd bæjarins.

Lögð fram kæra frá farþegunum af e/s. „Island", er sóttkvíaðir eru í Kennaraskólanum, til stjórnarráðsins yfir því, að sóttvarnarnefndin hafði á fundi 9. þ. m. ákveðið, að þeim skuli ekki sleppa úr sóttkví fyr en 7 dagar eru liðnir frá því þeir fóru af skipsfjöl, enda hafi enginn á þeim dögum sýkst í sóttkvínni, og hefur stjórnarráðið sent sóttvarnarnefndinni erindi þetta til umsagnar. Útaf þessu ályktar nefndin að svara stjórnarráðinu, að nefnd ályktun sóttvarnarnefndarinnar hafi verið bygð á lýsingum sóttvarnarlæknis D. Sch. Thorsteinssonar, dags. 6. og 8. þ. m., á sjúkdómnum, eins og sýkin hefur lýst sjer á sjúklingunum í sóttvarnarhúsinu hjer, og að skoðun nefndarinnar á eðli sjúkdómsins hafi ekki breytst síðan, og að nefndin því enn sem fyr telji rjett, að farþegunum sje haldið í sóttkví lögákveðna dagatölu frá því þeir fóru af skipsfjöl. Hinsvegar sje það að sjálfsögðu á valdi stjórnarráðsins, með ráði sóttvarnarnefndar ríkisins, að stytta sóttvarnartímann, annaðhvort með undanþágu í þessu tilfelli vegna sjerstaklegra kringumstæðna, eða með því að breyta ákvæðunum um sóttkvíunartímann almennt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lagt fram erindi frá C. Zimsen, dagt. í dag, um afferming og ferming á e/s. „Ísland". Var samþykkt að leggja skipinu hjer að Hafnarbakkanum sem sóttkvíaða skipi; en hjeraðslæknir setji reglur, sem tryggi það, að sóttHætta stafi ekki af skipverjum meðan unnið er við skipið af mönnum úr landi.

Lagðar fram kærur frá farþegum af e/s. „Ísland" í Kennaraskólanum, um að húsnæðinu þar sje að ýmsu ábótavant. Reynt verður að bæta úr því eptir því sem hægt verður.

Fundi slitið

Jón Hermannsson Guðm. Sigurðsson

Ágúst Jósefsson Ólafur Friðriksson

Gunnl. Claessen.

Ár 1920 þriðjudaginn hinn 13. apríl átti sóttvarnarnefnd Reykjavíkur fund með sjer á skrifstofu lögreglustjóra. Á fundinum var einnig heilbrigðisnefnd bæjarins.

~~A~~ Beiðni hafði komið fram frá Einari Benediktssyni, sem nú er á sóttvarnarhúsinu, um að hann fái leyfi til að vera einangraður í tilteknu einstaks manns húsi hjer í bænum. Með því að þessu hefur ávallt verið neitað af sóttvarnarnefndinni og engin sjerstakleg nauðsyn virðist liggja fyrir í þessu tilfelli til að veita undanþágu, sjer nefndin sjer það ekki fært.

Ólafur Jóhannesson hafði farið fram á það, ~~að leyft væri~~ að Matthías Einarsson læknir fengi leyfi til að samvista son ~~sinn~~ Ólafs, sem liggur sjúkur í sóttvarnarhúsinu,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

án þess að Matthías á eptir verði settur í sóttkví. Eptir málavöxtum sjer sóttvarnarnefndin sjer ekki fært að veita þessa undanþágu.

Beiðni lá fyrir frá Jóni Sigurðssyni um að Sigurður Magnússon læknir fái að fara inn í Kennaraskólann og deila lopti í lungu konu Jóns, sem er þar, án þess Sigurður sje sóttkvíaður á eptir. Próf. Guðm. Hannesson hafði mælt með því í yfirlýsingu, dagst. í dag. Með því að undirritaðir læknar telja hættulaust að loptdælingin bíði í nokkra daga og Sigurður læknir Magnússon hefur látið sama í ljósi við hjeraðslækni og J. Thoroddsen læknir hefur skýrt frá því að það sem sjerstaklega ami nú að konunni sje það að hún fyrir herbergisnautum sínum geti ekki haft opna glugga og þoli ekki reyk, þá sjer nefndin sjer ekki fært að veita hina umbeðnu undanþágu, en vill hinsvegar setja konuna í 1 manns herbergi í franska spítalanum.

Fundi slitið

J. M. Hermannsson
Ólafur Friðriksson
Jón Hj. Sigurðsson
Gunnl. Claessen

Ár 1920 miðvikudaginn hinn 14. apríl átti sóttvarnarnefndin fund með sjer á skrifstofu lögreglustjóra.

Sóttvarnarnefndin ákvað að setja Matthías lækni Einarsson strax í sóttkví af því að hann hafði farið inn í sóttvarnarhúsið í dag og skoðað þar sjúkling.

Fundi slitið

J. M. Hermannsson
Jón Hj. Sigurðsson
Ólafur Friðriksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920 þriðjudaginn hinn 27. apríl átti heilbrigðisnefndin fund með sjer á skrifstofu lögreglustjóra.

Lagt fram erindi Mjólkurfjelags Reykjavíkur, dags. 2. febr. þ.á., og brjef borgarstjóra, dags. 11. f.m. Í erindi þessu fer mjólkurfjelagið fram á að fá leyfi fyrir mjólkursölubúð í brauðsölubúðinni á Vesturgötu 14, í stað mjólkurbúðarinnar á Vesturgötu 12.

Heilbrigðisnefndin ~~samþykkti það álít~~ telur að hið umrædda húsnæði á Vesturgötu 14 sje alveg ófullnægjandi til mjólkursölubúðar, og leggur til að hin umbeðna löggilding verði ekki veitt.

Fundi slitið

Jón Hermannsson [illegible] Sigurðsson
Gunnl. Claessen. Ágúst Jósefsson.

Ár 1920 þriðjudaginn 7. septbr. átti heilbrigðisnefndin fund með sjer á skrifstofu lögreglustjóra.

Nefndin gjörði þessa ályktun:

Með því að heilbrigðisnefndinni er kunnugt, samkvæmt upplýsingum frá læknum bæjarins, að svo mikil mjólkurekla ~~sje~~ er nú í bænum, að ungbörn og sjúklingar fá ýmist enga og ýmist ekki nóga mjólk, vill heilbrigðisnefndin hjermeð skora á borgarstjóra, að gjöra ráðstöfun til, að ákvæðum reglugjörðar 10. nóv. 1917, um sölu, notkun og úthlutun mjólkur í Reykjavík þegar mjólkurskortur er í bænum, verði nú beitt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundi slitið

Jón Hermannsson
Sjúkdómsfyrirtæki  Jón Sigurðsson
Gunnl. Claessen.

Ár 1921, laugardaginn 16. apríl átti heilbrigðisnefndin fund með sjer á skrifstofu lögreglustjóra.

Beiðni lá fyrir frá Skúla Thorarensen, Laugaveg 20, um að fá meðmæli heilbrigðisnefndarinnar til þess að fá leyfi fyrir að flytja til landsins flutningabifreið, sem notast ætti til mjólkurflutnings austan úr Ölvesi á komandi sumri.

Nefndin var hlynnt að veita slíkt meðmæli til stjórnarráðsins og fólst formanni framkvæmdir þar að lútandi. Fundi slitið.

Jón Kjartansson
í fjarveru lögreglustjóra. Gunnlaugur Claessen.
Jón Sigurðsson

Ár 1921 föstudaginn hinn 29. apríl átti heilbrigðisnefndin fund með sjer á skrifstofu lögreglustjóra.

Út af bréfi borgarstjóra, þar sem hann hefur óskað að heilbrigðisnefndin taki til endurnýjaðrar athugunar frumvarp nefndarinnar til ~~heilbrigð~~ mjólkursölureglugjörðar, vill nefndin taka eftirfarandi fram í tilefni af umræðum á bæjarstjórnarfundi um frumvarp þetta:

1° Það vakti fyrir nefndinni með síðari málsgrein 1. gr. (þ.e. að koma í veg fyrir) að koma í veg fyrir fækkun kúa í bænum. Hinsvegar getur nefndin fallist á það að ...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frá heilbrigðislegu sjónarmiði, að undanskilja enga sölumjólk frá pasteurs-hitun eða hreinsun.

2° 3. gr. frv. orðist þannig: Forstjóri mjólkurstöðvar skal á hverjum mánudegi senda heilbrigðisfulltrúa skýrslu um sölu mjólkur undanfarna viku. Skal í skýrslunni tilgreina hve margir lítrar mjólkur hafi verið sendir til stöðvarinnar undanfarna viku. Heilbrigðisfulltrúi getur krafist þess, að tilgreind sjeu nöfn, heimili og mjólkurmagn mjólkurframleiðenda hvers um sig.

3° Í stað orðanna: „skal hituð (pasteuriseruð)" á tveim stöðum í 6. gr. frv. komi: „skal pasteurs-hituð eða feitisjöfnuð og dauðhreinsuð."

4° Um fitumagn nýmjólkur samkvæmt ákvæðum 8. gr. frv. skal þessa getið: Samkvæmt rannsóknum fyrverandi forstjóra Rannsóknarstofu landsins Ásg. Torfasonar og ca. 600 mjólkurrannsóknum Gísla Guðmundssonar gerlafræðings mætti hækka fituprocent nýmjólkur upp í 3,1%, en tilgangslaust virðist að gjöra meiri kröfur í því efni.

5° Við 9. gr. ~~Fyrsta málsgrein 1. töluliðs orðist svo:~~
Töluliður 1 orðist svo: Húsbóndi skal láta dýralækni skoða hverja kú og reyna hana með túberkulíni árlega í apríl eða maí mánuði. Vottorð dýralæknis sendist formanni heilbrigðisnefndar. Komi í ljós við rannsókn dýralæknis, að kýr sje berklaveik, má ekki selja mjólk úr henni.
Töluliður 5 orðist þannig: Mjólkin skal send til mjólkurstöðvar [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

íugað þegar eptir mjaltir, bæði kvölds og morgna. Þar skal hreinsa hana með miðflóttaflskhreinsara og blanda henni saman á ný.

6° 13. gr. 4. málsgr. orðist svo: Í mjólkurbúðunum má ekki selja annan varning en: Brauð, kökur, sykur, ~~kaffi, te~~ egg, viðbit, niðursoðin matvæli, gosdrykki; ~~öl, aldinsafa~~ ~~og~~ í lokuðum ílátum: aldinsafa, ávaxtamauk og öl; í umbúðum: kaffi, súkkulaði, kakaóduft og te.

7° Í sambandi við ákvæði 15. gr. frv. skal það tekið fram, að ekki verður sjeð, að lög um mjólkursölu frá 26. okt. 1917 veiti bæjarstjórn heimild til að setja hámarksverð á mjólk, heldur verði verðið að vera komið undir samkomulagi, sins og gjört er ráð fyrir í ákvæðum þessarar greinar frumvarpsins.

Fundi slitið

Jón Hermannsson  Hjalti Sigurðsson

Gunnl. Claessen  Ágúst Jósefsson

Ár 1921 föstudaginn hinn 10. júní átti heilbrigðisnefndin fund með sjer á skrifstofu lögreglustjóra.

1. Lagt fram erindi frá Jóni Egilssyni, Laugavegi 40 A, um óhreinindi á lóð sinni, stafandi frá lóð Kristins Jónssonar, Frakkastíg 12, ásamt skýrslu heilbrigðisfulltrúa um málið.
Samþykkt var að leggja fyrir Kristinn Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að afgirða krók þann, sem notaður hefur verið fyrir migildi, forsvaranlega til að fyrirbyggja umrædda notkun króksins. Hafi hann ekki lokið því verki innan loka þessa mánaðar, verður verkið framkvæmt á hans kostnað samkvæmt 50. gr. heilbrigðissamþykktarinnar.

2. Lagt fram bréf B. H. Bjarnasonar, Aðalstræti 7, þar sem kærir Þórð Jónsson, eiganda hússins Aðalstræti 9, fyrir að hella skolpi og óþverra í rennu sunnan við ~~lóð~~ húseignina Aðalstræti nr. 7, sem er á lóð þeirrar húseignar, ásamt skýrslu heilbrigðisfulltrúa um málið.

Samþykkt var, þar sem renna þessi eins og hún er veldur óþrifnaði, að leggja fyrir ~~lóð~~ lóðareiganda, B. H. Bjarnason, að fylla rennu þessa og sljetta yfir hana forsvaranlega innan 20. þ. m., og að öðrum kosti skuli verkið framkvæmt á hans kostnað samkvæmt 50. gr. heilbrigðissamþykktarinnar.

3. Lagt fram erindi frá Guðmundi Þorsteinssyni, Vesturgötu 23 B, þar sem hann kærir það, að skolp og önnur óhreinindi renni frá „Doktorshúsi", eigandi Sveinn Jónsson sama staðar, inn á lóð Guðmundar við Vesturgötu 23 B, ásamt skýrslu heilbrigðisfulltrúa um málið.

Samþykkt var, að leggja fyrir eiganda „Doktorshússins" Svein Jónsson, samkvæmt 13. og 14. gr. heilbrigðissamþykktarinnar, að leggja holræsi frá húsi sínu, annaðhvort niður í götuholræsið í Vesturgötu eða vestur í götuholræsið í Ægisgötu, með eptirliti veganefndar, og að hann byrji á verki þessu fyrir 30. þ. m. og haldi því áfram með hæfilegum hraða að dómi veganefndar, og að öðrum kosti skuli verkið framkvæmt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á hans kostnað samkvæmt 50. gr. heilbrigðissamþykktar- innar.

4. Að því til gefnu tilefni var lagt fyrir heilbrigðisfulltrúa að rannsaka, hvar í bænum stafi óþrifnaður af vantandi skolpræsum frá húsum úti í götuholræsi, og láta heilbrigðisnefndinni í tje skýrslu um það.

Fundi slitið.

Jón Hermannsson  Sófus? Sigurðsson

Bjarni Jósefsson  Gunnl. Claessen.

Ár 1921 föstudaginn hinn 15. júlí var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Veitt leyfi til þess, að Gunnar Jónsson megi selja mjólk, [~~nú í ár~~] í búðinni á Laugavegi 2, [~~sem flutt er að austan~~ yfir fjall] ~~meðan~~ nú í ár meðan sá mjólkurflutningur helst.
2. Veitt leyfi til þess, að ~~Theód~~ Theodór Magnússon megi selja mjólk, sem flutt er hingað austan yfir fjall, í bakarabúð á Vesturgötu 54, nú í ár meðan sá mjólkurflutningur helst, þó ekki fyr en búð er að leggja linóleum eða gólfvaxdúk á gólfin í báðum þeim herbergjum, sem ætluð eru til mjólkursölunnar.
3. Heilbrigðisfulltrúa falið að vekja athygli almennings á því, með auglýsingu, að ~~gerla~~ sóttvarnar~~sneyðing~~ hitun á mjólk komi ekki að fullum notum nema mjólkin sje flutt á neyslustaðinn í hinum tilluktu flöskum.

Fundi

Slitið.

Jón Hermannsson Gunnl. Claessen. Pjetur Thoroddsen Ágúst Jósefsson

Ár 1921 þriðjudaginn hinn 29. nóvember var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Lagt fram brjef stjórnarráðsins, dags. 31. f. m., þar sem það tilkynnir hvenær berklaveikislögin öðlist gildi en geti af ýmsum orsökum ekki komist þá strax í framkvæmd. Nefndarmenn kyntu sjer brjefið.
2. Lagt fram brjef borgarstjóra, dags. 20. f. m., ásamt því medfylgjandi umsókn frá Pjetri Jóhannessyni, Njálsg. 56 B, dags. 19. s. m., um löggildingu mjólkurbúðar á Baldursgötu 39. Þeir hjeraðslæknir og heilbrigðisfulltrúi höfðu skoðað búð þessa og gáfu skýrslu um það. Nefndarmenn samþykktu, að leggja það til, að bæjarstjórn löggildi búð þessa á Baldursgötu 39 fyrst um sinn þangað til ódrnæsi kynni að verða ákveðið af bæjarstjórninni.
3. Lagt fram vottorð frá hjeraðslækni, dags. 1. þ. m., um skoðun á Guðlínu Jóhannesdóttur, Njálsg. 38, sem ætlað er að veita væntanlegri mjólkurbúð á Baldursgötu 39 forstöðu, var henni veitt löggilding til þessa.
4. Lagt fram erindi Jóns Kristjánssonar Seljalandi hjer, dags. 21. f. m., um að íbúð hans þar sje óhafandi. Ennfremur var lögð fram skýrsla hjeraðslæknis og heilbrigðisfulltrúa um skoðun á íbúð þessari, þar sem þeir telja íbúð þessa ófullnægjandi og heilsuspillandi fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fjölskyldu nefndi Jón Kristjánsson.
Nefndarmenn fjellust á þetta álit og ályktuðu að skora á fátækranefnd að útvega fjölskyldunni aðra hæfilega íbúð.

5. Lagt fram erindi frá Mjólkurfjelagi Reykjavíkur, dags. 23. þ. m., og brjef heilbrigðisfulltrúa, dags. 25. þ. m., hvorutveggja innihaldandi kvartanir yfir fyrirkomulagi mjólkursölunnar hjer í bænum.

Útaf þessu ályktaði heilbrigðisnefndin að lýsa því yfir, að ~~heilbrigðisnefndin~~ hún enn sem fyr telji það nauðsynlegt að pasteurhitun á allri sölumjólk hjer í bænum verði fyrirskipuð, enda sjeu mjólkurbúðirnar, sem nú eru hjer í bænum – að undanteknu hinu fyrirhugaða mjólkurbúð á Baldursgötu 39 –, svo illa úr garði gjörðar og óhagkvæmlega fyrirkomið, að neyðarkostur sje að selja þar mjólk öðruvísi en pasteurhitaða ~~með~~ á flöskum, en hinsvegar muni reynast mjög ~~erfitt~~ fitt ef ekki ómögulegt að fá menn til að halda nægilega margar mjólkurbúðir í bænum og útbúa þær svo, að þær fullnægi reglum mjólkurreglugjörðarinnar.

Fundi slitið.

Þ. J. Hermannsson Gunnl. Claessen

Jón Þ. Sigurðsson. Ágúst Jósefsson.

Ár 1922 miðvikudaginn 1. febrúar var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.
1. Lagt fram brjef borgarstjóra, dags. 28. f. m., þar sem hann ~~biður~~ biður um umsögn heilbrigðisnefndar um meðfylgjandi erindi Álafoss-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

diktsdóttur, dags. 25. f. m., þar sem hún fer fram á, að löggilt verði búð hennar í húsinu nr. 49 B við Laugaveg til mjólkursölu. Hjeraðslæknir og heilbrigðisfulltrúi hafa skoðað búð þessa og látið nefndinni í tje skýrslu um skoðunina og leggja það til að búð þessi verði löggilt sem mjólkurbúð með eptirfylgjandi skilyrðum:

A. Að hurð sú, sem liggur úr búðinni út í brauðgerðarhúsið í sama húsi, verði forsvaranlega lokuð og engin umgangur hafður um hana.

B. Að settur verði þvottavaskur í búðina og vatnsleiðsla og að frárennsli úr búðinni sje sett í lag, áður en mjólkursala á ópasteurshituðri mjólk byrjar þar.

C. Að afgreiðslufólk úr búðinni, „Þjóníð" í sama húsi hlaupi ekki til afgreiðslu í mjólkurbúðinni.

Samþykkt að leggja það til, að bæjarstjórnin löggildi búð þessa sem mjólkurbúð fyrst um sinn þangað til öðruvísi verði ákveðið af bæjarstjórninni, gegn því að framangreindum þrem skilyrðum verði fullnægt.

2. Lagt fram erindi frá Páli Jónssyni, dags. 26. f. m., þar sem hann beiðist leyfis heilbrigðisnefndar til að reka brauðgerðarhús, sem hann hefur látið útbúa á Laugavegi 49 B. Eptir að hjeraðslæknir og heilbrigðisfulltrúi hafa skoðað brauðgerðarhús þetta og gefið nefndinni skýrslu um það, var samþykkt að veita leyfi til brauðgerðar á þessum stað.

3. Lögð fram erindi frá 9 barnakennurum í Reykja-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

húsunum. Heilbrigðisfulltrúa og hjeraðslækni falið að athuga kenslu húsnæðið og gefa svo nefndinni skýrslu um það.

Fundi slitið

Árni Hermannsson    Frithj. Sigurðsson

Gunnlaugur Claessen.    Ágúst Jósefsson

Ár 1922 laugardaginn 4. febrúar var fundur haldinn í sóttvarnarnefnd Reykjavíkur.

Hjeraðslæknir hafði skoðað þrjár fjölskyldur í húsinu nr. 10 B á Bergstaðastræti hjer í bænum og áleit mjög sennilegt að fólk væri þar sjúkt af influenzu. Hafði hann tilkynnt landlækni það, og hann fyrirskipað, að sett væri viðvörun á húsið um að hafa ekki samgöngur við fólkið þar, og að brýnt skyldi fyrir fólkinu sjálfu að hafa ekki ónauðsynlegar samgöngur við annað fólk.

Í tilefni af þessu vill sóttvarnarnefnd Reykjavíkur ~~[illegible]~~ skora á heilbrigðisstjórn ríkisins að fyrirskipa sóttvarnir gegn útbreiðslu influenzu í Reykjavík; enda sjeu fyrirskipaðar fullkomnar sóttvarnir gegn því að influenza berist til landsins.

Fundi slitið

Árni Hermannsson    Frithj. Sigurðsson

Ólafur Friðriksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922 laugardaginn 4. febrúar var fundur haldinn í ~~[illegible]~~ heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Veitt Ólafíu Benediktsdóttur leyfi til að vera forstöðukona væntanlegrar mjólkurbúðar á Laugaveg 49 B, ef bæjarstjórn löggildir mjólkurbúð þar.
2. Lagt fram erindi frá Meyvant Sigurðssyni, dags. 1. þ.m., þar sem hann kvartar yfir ástandi íbúðar sinnar á Grettisgötu 53 B, svo og álitsgjörð héraðslæknis og heilbrigðisfulltrúa, dags. í dag, um málið. Heilbrigðisnefndin ályktaði að skora á borgarstjóra að gjöra sitt ýtrasta til að útvega fjölskyldu þessari hæfilega íbúð, svo að nefndin geti bannað íbúð á þessum stað, þar til nauðsynlegar umbætur eru gjörðar á húsakynnunum.

Fundi slitið

Jón Hermannsson — Jón Hj. Sigurðsson

Gunnlaugur Claessen. — Ágúst Jósefsson

Ár 1922 mánudaginn hinn 15. ~~[illegible]~~ maí var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 25. f.m., ásamt umsókn Ólafar Benediktsdóttur um leyfi fyrir mjólkurbúð á Þórsgötu 3. Ennfremur lagt fram álit heilbrigðisfulltrúa og héraðslæknis um ástand búðar þessarar, dags. 12. þ.m. Samþykktu nefndarmenn að mæla með því að búð þessi verði lög–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gilt af bæjarstjórn sem nýjólkur-búð fyrst um sinn þangað til öðruvísi kynni að verða ákveðið af bæjarstjórninni.

2. Lagt fram erindi frá bakara H. J. Hansen, dags. 28 f. m., um leyfi til nýjólkursölu í brauðsölubúð hans á Vesturgötu 14, svo og álitsgjörð heilbrigðisfulltrúa og hjeraðslæknis, dagsett 10. þ. m., um þetta mál.

Samþykkt að leggja til, að bæjarstjórn synji Hansen bakara um hið umbeðna nýjólkursöluleyfi.

Fundi slitið

Knud Zimsen Gísli Sigurðsson

Gunnlaugur Claessen. Ásgeir Jónsson

Ár 1922 mánudaginn 12. júní var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Heilbrigðisfulltrúa barst 8. þ. m. kæra frá íbúum í húsinu nr. 4 við Kirkjutorg um að frárensli frá húsinu væri í ólagi og að skólpið frá húsinu rynni ~~[illegible]~~ undir húsið í grenninni. Rannsökuðu heilbrigðisfulltrúi og hjeraðslæknir þetta og töldu nauðsynlegt, að þetta væri lagfært án tafar. Var þetta tilkynnt húseiganda, kaupmanni Herluf Claessen, og honum skipað að lagfæra þetta tafarlaust, en kvaðst hann ekki ~~þegar~~ geta fengið menn til þess ~~[illegible]~~ þá þegar, en óskaði að bæjarverkamenn önnuð[ust] ...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Verki þessu er nú lokið af verkamönnum bæjarins og ber húseigandi, kaupmanni Herluf Clausen, Laugavegi 19, samkvæmt 50. gr. 1. tölubl. heilbrigðissamþyktar frá 30. jan. 1905, að endurgreiða bænum kostnað við þetta.

2. Sigurði Einarssyni veitt leyfi til að reka brauðgerð í hinu nýja húsi við Bergstaðastræti 14.

3. Lagt fram erindi frá Mjólkurfjelagi Reykjavíkur um löggildingu á mjólkurbúð í húsinu nr. 9 við Aðalstræti. Heilbrigðisfulltrúi og hjeraðslæknir hafa skoðað búð þessa og telja hana fullnægja kröfum mjólkurreglugjörðarinnar. Nefndin samþykti að mæla með því, að bæjarstjórn löggildi búð þessa sem mjólkurbúð, fyrst um sinn þangað til öðruvísi kynni að verða ákveðið af bæjarstjórn.

4. Lagt fram erindi frá Pjetri Jóhannssyni um löggildingu mjólkurbúðar í húsinu nr. 21 við Þingholtsstræti. Heilbrigðisfulltrúi og hjeraðslæknir hafa skoðað búð þessa og telja hana fullnægja kröfum mjólkurreglugjörðarinnar. Nefndin samþykti að mæla með því, að bæjarstjórn löggildi búð þessa sem mjólkurbúð, fyrst um sinn þangað til öðruvísi kynni að verða ákveðið af bæjarstjórn.

5. Fundi slitið

Jón Hermannsson Gunnl. Claessen

Ágúst Jósefsson Jón Sigurðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922 föstudaginn hinn 14. júlí var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Lagt fram erindi Ólafs Finnbogasonar f. h. Mjólkurfjelags Ölfushrepps, þar sem farið er fram á að fá leyfi til að hafa mjólkurútsölu sumarlangt í búðinni á Laugavegi 23. Samþykkt að mæla með því að slíkt leyfi sje veitt til 30. septbr. næstkomandi.

2. Lagt fram erindi frá Páli Jónssyni um leyfi til að hafa mjólkursölu í búð hans á Vesturgötu 20. Samþykkt að mæla með því, að búð þessi verði löggilt, sem mjólkurbúð fyrst um sinn til 30. júní 1923.

3. Lagt fram erindi frá H. F. Götze um leyfi til mjólkursölu í kjallarabúð hans í Aðalstræti 18. Nefndin getur ekki mælt með því, að mjólkursala verði leyfð á þessum, ~~[illegible]~~ bæði af því að ekki virðist þörf ~~[illegible]~~ fyrir mjólkurbúð á þessum stað, því tvær eru fyrir þar í nánd, enda eru nú mjólkurbúðirnar, ef búðirnar undir tölul. 1 og 2 hjer á undan verða leyfðar, orðnar þá svo margar, sem gert er ráð fyrir í 9. gr. mjólkurreglugjörðar 10. nóv. 1917.

4. Lagt fram erindi Óskars Gíslasonar, dags. 29. f. m., (með uppdrætti) um leyfi til að byggja heyhlöðu og fjós á lóðinni nr. 115 við Laugaveg. Svo framarlega sem fjósið og hlaðan verður byggt á viðauka þeim við lóðina, sem ætlunin [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

úr erfðafestulandi Rauðarár, og þannig yrði að minnsta í 10 álna fjarlægð frá íbúðarhúsinu, þá hefur heilbrigðisnefndin ekkert að athuga við að byggingin yrði leyfð.

5. Lagt fram erindi frá Almar Normann, dags. 12. f.m., með 1 uppdrætti, þar sem hann biður um leyfi til að mega leggja skolpræsi frá húsi, sem hann er að byggja fyrir sunnan húsið Valhöll, út í rotþró (septic tank), er hann lætur gjöra samkvæmt uppdrættinum. Heilbrigðisnefnd sjer ekkert þessu leyfi til fyrirstöðu, svo framarlega sem um það er sjeð, að þetta nú eða síðar komi ekki í bága við almennan þrifnað eða hagsmuni nærliggjandi lóðareigenda.

6. Lagt fram brjef borgarstjóra, dags. 3. f.m., um reykháf á reykingarskúr, sem leyft hefur verið að byggja ~~við~~ á baklóð við 50 B við Grettisgötu. Heilbrigðisfulltrúi og hjeraðslæknir höfðu athugað þetta á staðnum og gáfu nefndinni skýrslu ~~um~~ þar að lútandi. Samþykkt að fela heilbrigðisfulltrúa að hafa eptirlit með byggingu reykháfsins. ~~Hr~~ N. L. G. Claessen boðaði forföll og var ekki á fundi. Fundi slitið.

Jón Hermannsson

Jón Hj. Sigurðsson

Ágúst Jósefsson

Ár 1922 miðvikudaginn hinn 20. september var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lagt fram brjef borgarstjóra, dags. 9. f. m., þar sem óskt er samþykkis heilbrigðisnefndar til þess að breyta bifreiðarskúr í Blönduhlíð í íbúðarhús. Heilbrigðisnefndin samþykkti breytingu þá á téðum skúr, sem sýnd er á uppdrætti þeim, er byggingarnefnd og bæjarstjórn hefur samþykkt, með því skilyrði, að steinveggurinn milli skúrsins og fjóssins verði dyra- og opalaus og vel frá honum gengið að öllu leyti, enda verði gjörður útidyr á sjálft fjósið.

Fundi slitið.

Jón Hermannsson  Jón Sigurðsson

Gunnl. Claessen.  Ágúst Jósefsson.

Ár 1922 þriðjudaginn hinn 31. október var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Lagt fram brjef borgarstjóra, dags. 22. f. m., þar sem óskt er samþykkis heilbrigðisnefndar á leyfi byggingarnefndar og bæjarstjórnar til að byggja hesthús og heyhlöðu á baklóð hússins nr. 43 við Grettisgötu. Heilbrigðisnefndin sjer ekkert leyfi þessu til fyrirstöðu, enda sje þess að sjálfsögðu gætt, að haugur sje ekki safnist fyrir þarna og að frárásla sje fullnægjandi.

2. Lögð fram beiðni frá Kolbeini Árnasyni um löggildingu mjólkurbúðar í hinu nýja húsi hans við Baldursgötu nr. 11. Heilbrigðisnefndarmenn höfðu skoðað búð þessa og fullnægir hún að öllu fyrirmælum mjólkursölureglugjörðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

innar um mjólkurbúðir. Nefndin samþykkti að mæla með því, að bæjarstjórn löggildi búð þessa sem mjólkurbúð, þangað til öðruvísi kynni að verða ákveðið af bæjarstjórn.

3. Ungfrú Magnea Oddfreðsdóttir löggilt sem mjólkursali.

Fundi slitið

Jón Hermannsson    Jón Hj. Sigurðsson

Gunnlaugur Claessen.  Ágúst Jósefsson

Ár 1923 föstudaginn hinn 25. maí var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Lagt fram erindi Mjólkurfjelags Reykjavíkur, þar sem fjelagið beiðist eptir löggildingu á mjólkurbúð í kjallara hússins nr. 50 við Hverfisgötu. Ennfremur lögð fram skoðunargjörð hjeraðslæknis og heilbrigðisfulltrúa á búð þessari. Nefndarmenn samþykktu að mæla með því, að bæjarstjórn löggildi búð þessa sem mjólkurbúð þangað til öðruvísi kynni að verða ákveðið af bæjarstjórn, þó með því skilyrði, að gólf búðarinnar verði dúklagt, gluggar málaðir og gert við búðarloptið eptir því sem heilbrigðisfulltrúi krefst.

2. Lögð fram skýrsla frá heilbrigðisfulltrúa, þar sem hann skýrir frá því, að skolpræsi frá húseigninni nr. 12 við Vest-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

urgötu sje ekki í sambandi við neitt götuholræsi og valdi þessvegna hinum mesta óþrifnaði á nágrannalóðunum og á Tryggvagötu.

Samþykkt var að leggja fyrir eiganda húseignarinnar Vesturgötu 12, hr. Ólaf K. Ólafs, s. st., samkvæmt 13. og 14. gr. heilbrigðissamþykktarinnar, að leggja holræsi frá tjeðu húsi sínu norður í götuholræsið í Tryggvagötu, með eptirliti veganefndar Reykjavíkur, og að hann byrji á verki þessu fyrir 1. júní næstkomandi, og haldi því áfram með hæfilegum hraða að dómi veganefndar, og að öðrum kosti skuli verkið framkvæmt á hans kostnað, samkvæmt 50. gr. heilbrigðissamþykktarinnar.

3. Lögð fram skýrsla frá heilbrigðisfulltrúa, þar sem hann skýrir frá því, að skolpræsi frá húseigninni nr. 14 við Vesturgötu, sje ekki í sambandi við neitt götuholræsi og valdi þessvegna hinum mesta óþrifnaði á nágrannalóðunum og á Tryggvagötu.

Samþykkt var að leggja fyrir eiganda húseignarinnar Vesturgötu 14, hr. H. J. Hansen, s. st., samkvæmt 13. og 14. gr. heilbrigðissamþykktarinnar, að leggja holræsi frá tjeðu húsi sínu norður í götuholræsið í Tryggvagötu, með eptirliti veganefndar Reykjavíkur, og að hann byrji á verki þessu fyrir 1. júní næstkomandi, og haldi því áfram með hæfilegum hraða að dómi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

veganefndar, og að öðrum kosti skuli verkið framkvæmt á hans kostnað, samkvæmt 50. gr. heilbrigðissamþykktarinnar.
Nefndarmaður Gunnlaugur Claessen er erlendis og var því ekki á fundi.

Fundi slitið.

Jón Hermannsson Jón Hj. Sigurðsson
Ágúst Jósefsson

Ár 1923 fimmtudaginn hinn 26. júlí var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.
1. Lagt fram erindi frá Sláturfjelagi Suðurlands, dags. 18. og 25. þ.m., ásamt 5 uppdráttum, svo og möppu með öðrum 5 uppdráttum, en í erindum þessum biður fjelagið um samþykki heilbrigðisnefndar til þess að ~~reisa~~ byggja sútunarverksmiðju á lóð fjelagsins við sláturhús þess við Lindargötu. Heilbrigðisnefndin ~~ályktar~~ samþykkti að fresta ályktun um þetta mál, þangað til hún hefir fengið fullnægjandi upplýsingar um, hvort ekki myndi stafa óþægindi og hætta fyrir nágrennið og atvinnurekstur fjelagsins sjálfs, sem er þar fyrir, af sútunarverksmiðju þessari.
2. Lagt fram erindi frá Sigurði Sigurðssyni um leyfi til mjólkursölu í húsi sínu við Bræðraborgarstíg 12 C. Heilbrigðisnefndin leggur til að honum verði leyfð mjólkursala á tjeðum stað fyrst um sinn til 31. desbr. næstkomandi.
3. Lagt fram erindi frá Gunnari Jónssyni, Stýrimannastíg 10, um leyfi til mjólkursölu. Hefur hann fyrir heilbrigðisnefndinni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

beidst þess,
(að honum verði leyfð þessi nýjálkursala
í búð, sem er í húsinu nr. 19 við Berg-
staðastræti. Heilbrigðisnefndin leggur til
að honum verði leyfð nýjálkursala í
téðri búð fyrst um sinn til 31. desem-
ber næstkomandi, með því skilyrði að
gólfið og afgreiðsluborðið í búðinni verði
dúklögð.
4. Lagt fram erindi frá Magnúsi Þorsteinssyni
um leyfi til nýjálkursölu í brauðbúðinni
í húsinu nr. 20 við Vesturgötu. Heilbrigðisnefnd-
in leggur til að leyfð verði nýjálkur-
sala þar fyrst um sinn til 31. desember næstkomandi.
5. Lagt fram erindi frá Jóni E. Guðmunds-
syni um löggilding nýjálkurbúðar
í húsinu nr. 32 við Óðinsgötu. Heil-
brigðisnefndin samþykkti að mæla með
því, að bæjarstjórnin löggildi búð
þessa sem nýjálkurbúð, þangað til
öðruvísi kynni að verða ákveðið af
bæjarstjórn.
6. Lagt fram erindi frá húseigendum við Skólastíg og
Njálsgötu er búa yfir óþverra, sem safnast hefur á lóð-
inni bak við Skólastíginn vegna þess að lok-
ræsi vantar. Heilbrigðisnefnd samþykkti
að beina erindi þessu til veganefndar svo að
komið sje í verk að lokræsi sje gjört þar.

Hjeraðslæknir var ekki á fundi, og er ekki í bænum.

Fundi slitið

Th. Hermannsson   Guðm. Claessen

Ágúst Jósefsson

Ár 1923 fimmtudaginn hinn 16. ágúst var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Lagt fram erindi frá Þórarni Kjartanssyni um löggildingu mjólkurbúðar í húsinu nr. 76 við Laugaveg. Heilbrigðisnefndin samþykkti að mæla með því, að bæjarstjórnin löggildi búð þessa sem mjólkurbúð, þangað til öðruvísi kynni að verða ákveðið.

2. Lagt fram brjef borgarstjóra, dags. 13. þ.m., ásamt erindi frá Bjarna Bjarnasyni, dags. 11. þ.m. með uppdrætti. Heilbrigðisnefnd finnur ekki að athuga við að Bjarni þessi fái að byggja hesthús áfast við íbúðarhús á lóðinni nr. 110 við Hverfisgötu eins og sýnt er á uppdrættinum, svo framarlega sem taðið er flutt jafnótt burt og ekki safnað í gryfju við húsið.

3. Lagt fram erindi frá Elís Ó. Guðmundssyni, dags. 13. þ.m., og samþykkti heilbrigðisnefndin að leyfa honum að selja nýtt kjöt ~~(í sölubúð, og)~~ til 1. desember næstkomandi í sölubúð, er hann hefur leigt á Laugavegi nr. 6, með því skilyrði að hann selji þar ekki aðrar vörur en getur í 36. gr. heilbrigðissamþykktar bæjarins.

4. Lögð fram erindi frá Verzluninni Vaðnes, dags. 10. þ.m., og frá Kaupfjelagi Reykvíkinga, dags. 14. þ.m., um kjötsöluleyfi í búðunum sínum. Heilbrigðisnefndin sam-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þykkti að neita um þessi leyfi.
5. Heilbrigðisfulltrúa falið að aðvara kaupmenn með auglýsingu um að selja ekki nýtt kjöt nema í löggiltum kjötsölubúðum.

Fundi slitið

Þórður Hermannsson
Júl. Kj. Sigurðsson
Gunnl. Claessen.
Ágúst Jósefsson.

Ár 1923, fimmtudaginn 23. ágúst var fundur haldinn í Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.
1. Lagt fram erindi frá Stefáni Diðrikssyni f. h. Kaupfjelags Grímsnesinga, ~~þar sem dags.~~ 15. þ. m., þar sem hann beiðist þess að fjelaginu verði leyft að selja nýtt kjöt í búð í kjallara á Laugavegi nr. 47 og samþykkti heilbrigðisnefndin að leyfa fjelaginu þetta til 1. desember næstkomandi með því skilyrði að ekki verði seldar þar aðrar vörur en um getur í 36. gr. heilbrigðisreglugjörðarinnar
2. Lagt fram erindi frá Jóni Kjartanssyni f. h. Kaupfjelags Reykvíkinga, dags. 21. þ. m., þar sem hann beiðist þess að fjelaginu verði leyft að selja nýtt kjöt í bakhúsi verzlunarinnar „Gullfoss" á Laugavegi nr. 33. Heilbrigðisnefndin samþykkti að fjelaginu yrði eptir atvikum leyft þetta til 1. desember næstkomandi með því skilyrði að ekki verði seldar þar aðrar vörur en þær sem um ræðir í 36. gr. heilbrigðisreglugjörðarinnar.

Fundi slitið.

Vigfús Einarsson.
Júl. Kj. Sigurðsson
Gunnl. Claessen.
Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923 föstudaginn hinn 31. ágúst var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Nefndin ræddi hvernig ráðstafanir væri hægt að gjöra til að fyrirbyggja að hundar nái sullum úr sláturfje. Var dýralæknir á fundi til viðtals. Hjeraðslækni og heilbrigðisfulltrúa falið að athuga málið á sláturhúsunum hjer til undirbúnings undir næsta fund.

2. Lögð fram erindi frá Sveini Jóhannessyni kaupmanni í Verzluninni Björninn, Vesturgötu 39, dags. 28. þ.m., og frá kaupmanni Árna Einarssyni, Laugavegi 27 B, dags. 28. þ.m., um kjötsöluleyfi hinn fyrstnefndi í búð sinni og hinn síðarnefndi á Laugavegi 28. Heilbrigðisnefndin samþykkti að neita um leyfi þessi.

Fundi slitið.

[signature] Jón Hj. Sigurðsson.

Gunnl. Claessen Ágúst Jósefsson

Ár 1923 laugardaginn hinn 8. septbr. var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Lagt fram erindi frá Guðrúnu E. Hallgríms, dags. 3. þ.m., og samþykkti heilbrigðisnefndin að leyfa henni að selja nýtt kjöt til 1. desember næstkomandi í sölubúð, er hún hefir leigt í húsinu nr. 16 við Bjargarstíg; þó má ekki byrja að selja kjöt þar fyr en sannað hefir verið heilbrigðisfulltrúa, að geymsluherbergið innar af búðinni hafi verið hvíttað og galvani-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sérstakir krókar, til að hengja kjötið á, hafi verið settir upp í búðinni og geymslunni. ~~2. Lagt fram erindi frá formanni Kaupfjelags Reykjavíkur, dags. 27. f. m., og samþykkti heilbrigðisnefndin að leyfa fjelaginu~~ Leyfi þetta er ennfremur því skilyrði bundið, að í búð þessari verði ekki seldar aðrar vörur en getur í 36. gr. heilbrigðissamþyktar bæjarins.

2. Lagt fram erindi frá ~~fo~~ framkvæmdarstjóra Kaupfjelags Reykjavíkur, dags. 27. f. m., og samþykkti heilbrigðisnefndin að leyfa fjelaginu að selja nýtt kjöt til 1. desember næstkomandi í sölubúð í húsinu nr. 10 við Baldursgötu, með því skilyrði að eigi verði seldar þar aðrar vörur en getur í 36. gr. heilbrigðissamþyktar bæjarins.
3. Lagt fram erindi frá Carli Lárussyni, dags. ~~f.m.~~ 20. f. m., og samþykkti heilbrigðisnefndin að leyfa honum að selja nýtt og frosið kjöt í sölubúð hans í húsinu nr. 49 við Laugaveg, með því skilyrði að í búð þessari sjeu ekki seldar aðrar vörur en getur í 36. gr. heilbrigðissamþyktar bæjarins.
4. Lagt fram erindi frá Mjólkurfjelagi Reykjavíkur, dags. 5. þ. m., um löggilding mjólkursölubúðar á Þórsgötu 17, sem komi í stað mjólkursölubúðarinnar á Þórsgötu 3. Heilbrigðisnefndin samþykti ~~og~~ að synja um meðmæli með þessari beiðni mjólkurfjelagsins.
5. Eftir að heilbrigðisnefndin hefur fengið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skýrslu heilbrigðisfulltrúa um ástand kjötbúðar Tómasar Jónssonar í húsinu nr. 2 við Laugaveg, samþykkti heilbrigðisnefndin að leggja fyrir nefndan Tómas Jónsson að gjöra þessar umbætur á búðinni og geymsluherbergi:
1. að mála lopt og veggi og kalkbera þá sem múrveggir eru.
2. að setja gleraðar flísar á veggi þar sem kjötið er hengt upp.
3. að galvanisera króka og járn, ~~þar~~ sem kjötið er hengt á.
6. Eptir að heilbrigðisnefndin hefur fengið skýrslu heilbrigðisfulltrúa um ástand kjötbúðar M. Frederiksens í Ingólfshvoli við Hafnarstræti, samþykti heilbrigðisnefndin að leggja fyrir nefndan M. Frederiksen að gjöra þessar umbætur á sölubúðinni og geymsluherbergjunum:
1. að sölubúðin og geymsluherbergin sjeu öll rösuð og máluð lopt og veggir.
2. að á afgreiðsluborðið sjeu lagðar ~~linoleum dúkur götu eða~~ marmarahellur, flögusteinsþynnur eða sinkþynnur.
3. að ^á^ veggi, þar sem kjötið er hengt upp, sjeu settar gleraðar flísar.

Fundi slitið.

Þ. M. Hermannsson Jón Hj. Sigurðsson

Gunnl. Claessen Ágúst Jósefsson

Ár 1923 laugardaginn hinn 29. september var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. Lagt fram erindi frá Jóhannesi Laxdal, þar sem hann beiðist álits heilbrigðisnefndar um ~~...~~ íbúð, er hann hefur á leigu á Smiðjustíg 4, sem og hún verði eptir úrskurði húsaleigunefndar 30. júní þ.á. Heilbrigðisnefndin finnur eptir atvikum ekki ástæðu að láta í ljós álit um þetta mál, enda er hjeraðslæknir reiðubúinn til að gefa álit um þetta efni.

2. Lagt fram erindi frá eigandi Verslunarinnar Vaðnes, dags. 6. þ.m. Nefndin samþykkti að leyfa versluninni að selja nýtt kjöt í vörugeymsluhúsi hennar nr. 30 við Klapparstíg, til 1. desember ~~næstkomandi~~ eptir að sannað er fyrir heilbrigðisfulltrúa, að húsið sje sett í það stand, sem lýst er í erindinu, enda sje ekki selt í þeirri búð aðrar vörur en getur í 36. gr. heilbrigðissamþykktarinnar.

Fundi slitið

Jón Hermannsson   Páll Kj. Sigurðsson

Ágúst Jósefsson   Gunnl. Claessen.

Ár 1923 föstudaginn hinn 23. nóvember var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Lagt fram erindi frá kaupmanni Carli Lárussyni, dags. 24. f.m., þar sem hann sækir um leyfi heilbrigðisnefndar til að reka kjötbúð í kjallara hússins nr. 45 við Vesturgötu. Eftir að hafa athugað umrædda búð samþykkir heilbrigðisnefndin að synja

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um hið umbeðna leyfi, þar sem búð þessi fullnægir ekki ákvæðum 36. gr. heilbrigðissamþyktarinnar.

2. Lagt fram erindi frá kaupmanni Elíasi S. Lyngdal, dags. 19. þ.m., þar sem hann sækir um leyfi heilbrigðisnefndar til að reka kjötbúð í nýju húsi, sem hann hefir reist við Frakkastíg og Njálsgötu. Eptir að hafa athugað umrædda búð samþykkir nefndin að veita hið umbeðna leyfi.

3. Lagt fram erindi frá Sigríði Sigurðardóttir, dags. 22. þ.m., um kjötsölu í búðinni í húsinu nr. 56 A við Hverfisgötu. Þessu erindi svarar heilbrigðisnefndin svo, að leyfi þetta verði ekki veitt, nema búðinni verði breytt þannig, að hún fullnægi kröfum þeim, er gjörðar eru til kjötbúða í 36. gr. heilbrigðissamþyktarinnar.

4. Lagt fram erindi frá Margrjeti Guðmundsdóttur, Laugavegi 48, þar sem hún sækir um löggilding mjólkurbúðar í húsinu nr. 30 við Laugaveg. Heilbrigðisnefndin samþykkir að mæla með því, að bæjarstjórn löggildi búð þessa sem mjólkurbúð þangað til öðruvísi kynni að verða ákveðið af bæjarstjórn.

Fundi slitið

Jón Hermannsson  Jón Hj. Sigurðsson
Gunnl. Claessen.  Ágúst Jósefsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924 mánudaginn hinn 18. febrúar var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Heilbrigðisfulltrúi skýrði frá því, að Páll Jónsson bakari reki mjólkursölubúð í húsinu nr. 19 við Bergstaðastræti, án þess að hann til þess hefði fengið leyfi heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisnefndin felur heilbrigðisfulltrúa að gjöra viðeigandi ráðstafanir til að mjólkursölu á þessum stað verði þegar hætt.
2. Heilbrigðisfulltrúi skýrði frá því, að rekin væri af Mjólkurfjelagi Reykjavíkur mjólkursala í húsinu nr. 17 við Þórsgötu. Heilbrigðisnefndin hefur á fundi 8. sept. f. á. neitað að samþykkja mjólkursölu þar, og vill halda ekki sinna ánýjuðu erindi frá Mjólkurfjelaginu um sama. Heilbrigðisnefndin felur heilbrigðisfulltrúa því að gjöra ~~nú~~ viðeigandi ráðstafanir til að mjólkursölu verði hætt án tafar á þessum stað.
3. Lagt fram erindi frá Mjólkurfjelagi Reykjavíkur, dags. 6. ~~þ.~~ þ. ~~m.~~ m., um löggildingu mjólkurbúðar í húsinu nr. 16 við Frakkastíg. ~~#~~ Heilbrigðisnefndin vill ekki samþykkja, að þessi búð verði löggilt sem mjólkurbúð.
4. Lagt fram erindi frá Mjólkurfjelagi ~~nu~~ Reykjavíkur, dags. ~~[illegible]~~ 6. þ. m., um löggildingu mjólkurbúðar í húsinu nr. 58 við Laugaveg. Heilbrigðisnefndin neitar að samþykkja mjólkurbúð á þessum stað þar sem fyrir eru nú 5 mjólkurbúðir á Laugaveginum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Lagt fram erindi frá Carli Þorsteinssyni bakara dagś. 7. f. m., um löggilding mjólkurbúðar á húsinu nr. 12 við Frakkastíg. Heilbrigðisnefndin ~~samþ~~ neitar að samþykkja mjólkurbúð á þessum stað.
6. Lagt fram erindi frá A. Rosenberg, dagś. 14. f. m., um leyfi til mjólkursölu í matarbúðinni í húsinu nr. 9 við Pósthússtræti. Heilbrigðisnefndin neitar að samþykkja mjólkursölu í þessari búð, þareð þar vörur eru þar seldar, er ekki má selja í mjólkurbúðum.
7. Lagt fram erindi frá Inga Halldórssyni bakara, dagś. 27. des. f. á., um löggilding mjólkursölubúðar í brauðsölubúð hans í húsinu nr. 14 við við Vesturgötu. Heilbrigðisnefndin neitar að samþykkja mjólkursölu í þeirri búð.
8. Lagt fram erindi frá ~~Guðrúnu~~ húsfrú Guðrúnu Kristinsdóttur, dagś. 5. f. m., um löggilding mjólkurbúðar í húsinu ~~nr. 2~~ nr. 29 við Bræðraborgarstíg. Heilbrigðisnefndin neitar að samþykkja mjólkurbúð á þessum stað, því búðin fullnægir ekki kröfum heilbrigðissamþyktar bæjarins ~~ÍÍ um mjólkurbúðir~~ um útbúnað mjólkurbúða.
9. Samkvæmt erindi Eyjólfs Kristjánssonar, dagś. 8. f. m., með 3 vottorðum, er hann af heilbrigðisnefnd samþyktur sem mjólkursali

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í mjólkurbúðinni í húsinu nr. 39 við Baldursgötu.

10. Útbr. erindi Carls Lárussonar kaupmanns, dags. 10. f. m., leitar heilbrigðisnefndin í ljósi, að ekkert verði til fyrirstöðu, ~~að~~ að búðin á Vesturgötu 35 ~~þessi~~ verði löggilt sem kjötbúð, þegar hún hefir verið sett í það lag, að hún fullnægi ákvæðum heilbrigðis~~nefnd~~ samþykktar bæjarins um kjötsölubúðir.

11. Lagt fram erindi frá Sláturfjelagi Suðurlands, dags. 10. f. m., þar sem beðið er um leyfi heilbrigðisnefndar til að reisa sútunarhús á lóð fjelagsins við Lindargötu, samkvæmt lýsingum þeim á byggingunni og öðru fyrirkomulagi sútunarinnar, sem ljóst er í bréfum fjelagsins til heilbrigðisnefndarinnar, dags. 18. og 25. júlí þ. á. Heilbrigðisnefndin samþykkti að svara Sláturfjelaginu, að nefndin sjái sjer ekki fært að leyfa það, að ~~hin~~ hið umrædda sútunar~~stöð~~hús verði reist á hinni framangreindu lóð.

Fundi slitið.

Jón Hermannsson Jón Hj. Sigurðsson.

Gunnlaugur Claessen. Ágúst Jósefsson.

Ár 1934 ~~var fundur haldinn á~~ laugardaginn hinn 15. marz ~~hjelt~~ var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

Lagt fram erindi frá Mjólkurfjelagi Reykjavíkur, dags. í dag, um ~~leyfi til~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~að~~ löggilding mjólkurbúðar í húsinu nr. 58 við Laugaveg. Heilbrigðisnefndin leggur það til, að bæjarstjórn löggildi mjólkurbúð á þessum stað, ~~en~~ þó þannig að sú löggilding sje því skilyrði ~~bundið~~ bundin að Mjólkurfjelagið reki þar sjálft ~~mjólk~~ mjólkursöluna. Svo sje og bæjarstjórn heimilt að fella þessa löggildingu úr gildi, er bæjarstjórninni kynni að þykja ástæða til. Að ~~skal~~ sjálfsögðu ~~verður sala ekki átti~~ skal ekki byrja að selja mjólk í búðinni fyr en ~~[illegible] allt er komið í [illegible]~~ búðin er komin í fullt lag að dómi heilbrigðisfulltrúa.

Fundi slitið

Jón Hermannsson
Ágúst Jósefsson
Jón Sigurðsson
Gunnl. Claessen

Ár 1924 fimmtudaginn hinn 10. júlí var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Lagt fram erindi frá Elís Ó. Guðmundssyni um löggilding sína mjólkursölu og var hún veitt samkvæmt skoðunarvottorði hjeraðslæknis.
2. Lagt fram erindi frá Svend Milner, dags. 8. þ.m., um leyfi heilbrigðisnefndar til að reka kjötsölubúð í húsinu nr. 48 við Laugaveg. Heilbrigðisnefndin leyfir ~~að~~ ekki kjötverslun í umræddu húsinu fyr en veggir hafa verið klæddir glerflögum og loft pappaklætt og málað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Lagt fram erindi frá Elíasi S. Lyngdal kaupmanni, dags. 5. f. m., um löggildingu mjólkurbúðar í húsinu nr. 16 við Frakkastíg. Með því að í ~~húsi~~ umræddri búð er einnig rekin konfektgjörð, getur heilbrigðisnefndin ekki mælt með hinni umbeðnu löggildingu.

4. Rætt var um frumvarp til reglna um kjötskoðun í Reykjavík.

Fundi slitið.

Jón Hermannsson Jón Hj. Sigurðsson
Ágúst Jósefsson Gunnl. Claessen.

Ár 1924 þriðjudaginn hinn 15. júlí var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur. Dýralæknir Magnús Einarsson hafði verið beðinn að koma á fundinn og sat hann fundinn.

Haldið áfram umræðum frá síðasta heilbrigðisnefndarfundi um kjötskoðunarmálið.

Heilbrigðisnefndin samþykkti frumvarp til ~~reglugjörðar~~ samþykktar um breyting á heilbrigðissamþyktinni, sem hún leggur til að samþykt verði af bæjarstjórn.

Ennfremur samþykti heilbrigðisnefndin frumvarp til kjötskoðunarreglna, sem hún leggur til, að bæjarstjórn samþykki um leið og heilbrigðis~~reglu~~samþykta~~gjörðar~~breytinguna.

Loks leggur heilbrigðisnefndin til að hinar væntanlegu nýju kjötskoðun-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

afreglur verði birtar í ~~[illegible]~~ blöðunum.

Fundi slitið

Jón Hermannsson
Gunnlaugur Claessen.
Magnús Einarsson.

pr. H. Sigurðsson
Ágúst Jósefsson

Ár 1924 þriðjudaginn hinn 9. september var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Lagt fram erindi Guðrúnar Kristinsdóttur, ~~dags. 31~~ um leyfi til að selja mjólk í húsinu nr. 29 við Bræðraborgarstíg ~~24~~. Heilbrigðisnefndin mælir með því, að löggilt sje mjólkurbúð í þessu húsi, þar til fullgerð er viðbygging við húsið, er mjólkurbúð á að gjöra í, þó þannig að löggilding þessi falli niður 1. janúar næstkomandi.
2. Lagt fram erindi frá Elíasi S. Lyngdal um leyfi til mjólkursölu í húsinu nr. 16 við Frakkastíg. Heilbrigðisnefndin leggur til að bæjarstjórn löggildi mjólkurbúð á þessum stað þangað til öðruvísi kynni að verða ákveðið af bæjarstjórn, og með eftirfarandi skilyrðum: Að settar verði hjarir á glugga í búðarherberginu og að hurðir sjeu settar á ~~[illegible]~~ þiljurnar innanvið gluggana.
3. Lagt fram erindi frá Einari Jóhannessyni, Frakkastíg 14, um leyfi til mjólkursölu í búðinni nr. 13 við Skólavörðustíg. Heilbrigðisnefndin neitar að mæla með því, að löggilt sje mjólkurbúð á þessum stað, þar sem hjer er aðeins bráðabirgðabygging og að engin leyfi haf til mjólkursölu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Lagt fram erindi frá Karl Petersen og H. Toft um ~~mjólkursölu~~leyfi til mjólkursölu í húsinu nr. 38A við Bragagötu. Heilbrigðisnefndin neitar sem meðmæli með mjólkurbúð á þessum stað, því þar telst ekki nein þörf fyrir nýja mjólkurbúð.
5. Lagt fram erindi frá Gunnari S. Sigurðsyni, dags. 1. þ. m., um leyfi til kjötsölu í hinni nýju búð hans í húsinu nr. 55 við Laugaveg. Heilbrigðisnefndin samþykkti að leyfa kjötsölu í umræddri búð.
6. Lagt fram erindi Guðmundar Þórðarsonar kaupmanns, dags. 29. f. m., um leyfi til kjötsölu í nýinnrjettaðri búð á Njálsgötu 29. Heilbrigðisnefndin leyfir kjötsölu í þessari búð fyrst um sinn með því skilyrði, að í stað hinnar emailleraðu klæðningar, sem nú er á veggjum, sjeu látnar postulínsflísar á veggina fyrir næstu áramót. Sje þessu ekki fullnægt, fellur kjötsöluleyfi þetta niður án tafar 1. janúar næstkomandi.
7. Lagt fram erindi frá Svend Mielner, dags. 17. júlí þ. á., um leyfi til kjötsölu í nýinnrjettaðri búð á Laugavegi 48. Heilbrigðisnefndin leyfir kjötsölu í þessari búð fyrst um sinn með því skilyrði, að í stað hinnar emailleraðu klæðningar, sem nú er á veggjum, sjeu látnar postulínsflísar á veggina fyrir næstu áramót. Sjeu þessu ekki fullnægt, fellur kjötsöluleyfi þetta niður án tafar 1. janúar næstkomandi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Lagt fram brjef frá universitetets farma-kologiske ~~institut~~ institut, Kristiania, dags. 19. júlí þ.á., til læknis Gunnlaugs Claessen, um rannsókn á vitamin-innihaldi smjörlíkis og kostnað við þá rannsókn. Heilbrigðisnefndin samþykti að láta umrædda rannsókn fara fram og fól heilbrigðisfulltrúa og hr. Claessen að sjá um sending á nauðsynlegum sýnishornum til rannsóknarinnar.

9. Lagt fram brjef borgarstjóra, dags. 25. f.m., um að frumvarp heilbrigðisnefndar frá síðasta fundi um breyting á heilbrigðissamþykt bæjarins, viðvíkjandi kjötskoðun, hafi verið felt af bæjarstjórn á fundi 15. s.m.

Fundi slitið.

Jón Hermannsson  Jón Hj. Sigurðsson
Gunnl. Claessen  Ágúst Jósefsson

Ár 1924 föstudaginn hinn 26. september var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Lagt fram brjef frá byggingarfulltrúa Reykjavíkur, þar sem ~~fr~~ byggingarnefndin beiðist umsagnar um beiðni Hjörleifs Guðbrandssonar um leyfi til að byggja hesthús og heyhlöðu á lóðinni nr. 20 A við Grettisgötu, samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti. Eftir að hafa athugað staðhætti á umræddum stað lýsir heilbrigðisnefndin því yfir, að hún hefir ekkert að athuga við að leyfi verði veitt til hjer umræddrar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

byggingar.

2. Lagt fram erindi Jóni Jónssonar, Freyjugötu 9, dags. 22. þ.m., um leyfi til að selja mjólk í brauðsölu-búðinni í sama húsi. Heilbrigðisnefndin samþykti að neita um meðmæli með að löggilt verði mjólkursölubúð í ~~[illegible]~~ þessu húsi, enda engin þörf fyrir nýja mjólkurbúð á þessum stað.

Fundi slitið.

Þ. Hermannsson. Gunnl. Claessen. Sig. Kj. Sigurðsson. Agúst Josefsson.

Ár 1924 mánudaginn hinn 10. nóvember var fundur haldinn í ~~að~~ heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Lagt fram erindi frá Sláturfjelagi Suðurlands, dags. 28. ág. þ.á., um leyfi til kjötsölu í búðinni á Laugavegi 42. Heilbrigðisnefndin samþykkir að leyfa kjötsölu í tjeðri búð.
2. Lagt fram erindi Theodórs N. Sigurgeirssonar, dags. 29. septbr. þ.á., um leyfi til kjötsölu í búðinni á Óðinsgötu 32. Heilbrigðisnefndin samþykkir að leyfa kjötsölu í tjeðri búð.
3. Lagt fram erindi frá Sveini Jóhannessyni, dags. 6. f.m., um leyfi til kjötsölu í búðinni á Vesturgötu 39. Heilbrigðisnefndin samþykkir að leyfa kjötsölu í tjeðri búð.
4. Lagt fram erindi frá Jóhanni Eyjólfssyni, dags. 28. f.m., um leyfi til fisksölu í nýútbúinni búð í húsinu nr. 18 við

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hafnarstræti. Heilbrigðisnefndin samþykkir að leyfa að starfrækja fisksölubúð í umræddum húsakynnum. ~~þar.~~

5. Lagt fram erindi frá Mjólkurfjelagi Reykjavíkur, dags. 18. þ.m., um að fjelaginu verði veitt löggilding á búðinni í húsinu nr. 30 við Laugaveg sem mjólkurbúð. Heilbrigðisnefndin mælir með því, að löggilding þessi verði veitt með því skilyrði, að búðin verði máluð á ný áður en mjólkursala byrjar þar, enda falli niður löggilding sú, sem Margrjet Guðmundsdóttir fjekk á búð þessari síðastliðið ár.

6. Láru Hjartardóttur, Laugavegi 28, veitt leyfi til að veita mjólkurbúð forstöðu.

7. Lagt fram erindi frá Ólafi Gunnlaugssyni, Vatnsstíg 9, um löggildingu á mjólkurbúð í nýbygðu húsi nr. 1 við Holtsgötu. Heilbrigðisnefndin samþykkir að mæla með því, að löggilt verði mjólkurbúð á þessum stað, með því skilyrði að gjörður verði heill veggur á milli umræddrar búðar og nýlenduvörubúðarinnar í sama húsi. Mjólkursala má ekki byrja fyr en heilbrigðisfulltrúi hefur tekið veggbreytinguna gilda.

8. Lagt fram erindi frá Mjólkurfjelagi Vatnsleysustrandar, dags. 3. þ.m., um löggildingu mjólkurbúðar í húsinu nr. 78 við Laugaveg. Heilbrigðisnefndin samþykti að mæla með því að löggilt verði mjólkurbúð á þessum stað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Heilbrigðisnefndin samþykkti að leggja fyrir eigendur brauðgerðarhúsanna á Laugavegi 5, Frakkastíg 12 og Hverfisgötu 56, að gjöra þær umbætur í brauðgerðarhúsunum í þessum húsunum, sem tilfærðar eru í tillögum heilbrigðisfulltrúa, dags. í dag, sem lagðar voru fram á fundinum.

Fundi slitið

J. M. Hermannsson     Jón Hj. Sigurðsson.

Gunnl. Claessen.     Ágúst Jósefsson

Ár 1924 þriðjudaginn hinn 30. desember var fundur haldinn í sóttvarnarnefnd Reykjavíkur.

Lagt fram bréf húsameistara ríkisins, dags. 18. þ. m., sem hefur inni að halda álit hans um hverjar umbætur sjeu nauðsynlegar á sóttvarnarhúsi ríkisins hjer, og áætlun um hvað kosta muni að gjöra þessar umbætur.

Útaf þessu lætur sóttvarnarnefndin í ljósi að hús þetta í því ástandi sem það nú er, sje ónothæft sem sóttvarnarhús og að umbætur þær, sem húsameistari leggur til að sjeu gjörðar, sje hið minnsta sem komist verði af með, enda þoli það enga bið, að þær verði framkvæmdar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samhvæmt þessu leyfir sóttvarnarnefndin sjer hjermeð að skora á hið háa stjórnarráð að veita þegar heimild til að framkvæma hinar umgetnu umbætur á sóttvarnarhúsinu.

Fundi slitið

Th. Hermannsson

Jón Ólafsson

Magnús Pjetursson

Ár 1925 þriðjudaginn hinn 3. febrúar var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Lagt fram erindi frá Mjólkurfjelagi Reykjavíkur, dags. 18. oktbr. f. á., um löggildingu mjólkurbúðar. Samþykkt var að mæla með því, að bæjarstjórnin löggildi fyrir Mjólkurfjelagið nýja búð í húsi fjelagsins nr. 10 við Vatnsstíg sem mjólkurbúð, gegn því að niður falli löggilding, sem fjelagið nú hefur á mjólkurbúð í húsinu nr. 50 við Hverfisgötu.

2. Lagt fram erindi frá Margrjeti Helgadóttur, dags. 3. nóvbr. f. á., um löggildingu mjólkurbúðar. Samþykkt var að leggja til, að bæjarstjórn löggildi sem mjólkurbúð fyrir nefnda Margrjeti Helgadóttur nýja búð, sem gjörð hefir verið í húsinu nr. 18 við Laufásveg.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Lagt fram erindi frá Magnúsi [Magnússyni], Eystra-Geldholti hjer í bænum, dagsett 11. desbr. f. á., um frárenslu frá húsinu Skálholt við Bræðraborgarstíg. Heilbrigðisfulltrúi hefur athugað þetta mál og lagði til, að það yrði borið undir bæjarverkfræðing hvað hentast eða tiltækilegast væri að gjöra á umræddum stað til að koma þar frárenslu í viðunandi horf.

Hjeraðslæknir kom ekki á fund sökum forfalla.

Fundi slitið

Hermannsson
Gunnlaugur Claessen.
Ágúst Jósefsson

Þriðjudaginn hinn 19. maí 1925 var fundur haldinn í sóttvarnarnefnd Reykjavíkur.

1. Lagt fram til athugunar brjef stjórnarráðs Íslands til lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 18. apríl þ. á., um aðgjörð á sóttvarnarhúsi ríkisins.
2. Lagt fram erindi, dags. 14. þ. m., frá umsjónarmanni sóttvarnarhússins Jónasi Jónassyni, þar sem hann leggur til ástand hjúkrunarkonu sóttvarnarhússins, að nánara upptaldir húsmunir, sem ekki eru í fullu standi eða skemdir, verði seldir, enda sje ekki þörf fyrir þá við starfrækslu hússins.

Sóttvarnarnefndin samþykkti að leggja það til við stjórnarráð Íslands, að nefndir munir verði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við fyrsta tækifæri seldir á ~~uppp~~ opinberu uppboði.

Fundi slitið

Þ. M. Hermannsson

Magnús Bjarnason

Jón Ólafsson

Ár 1925 miðvikudaginn hinn 3. júní var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Lagt fram erindi frá Ingu Halldórsdóttur bakara um að fá leyfi til að selja mjólk í brauðsölubúðinni í húsinu nr. 14 við Vesturgötu. Heilbrigðisnefndin samþykti að halda fast við neitun sína 18. febrúar f. á. um að leyfa ekki mjólkursölu á þessum stað.
2. Lagt fram erindi frá verslunarstjóra Kaupfjelags Borgfirðinga hjer í bænum, dags. 16. f. m., um leyfi til að tappa rjóma úr Borgarfirði á flöskur í húsnæði kaupfjelagsins í húsinu nr. 20 A. við Laugaveg og selja það síðan. Heilbrigðisnefndin samþykti að neita um að leyfa þetta á þann hátt, sem stungið er uppá í framannefndu bijefi verslunarstjórans, en hefir hinsvegar gefið heilbrigðisfulltrúa leiðbeiningar um, hvernig slíkri aftöppun mætti fyrirkoma svo í lagi teldist á þessum stað, og veitt honum heimild til að taka fyrirkomulagið gilt.

Fundi slitið

Þ. M. Hermannsson

Jón Bj. Sigurðsson

Gunnl. Claessen

Magnús Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925 þriðjudaginn hinn 18. ágúst var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Lagt fram erindi frá framkvæmdarstjóra Mjólkurfjelags Reykjavíkur, dagð. 30. júní þ. á., um löggildingu mjólkurbúðar. Samþykt var að leggja til, að bæjarstjórn löggildi sem mjólkurbúð fyrir Mjólkurfjelagið búð ~~sem verið hefir~~ ~~[illegible]~~ í húsinu nr. 54 við Vesturgötu, sem áður hefir verið löggilt mjólkurbúð og nú hefir verið endurbætt og sett í gott stand.

2. Lagt fram erindi frá bakara Inga Halldórssyni, Vesturgötu 14, dags. 25. f. m., um löggilding mjólkurbúðar. Samþykt var að leggja til, að bæjarstjórn löggildi sem mjólkurbúð fyrir nefndan Inga Halldórsson nýja búð, sem gjörð hefir verið á lóðinni nr. 14 við Vesturgötu.

Hjeraðslæknir var ekki á fundi; er ekki í bænum.

Fundi slitið

Jón Hermannsson. Gunnlaugur Claessen.

Sigurl. Jósefsson.

Ár 1925 mánudaginn 12. október var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Lagt fram erindi frá kaupmanni Guðjóni Jónssyni, dags. 1. þ. m., þar sem hann sækir um löggildingu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á búð, sem hann hefir gjört á Hverfisgötu 50, sem kjötsölubúð. Heilbrigðisnefndin samþykkti að leyfa kjötsölu í þessari búð fyrst um sinn til 1. janúar 1926.

2. Lagt fram erindi, dags. 8. þ. m., frá Guðjóni Jónssyni, Hverfisgötu 50, um löggilding á búð í kjallara téðs húss til mjólkursölu. Heilbrigðisnefndin samþykkti að mæla með því, að bæjarstjórn löggildi þessa búð sem mjólkurbúð.

3. Lagt fram erindi frá Alþýðubrauðgerðinni, dags. 25. f. m., þar sem sótt er um leyfi til mjólkursölu í brauðsölubúðum Alþýðubrauðgerðarinnar í húsunum nr. 61 við Laugaveg og nr. 14 við Baldursgötu. Heilbrigðisnefndin samþykkti að mæla með því, að bæjarstjórn löggildi brauðsölubúðina á Laugavegi 61 sem mjólkurbúð. Hinsvegar vill nefndin ekki mæla með löggildingu búðarinnar á Baldursgötu 14, því ~~hvað lítil~~ búð þessi ~~of lítil og svo er ekki heldur neina sjerstaka þörf fyrir nýja mjólkurbúð í [illegible] [illegible]~~ þykir of lítil.

Fundi slitið

~~Jón Hermannsson~~ Jón Sigurðsson

Gunnlaugur Claessen Sigurður Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925 föstudaginn hinn 27. nóvember var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Lagt fram erindi frá Sveini Pálssyni fyrir hönd Mjólkurfjelags Vatnsleysustrandar, dags. 9. þ.m., um löggildingu mjólkurbúðar í nýju húsi Ingvars Einarssonar, nr. 12 við Miðstræti. Heilbrigðisnefndin mælir með því, að bæjarstjórn löggildi búð þessa sem mjólkurbúð.
2. Lagt fram erindi frá Alþýðubrauðgerðinni, dags. 28. f.m., um löggildingu mjólkurbúðar í nýju húsi Hannesar Ólafssonar, nr. 2 við Grettisgötu. Heilbrigðisnefndin mælir með því, að bæjarstjórn löggildi búð þessa sem mjólkurbúð.
3. Lagt fram erindi frá G. Ólafsson & Sandholt brauðgerðarfirma, dags. 16. þ.m., um löggildingu á mjólkurbúðum í brauðsölubúðum firmans í húsunum nr. 36 við Laugaveg og nr. 17 á Þórsgötu. Heilbrigðisnefndin samþykkti að mæla með því að búðin á Laugavegi 36 verði löggilt sem mjólkurbúð. Hinsvegar samþykkti nefndin að fresta að taka ákvörðun um búðina í húsinu nr. 17 við Þórsgötu.
4. Lagt fram erindi frá kaupmanni Ólafi Jóhannessyni, dags. 16. þ.m., um leyfi til kjötsölu í nýrri búð í húsinu nr. 79 við Laugaveg. Heilbrigðisnefndin samþykkti að leyfa kjötsölu í búð þessari.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Heilbrigðisnefndin samþykkti að skora á fjárhagsnefnd að taka upp á næstu fjárhagsáætlun fjárveitingu, alt að 600 kr, til mjólkur- og matvælarannsókna.

Fundi slitið

Jón Hermannsson Guðm. Hj. Sigurðsson
Gunnlaugur Claessen. Ágúst Jósefsson

Ár 1926 föstudaginn hinn 14. maí var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Lagt fram erindi frá Jóni E. Guðmundssyni, Hverfisgötu 56 B, um löggildingu mjólkurbúðar í húsinu nr. 93 við Hverfisgötu. Heilbrigðisnefnd mælir með því, að bæjarstjórn löggildi búð þessa sem mjólkurbúð.
2. Lagt fram erindi frá Guðmundi Breiðfjörð, Grettisgötu 54, um löggildingu mjólkurbúðar. Heilbrigðisnefndin samþykkti að mæla með því, að bæjarstjórn löggildi umrædda búð í húsinu nr. 54 við Grettisgötu sem mjólkurbúð.
3. Lagt fram erindi frá Margrjeti Jónsdóttur, Bjargi við Laugarnesveg, þar sem hún sækir um leyfi til mjólkursölu í brauðsölubúð hennar á Bragagötu 38. Heilbrigðisnefndin samþykkti að neita að mæla með að löggilt verði mjólkurbúð á þessum stað af því að húsakynni eru þar ófullnægjandi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Lagt fram erindi frá Tómasi Jónssyni kjötkaupmanni um leyfi heilbrigðisnefndar til kjötsölu í nývirkjandi búð á Laugavegi 32. Heilbrigðisnefndin leyfði kjötsölu í þessari búð.
5. Lagt fram erindi frá Jóni E. Guðmundssyni, Hverfisgötu 56 B, um leyfi heilbrigðisnefndar til að taka til notkunar nýtt brauðgerðarhús á Hverfisgötu 93. Heilbrigðisnefndin veitti það leyfi.
6. Lagt fram erindi frá Markúsi Jónssyni, um leyfi til fisksölu í porti við húsið nr. 42 við Laugaveg. Heilbrigðisnefndin samþykkti að veita ekki leyfi til fisksölu á þessum stað.
7. Lagt fram erindi frá Jónasi Jónassyni lögregluþjóni, dags. 29. f. m., þar sem hann kærir yfir óþrifum af skolprennsli frá húsinu nr. 14 B við Brekkustíg. Heilbrigðisnefndin samþykkti að senda erindi þetta til veganefndar með fyrirspurn um, hvort nefndin sjái sér fært að leggja skolpræsi í sumar á þessum stað.
Heilbrigðisfulltrúa var falið að sjá um það að húseigandi ~~þrífi~~ gjöri skyldu sína til þrifnaðar á þessum stað.
8. Lagt fram erindi frá heilbrigðisfulltrúa, þar sem hann skýrir frá því, að skolpræsi frá húsum þeirra Sveins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jónssonar og Sigurðar Magnússonar
við Ránargötu, sjeu ekki í sam-
bandi við neitt götuholræsi og valdi
þessvegna hinum mesta óþrifnaði
á nágrannalóðunum.
Samþykt var að leggja fyrir
eigendur húseigna þessara við
Ránargötu, þá Svein Jónsson
og Sigurð Magnússon, að leggja
holræsi frá tjeðum húsum
þeirra út í Vesturgötu, með
eftirliti veganefndar Reykjavíkur,
og að þeir byrji á verki þessu
í síðasta lagi hinn 26. þ. m.,
og haldi verkinu áfram með hæfi-
legum hraða að dómi veganefndar,
og að öðrum kosti skal verkið fram-
kvæmt á þeirra kostnað, sam-
kvæmt 50. gr. heilbrigðissamþyktar
Reykjavíkur.
9. Með því að heilbrigðisnefndinni þykir
mjög ábótavant um skólpræsi og hreins-
un á Grímsstaðaholti, þar sem bygg-
ing hefir mjög vaxið ~~[illegible]~~ upp á
síðkastið, vill heilbrigðisnefndin skora
á veganefnd að taka málið um
skolpræsi og hreinsun á Grímsstaða-
holti til skjótrar yfirvegunar.
10. Heilbrigðisnefndin samþykti að
láta rannsaka vitamine-innihald
hangikjöts- og saltkjöts á líkan
hátt og smjörlíki hefir áður verið
rannsakað, og fól heilbrigðisfull-
trúa að annast útvegun og send-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ing matvæla þessara til rannsóknarinnar eins og áður.

Fundi slitið.

~~Jón Hermannsson~~ Jón Hj. Sigurðsson
Þórður Sveinsson.
Sigurður Jónsson[?]

Ár 1926 föstudaginn hinn 8. október var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Lagt fram erindi frá ~~Jón~~ Pjetri M. Bjarnarsyni um löggilding mjólkurbúðar í húsi hans nr. 17 við Vesturgötu. Með því að búð þessi fullnægir að öllu ákvæðum mjólkurreglugerðarinnar mælir heilbrigðisnefndin með því, að bæjarstjórn löggildi þessa búð sem mjólkurbúð.

2. Lagt fram erindi frá Skúla Jónssyni, Vesturgötu 5, dags. 29. f. m., þar sem hann sækir um undanþágu frá ákvæðum 36. gr. heilbrigðissamþyktar Reykjavíkur fyrir búð til kjötsölu og fiskforsögerð, og sölu á því í húsi hans Vesturgötu 5. Heilbrigðisnefndin samþykti að neita um ~~hina~~ að veita hina umbeðnu undanþágu.

Fundi slitið.

Jón Hermannsson
Jón Hj. Sigurðsson
Þórður Sveinsson.
Sigurður Jónsson[?]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926 föstudaginn 31. desember var fundur haldinn í heilbrigðis-nefnd Reykjavíkur.

1. Lagt fram erindi frá 22 íbúum í húsum á Kaplaskjóli, þar sem þeir kvarta yfir því, að drykkjuvatn og vatnsbólið þar sje nú orðið alveg óhæft vegna seltu og beiðast þess, að vatnsæð frá vatnsveitu Reykjavíkur verði lögð þangað sunnar eftir svo fljótt sem mögulegt er. Heilbrigðisnefndin hefir athugað umrætt vatnsból og tekið úr því til rannsóknar sýnishorn af vatninu og látið Efnarannsóknarstofu ríkisins og Rannsóknastofu háskólans rannsaka sýnishorn þessi og voru skýrslur um rannsóknir þessara stofnana lagðar fram á fundinum. Heilbrigðisnefndin álítur eftir því sem fyrir liggur, að vatn þetta sje óhæft til drykkjar, og leggur til, að íbúum Kaplaskjóls verði útvegað gott drykkjarvatn með því, að æð úr vatnsveitu Reykjavíkur verði lögð þangað sem fyrst.

2. Lagt fram erindi frá Mjólkurfjelagi Reykjavíkur, þar sem stjórn fjelagsins fer fram á, að löggiltar verði handa fjelaginu tvær nýjar búðir sem mjólkurbúðir, önnur í hinu nýja húsi Páls Magnússonar ~~við~~ nr. 4 við Bergstaðastræti og í húsinu nr. 10 við Kirkjustræti. Með því að búðir þessar báðar fullnægja settum reglum, leggur heilbrigðis-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nefndin til, að bæjarstjórn löggildi
þær báðar sem mjólkursölubúðir.

3. Lagt fram erindi frá Júlíusi Guð-
mundssyni og Guðm. Kr. Guðmundssyni,
þar sem þeir sækja um löggildingu
mjólkurbúðar í nýju húsi nr. 23
við Framnesveg. Heilbrigðisnefndin
leggur til, að bæjarstjórn löggildi
þessa búð sem mjólkursölubúð.

4. Lagt fram erindi frá Ingimar Jóns-
syni bakara, Hverfisgötu 41, um lög-
gildingu mjólkurbúðar í nýju húsi
nr. 23 við Bergþórugötu. Heil-
brigðisnefndin leggur til, að
bæjarstjórn löggildi þessa búð
sem mjólkursölubúð.

5. Lagt fram erindi frá Hirti Elíassyni,
þar sem hann sækir um löggildingu
á búð, sem hann hefir látið gjöra í
húsi sínu nr. 50A við Vesturgötu,
sem mjólkurbúð. Heilbrigðisnefndin
leggur til, að bæjarstjórn löggildi
þessa búð sem mjólkursölubúð.

6. Lagt fram erindi frá Þórarni Kjart-
anssyni, dags. 20. þ.m., þar sem
beiðist leyfis heilbrigðisnefndar
til kjötsölu og matvörusölu í
búð í húsi hans, Laugavegi 76.
Heilbrigðisnefndin veitir hið um-
beðna leyfi.

7. Lagt fram erindi frá Sveini Þor-
kelssyni, dags. 4. þ.m., þar sem hann
sækir um leyfi heilbrigðisnefndar
til kjöts- og matvörusölu í búð í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

húsinu nr. 21 B við Vesturgötu, sem hann hefir tekið á leigu. Heilbrigðisnefndin veitti leyfi til þessa.

8. Tekið til meðferðar erindi frá Sveini Þórðarsyni Þorsteini Sveinbjörnssyni um leyfi til kjötsölu og matvörusölu í búð í húsinu nr. 45 við Vesturgötu. Heilbrigðisnefndin veitti þeim leyfi til þessa.

Fundi slitið.

Jón Hermannsson — Jul. Sigurðsson

Ágúst Jósefsson.

Ár 1927 mánudaginn hinn 10. janúar var fundur haldinn í sóttvarnarnefnd Reykjavíkur.

Lagt fram símskeyti dómsmálaráðaneytisins til lögreglustjóra, dagsett í dag, þar sem fyrirskipað er að einangra öll aðkomuskip þartil liðnir eru sex sólarhringar frá því þau fóru úr erlendri höfn.

Útaf þessu ákveður sóttvarnarnefndin: Að engu aðkomuskipi skuli leyft að fara inn á innri höfn Reykjavíkur fyr en liðnir eru hinir ákveðnu sex sólarhringar, og að engin ferming eða afferming úr þeim fari fram, að undanteknu því, að póstur má veita viðtöku við skipshlið undir eftirliti lögreglunnar. Undantekning frá fyrnefnda ákvæðinu getur bæjarlæknir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leyfi ef um nauðsyn er að ræða vegna slysa eða veikinda.

Fundi slitið

Jón Hermannsson

Magnús Pjetursson. Jón Ólafsson

Ár 1927 miðvikudaginn hinn 19. janúar var fundur haldinn í sóttvarnanefnd Reykjavíkur.

1. Eftir að kíghóstasjúklingarnir eru nú allir farnir úr sóttvarnarhúsi ríkisins, sjer sóttvarnarnefndin sjer ekki fært að loka húsinu nú, einnig og tíðkast hefir þegar engar sjerstakar líkur eru fyrir því að til þess þurfi að taka aftur bráðlega, heldur ákveður nefndin, ~~og~~ að hjúkrunarkonan og matreiðslukonan skuli fyrst um sinn vera áfram í húsinu og hafa allt þar til reiðu x til að taka á móti mönnum, sem kann að þurfa að setja í sóttkví vegna hinna fyrirskipuðu inflúensuvarna gagnvart útlöndum.

2. Sóttvarnarnefndinni er það hinsvegar ljóst, að sóttvarnarhús ríkisins er á engan hátt fullnægjandi til þess að nefndin geti verið viðbúin að taka við mörgum mönnum úr aðkomuskipum, sem kynni að þurfa að setja í sóttkví samkvæmt ~~þeirra~~ fyrirskipuðum inflúensusóttvörnum.

Vill nefndin því skora á heilbrigðisstjórn ríkisins, að gjöra ráðstafanir til,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að hæfilegt annað húsnæði með nægilegum húsbúnaði og tækjum verði til umráða ef með þyrfti til sóttkvíunar fólks úr aðkomuskipunum, enda kveðst bæjarlæknir þegar hafa snúið sjer til heilbrigðisstjórnarinnar þessu viðvíkjandi.

Fundi slitið

[illegible] Hermannsson   Jón Ólafsson

Magnús Pjetursson

Ár 1927 fimtudaginn hinn 31. marz var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Lagt fram erindi frá Ágústu Lárusdóttur, um leyfi til að leigja Mjólkurfjelagi Reykjavíkur mjólkurbúð í húsinu nr. 38 A við Bragagötu. Með því að búð þessi fullnægir ákvæðum reglugjörðar um mjólkursölu, samþykkir heilbrigðisnefnd að mæla með því, að bæjarstjórn löggildi umrædda búð sem mjólkurbúð.
2. Lagt fram erindi frá Jóni Jónssyni, Bergstaðastræti 6 C, þar sem hann sækir um leyfi til að selja heima hjá sjer mjólk úr kúm sínum. Með því að húsakynni á tjeðum stað teljast fullnægjandi, samþykkir heilbrigðisnefndin að mæla með því, að honum verði leyfð heimasala á mjólk úr hans eigin kúm.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Lagt fram erindi frá Sambandi íslenskra samvinnufjelaga, dags. 8. f. m., þar sem óskað er samþykkis heilbrigðisnefndar á fyrirkomulagi og útbúnaði volgþrór ~~(sambandsins)~~ við garnahreinsunarstöðina við Rauðarárstíg. Útaf þessu vill heilbrigðisnefndin ~~samþykkja~~ leyfa volgþró þessa, þó með þessum skilyrðum, að svo lengi sem ekki er komið lokræsi frá ~~þrónni~~ garnahreinsunarstöðinni alla leið niður í sjó, ber sambandinu að annast ~~þau~~ hreinsun á óhreinindum, er koma frá ~~þrónni~~ ~~þessari~~ stöðinni í frárensli, eftir fyrirskipun heilbrigðisfulltrúa, svo og að reynist það að af þrónni stafi óheilnæmi eða óþægindi fyrir nágranna, að dómi heilbrigðisnefndar, verður sambandið að sætta sig við þær ráðstafanir, sem heilbrigðisnefndin kann að gjöra útaf því, og bera kostnað við þær ráðstafanir.

4. Lagt fram erindi frá Sveini Jóhannssyni kaupmanni, þar sem hann beiðist leyfis heilbrigðisnefndar til kjötsölu í búð í húsinu nr. 33 við Bergstaðastræti. Heilbrigðisnefndin veitir þetta leyfi.

Fundi slitið.

Jón Hermannsson Þórður Sveinsson

Jón H. Sigurðsson Ágúst Jósefsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927 þriðjudaginn hinn 7. júní var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Lagt fram brjef borgarstjóra, dags. 3. þ. m., þar sem því er skotið til heilbrigðisnefndar, hvort hún vilji samþykkja byggingu íbúðar- og gripahúss úr steinsteypu á nýbýlalandi Jóns Bergssonar í Sogamýri samkvæmt uppdrættinum, sem fylgdu tjeðu brjefi borgarstjóra. Heilbrigðisnefndin veitti samþykki sitt til umræddrar byggingar.
2. Lagt fram erindi frá Jóni Jónssyni, Hverfisgötu 68 A, dags. 12. f. m., um löggildingu mjólkurbúðar í tjeðu húsi. Með því að búð þessi fullnægir skilyrðum þeim er gilda um mjólkurbúðir, mælir heilbrigðisnefnd með löggildingu búðarinnar.
3. Lagt fram erindi frá Ólínu Kristjánsdóttur, dags. 3. þ. m., um löggilding á mjólkurbúð í húsinu nr. 14 við Frakkastíg. Með því að umrædd búð fullnægir ekki skilyrðum fyrir löggildingu mjólkurbúða, vill heilbrigðisnefndin ekki mæla með tjeðri umsókn um löggilding.

Fundi slitið

Kn. Hermannsson
Níels Jóhannesson
Sn. Kr. Sigurðsson
Þórður Sveinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927 mánudaginn hinn 4. júlí var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Lagt fram erindi landsímastjórans, dags. 22. f. m., þar sem hann kvartar yfir að skolpræsi, sem liggur niður Arnarhólstún frá samtals 14 húsum, sem standa við Hverfisgötu, Smiðjustíg, Lindargötu, Sölfhólsgötu og Skúlagötu, sje bilað. Ennfremur lögð fram skýrsla heilbrigðisfulltrúa, dags. 28. f. m., þar sem nánar er lýst hvernig ástatt er um skólpræsi þetta. Heilbrigðisnefndin samþykti að skora á veganefnd bæjarins að láta bæta lokræsi þetta á tryggilegan hátt nú þegar, ~~að~~ á kostnað húseigenda þeirra, er lokræsi þetta nota og tilgreindir er á framanumgetinni skýrslu heilbrigðisfulltrúa.

2. Lagt fram erindi frá Ögmundi Hanssyni, um óþrifnað á Grímsstaðaholti, svo og skýrsla og tillögur heilbrigðisfulltrúa um þetta mál. Heilbrigðisnefndin samþykti að skora á bæjarstjórn að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til að sama fyrirkomulagi verði komið á á Grímsstaðaholti um sorphreinsun og salernahreinsun svo og ~~frárenslu~~ skolpleiðslu, eins og í sjálfum bænum hjer.

3. ~~Lt~~ Lagt fram erindi frá Guðjóni Gísla-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sýni, um löggilding mjólkursölubúðar í nýju steinhúsi á lóðinni nr. 61 við Hverfisgötu. Heilbrigðisnefndin mælir með löggildingu þessari.

4. Lagt fram erindi frá Ólínu Kristjánsdóttur, Nýlendugötu 17, um löggilding mjólkursölubúðar í húsinu nr. 14 við Frakkastíg. Heilbrigðisnefndin mælir með því að búð þessi verði löggilt.

5. Útaf erindi frá Johannes Carl Klein, dags. 30. f.m., um kjötbúð í húsinu nr. 16 við Frakkastíg, leyfir Heilbrigðisnefndin, ~~leyfir~~ að kjötsala megi fara fram í búð þessari.

6. Útaf erindi frá Lárusi Lýðssyni, dags. 10. f.m., um kjötbúð í húsinu nr. 3 við Týsgötu, leyfir Heilbrigðisnefndin, ~~leyfir~~ að kjötsala megi fara fram í búð þessari.

7. Heilbrigðisnefndin felur heilbrigðisfulltrúa að athuga mjólkurstöðvar austanfjalls og undir með sjó, og taka þar sýnishorn af mjólkinni til rannsóknar á Rannsóknarstofu ríkisins.

Fundi slitið.

~~[illegible]~~ Þórður Sveinsson
Jón Sigurðsson Ágúst Jósefsson

Ár 1927 miðvikudaginn hinn 16. nóvember var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Lagt fram erindi frá Mjólkurfjelagi Reykjavíkur um löggildingu mjólkursölubúðar í húsinu nr. 38 við Framnesveg. Heilbrigðisnefndin mælir með því að bæjarstjórn löggildi búð þessa.
2. Lagt fram erindi frá Jóni Símonarsyni, Laugavegi 5, um löggilding mjólkursölubúðar í húsinu nr. 21 við Skólavörðustíg. Heilbrigðisnefndin mælir með að bæjarstjórn löggildi búð þessa.

~~3. Lagt fram erindi frá Guðrúnu Guðmundsdóttur, Þórsgötu 3 um löggilding mjólkursölubúðar í húsinu nr. 8 við Bookhuslý. Heilbrigðisnefndin mælir með því að bæjarstjórn löggildi~~

3. Lagt fram erindi frá kaupmanni Ólafi Jóhannessyni um löggilding mjólkurbúðar í húsinu nr. 79 við Laugaveg. Með því að búð þessi fullnægir ekki skilyrðunum ~~fyrir~~ um mjólkurbúðir, ~~er~~ verður ekki mælt með því, að búð þessi verði löggilt.

Fundi slitið.

Th. Hermannsson Jón Hj. Sigurðsson

Þórður Sveinsson Ágúst Jósefsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928 mánudaginn hinn 16. janúar var fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

1. Lagt fram erindi frá Guðrúnu Guðmundsdóttur, Þórsgötu 3, um mjólkurbúð í nýju húsi á Brekkustíg 8. Heilbrigðisnefndin leggur til að búð þessi verði löggilt sem mjólkursölubúð, með því skilyrði að veggir verði flísalagðir eftir nánari fyrirskipun heilbrigðisfulltrúa.
2. Lagt fram erindi frá Davíð Ólafssyni, Hverfisgötu 72, um mjólkurbúð í húsinu nr. 3 við Bröttugötu. Heilbrigðisnefndin mælir með því, að búð þessi verði löggilt sem mjólkursölubúð.
3. Lagt fram erindi frá Sigurði Björnssyni, Grettisgötu 38, um löggilding mjólkursölubúðar í nefndu húsi hans. Heilbrigðisnefnin mælir með löggildingu búðar þessarar.
4. Lagt fram erindi frá Herði Þórðarsyni og Stefáni Þórðarsyni, um mjólkurbúð í nýja húsi nr. 81 við Laugaveg. Heilbrigðisnefndin mælir með því að nefnd búð sje löggilt og að niðurfeld sje um leið löggilding á mjólkursölubúðinni í húsinu nr. 78 á Laugavegi.
5. Lagt fram erindi frá Guðmundi Halldórssyni um löggilding á mjólkursölubúð í nýja húsi, sem hann hefur reist við Rauðarárstíg við Laugaveg. Heilbrigðisnefndin mælir með því að búð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þetta verði löggilt sem mjólkursölubúð.

6. Lagt fram erindi frá Bjarna Eggertssyni um löggilding matsölubúðar í húsi Guðríðar Bramm á horni Klapparstígs og Njálsgötu. Heilbrigðisnefndin samþykkti búð þessa sem fullgilda matsölubúð.

Fundi slitið.

Þ. Hermannsson Þórður Sveinsson.
Jón Kr. Sigurðsson Ágúst Jósefsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur